FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi

**Skýrsla I**



Sindri Ellertsson Csillag
Ásta Hermannsdóttir
2012

Forsíðumyndin sýnir selstöðu Bjarnarhafnar á Seljum. Fyrir aftan glittir í Bæjarhól Selja (ljósm. SEC).

© Sindri Ellertsson Csillag og Ásta Hermannsdóttir, janúar 2012
Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi I.
Útgefandi: Fornleifafræðistofan
Útgáfustaður: Reykjavík
FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

## *Efnisyfirlit*

**1 Inngangur** 2
**2 Markmið** 3
**3 Fornleifaskráningin** 5
3.1 Þórsárdalssel í landi Hrísakots (13:1-9) 5
3.2 Svelgsársel neðra í landi Svelgsár (4:1-12) 8
3.3 Svelgsársel efra í landi Svelgsár (5:1-7) 11
3.4 Oddnýjarsel í Drápuhlíðarlandi (7:1-2) 13
3.5 Drápuhlíðarsel í Drápuhlíðarlandi (8:1-n) 15
3.6 Selskarðssel í landi Arnarstaða (9:1-2) 17
3.7 Helgusel í landi Borgarlands (12:1-4) 19
3.8 Seljabrekkur í Stykkishólmi (1:1-n) 21
3.9 Seley (16:1-8) 23
3.10 Hraundalssel í landi Gríshóls (14:1-6) 27
3.11 Staðarbakkasel í Gautsstaðagróf (15:1-4) 31
3.12 Selrústin, Kóngsbakkasel I (16:1-3) 32
3.13 Kóngsbakkasel II (18:1-3) 33
3.14 Kljársel 34
3.15 Berserkjahraunssel 35
3.16 Selstaða Hraunsfjarðar í Seljadal (3:1-5) 37
3.17 Selstaða Horns á Selvöllum (6:1-12) 41
3.18 Selstaða Bjarnarhafnar á Seljum (11:1-4) 44
3.19 Selstaða Bjarnarhafnar á Ámýrum (19:1-n) 47
3.20 Selstaða Akureyja við Selhóla í Bjarnarhafnarlandi (20:1-4) 48
**4 Prufuholur í Þórsárdal í landi Hrísakots** 51
4.1 Prufuhola 1 X192; Y213 52
4.2 Prufuhola 2 X111; Y207 54
4.3 Prufuhola 3 X103; Y203 55
4.4 C-14 greiningar 56
4.5 Samantekt 58
**5 Samantekt og umfjöllun** 60
5.1 Rústirnar 60
5.2 Selstaða eða býli 65
5.3 Staðsetning seljanna 67
5.4 Hugmyndir manna um seljabúskap 68
**6 Næstu skref** 77
**7 Heimildaskrá** 78
**8 Dagbók** 83
**9 Tæknilegar upplýsingar** 84
**10 Skrár** 85
10.1 Ljósmyndaskrá 86
10.2 Fundaskrá 89
10.3 Sýnaskrá 90
10.4 Fornleifaskrá 91

# I Inngangur

Á vordögum ársins 2010 voru höfundar á göngu í Þórsárdal í Helgafellssveit þar sem Þórsáin rennur niður úr litlu gljúfri. Undir snjódrífunni sáum við glitta í nokkrar rústir og sannfærðumst strax um að þarna væri fundin selstaða og kviknaði samstundis áhugi á að rannsaka hana frekar. Í kjölfarið fórum við að svipast um eftir fleiri selstöðum á svæðinu og kom þá í ljós að Guðbrandur Sigurðsson, bóndi, hreppstjóri og alþýðufræðimaður á Svelgsá í Helgafellssveit hafði á árum áður leitað uppi heimildir um selstöður í Helgafellssveit og ritað um þær grein í héraðsritið *Breiðfirðing.* Guðbrandur lauk greininni á þessum orðum (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:75-76):

> Hér er mikið þjóðfræðilegt verðmæti horfið í gleymskunnar djúp. Það er því ráð að spyrna við fótum og reyna að bjarga því, sem bjargað verður. Allar fremstu menningarþjóðir leggja kapp á það að vernda þjóðminjar sínar, stórar og smáar, og halda þeim í heiðri. Þær trúa því, að ef tengslin milli fortíðar og framtíðar eru afrækt, sé skammt til ófarnaðar. Það, sem hér þarf að gjöra, er þetta: Það á að skrásetja allar seltóftir í landinu. Gera nákvæma teikningu af þeim og ljósmynda þær.

Verkefnið „Seljabúskapur á norðanverðu Snæfellsnesi“ miðar að því að svara ákalli Guðbrands og bæði skrá og rannsaka seljabúskap á norðanverðu Snæfellsnesi. Fyrsti áfangi verkefnisins fór fram sumarið 2011 en þá voru tekin fyrir Helgafellssveit og Stykkishólmur en ráðgert er að næstu sumur muni rannsóknirnar færa sig vestur nesið.

Rannsóknirnar voru styrktar af Fornleifasjóði en vettvangsvinnan fór að mestu leyti fram dagana 20. júní - 8. júlí, en vegna sérstakra aðstæðna voru seinustu rústirnar þó ekki skráðar fyrr en í október. Við rannsóknirnar störfuðu fornleifafræðingarnir Sindri Ellertsson Csillag (MA) og Ásta Hermannsdóttir (BA). Kostunaraðilum, heimildamönnum, landeigendum og greiningaraðilum eru færðar hinar bestu þakkir fyrir góða samvinnu og viðkynningu. Sérstakar þakkir fá Norska húsið í Stykkishólmi fyrir veitta aðstöðu, Jörundur Svavarsson og Sif Matthíasdóttir, landeigendur í Hrísakoti, fyrir aðstoð við að koma búnaði á uppgraftarstað og áhuga á verkefninu sem og Hermann Guðmundsson fyrir aðstoð við að koma fornleifafræðingum og búnaði út í Seley frá Stykkishólmi. Fornleifasjóði eru einnig færðar sérstakar þakkir fyrir stuðninginn.

# 2 Markmið

Langtíma markmið verkefnisins er að rannsaka selstöður á norðanverðu Snæfellsnesi og má í stuttu máli má lýsa því svo: Í fyrsta lagi að kanna allar meintar selstöður á vettvangi og skrá þær fornleifar sem þar kunna að vera og í öðru lagi að rannsaka valdar selstöður með uppgreftri til að fá gleggri mynd af aldri þeirra og notkun.




**Mynd 1.** Yfirlit yfir allar selstöður sem skráðar voru sumarið 2011 og heimabæi þeirra. Selstöðurnar eru merktar með stjörnu en heimabæirnir með kassa. Selstöður bera sama lit og meintur heimabær þeirra (Heimild: *Kortabók* 2009-2010:6).

Í skráningarhluta verkefnisins verður lögð áhersla á að kanna fjarlægðir selstaða frá heimabæ, hvaða ástæður hafa hugsanlega legið að baki staðarvalinu, t.d. einhver sérstök aðföng, og hvort greina megi einhverjar meginlínur á formum og fjölda húsa í selstöðunum og hvaða ályktanir megi draga af þeim. Uppgraftarhluti verkefnisins er í fyrstu miðaður að því að grafa prufuholur í nokkrar selstöður til að fá nánari vitneskju um aldur þeirra en einnig til að grennslast fyrir um mögulega notkun þeirra, þ.e. hvað fengist var við í viðkomandi seli. Á dagskránni seinna meir er einnig að rannsaka einhverja selstöðu eða einstök hús í heild sinni með uppgreftri, fáist til þess fjármagn.

Markmið sumarins 2011 og fyrsti áfangi verkefnisins miðaðist að skráningu selstaða í Helgafellssveit og Stykkishólmi en samkvæmt gamalli hefð á Snæfellsnesið upphaf sitt að austanverðu á landamerkjum Narfeyrar og Kársstaða í austanverðum Álftafirði. Eftir því sem verkefninu vindur fram næstu misserin stendur til að færa verkefnið vestur eftir nesinu. Sumarið 2011 voru alls kannaðar 19 meintar selstöður í Helgafellssveit og Stykkishólmi á vettvangi. Flestar selstaðanna eru nefndar í heimildum en þær elstu ná allt aftur á 13. öld. Ein selstaðanna var jafnframt könnuð með uppgreftri, selstaða í landi Hrísakots í Þórsárdal, þar sem grafnar voru þrjár prufuholur með því markmiði að finna viðarkolasýni til aldursgreiningar.

Í umfjölluninni hér á eftir verður fjallað um allar þær selstöður sem kannaðar voru. Byrjað verður austast í Helgafellssveit en síðan haldið sem leið liggur vestur, með smá útúrdúrum þó. Flestar selstöðurnar voru á sínum tíma umfjöllunarefni Guðbrands Sigurðssonar frá Svelgsá í grein hans „Séð upp til selja“ (Guðbrandur Sigurðsson 1957a). Reyndist sú grein ómetanleg heimild þegar kom að því að staðsetja selstöðurnar og rústir þeirra, þó svo greinilegt sé að Guðbrandur hafi ekki komið sjálfur á alla staðina. Næmni Guðbrands fyrir viðfangsefninu er aðdáunarverð og á köflum með ólíkindum að hér sé um ófaglærðan mann að ræða. Einnig var stuðst við athuganir Þorleifs Jóhannessonar um fornleifar í Helgafellssveit (Þorleifur Jóhannesson 1927; 1940) og skráningu á örnefnum eftir Árna Thorlacius (Árni Thorlacius 1861) auk fleiri annarra rita og greina. Í umfjölluninni hefur verið reynt að halda þeim nöfnum sem selin virðast ganga undir, t.d. Helgusel og Oddnýjarsel, en í sumum tilvikum hafa þeim verið gefin ný nöfn. Þá hefur verið farin sú leið að notast við staðsetningu þeirra eða að nefna selin eftir því í land hvaða bæjar þau standa. Tölurnar sem standa aftan við hverja selstöðu vísa til númera í fornleifaskrá en hún birtist sem viðauki við þessa skýrslu (kafli 10:4). Númerakerfið byggir á fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar en þar fá allir fornleifastaðir innan hvers sveitarfélags hlaupandi yfirnúmer en einstakar fornleifar fá sérstakt undirnúmer. Gjarnan má líta á fornleifar undir sama yfirnúmeri sem eina heild, í þessu tilviki einstakar selstöður.

# 3 Fornleifaskráningin

## 3.1 Þórsárdalssel í landi Hrísakots (13:1-9)

Selstaðan er staðsett í landi Hrísakots, nokkuð langt inni í Þórsárdal, og hefur beitarland selstöðunnar líklega verið allur innri hluti Þórsárdals austan Þórsár og einhver hluti Úlfarsfellsháls en þar eru bæði góðir beitarhagar og lítið stöðuvatn. Rústir selstöðunnar standa á litlum grasbala fast upp við Þórsána sem opnast til norðurs þar sem áin fellur úr nokkuð þröngu gili. Þórsá afmarkar selstöðuna að vestanverðu en rústirnar kúra allar upp við brekkurætur þar sem Úlfarsfellshálsinn gengur niður að ánni. Lítill lækur rennur niður af Úlfarsfellshálsinum og sameinast Þórsánni þar sem selstaðan stendur.

Alls voru skráðar níu rústir í selstöðunni. Þessar níu rústir dreifðust á tvö svæði, hið syðra og hið nyrðra. Svæðunum skiptir lítill ás en aðeins er um nokkurra metra breið geil meðfram ásnum og að Þórsánni. Rústirnar á norðursvæðinu eru fimm talsins (13:1-5) en alls eru fjórar (13:6-9) rústir á syðra svæðinu.




**Mynd 2.** Yfirlit yfir selstöðuna Þórsárdalssel. Rústirnar hægra megin á myndinni mynda saman eldri kynslóð selstöðunnar en þær sem eru vinstra megin þá yngri.

Rústirnar tilheyra líklega tveimur kynslóðum selja. Önnur þeirra samanstendur af rústunum á norðursvæðinu og er hún líklega yngri. Rústin sem líklega hefur verið íveruhús er rúst 13:1, hún er stærst rústanna á þessu svæði 8,5x5 m að stærð.[1] Rústir 13:2-3, sem eru 5,5x4 m og 5,5x2,5 m að stærð, eru líklega geymslu- eða vinnsluhús af einhverju tagi. Rústirnar tvær hafa hugsanlega verið sambyggðar en óvíst er hvort svo hafi verið. Eitt skepnuhús virðist hafa tilheyrt þessari kynslóð selstöðunnar en það er skeifulaga rúst (13:5) 5,5x4 m að stærð en einnig kemur til greina að um sé að ræða

[1] Þegar greint er frá stærðum skráðra fornleifa í texta er ávallt miðað við utanmál nema annað sé tekið fram.

vinnsluhús af einhverjum toga. Seinasta rústin sem tilheyrt hefur þessari kynslóð rústarinnar er rúst 13:4, 3,5x3 m að stærð, en hún liggur beint fyrir norðan rúst 13:1 og er í beinu framhaldi af henni. Líklegasta skýringin er að þetta hafi verið rusla- eða öskuhaugur, þó svo hann standi e.t.v. grunsamlega nálægt íveruhúsinu.

Eldri kynslóð selstöðunnar hefur samanstaðið af rústum 13:6-9. Stærsta rústin (13:9) hefur líklega verið sambyggt íveruhús og geymslu- eða skepnuhús, 10x7 m að stærð. Stærra rýmið, 7,5x3 m að stærð að innanmáli, hefur að öllum líkindum verið skepnuhúsið en hitt rýmið verið mannabústaður, 4,5x2,5 m að stærð að innanmáli. Rúst 13:8 sem er þar skammt hjá hefur líklega verið vinnslu- eða geymsluhús og mældist það 7x5 m að stærð. Hugsanlega var áfast þessari rúst annað rými en óljóst mótar fyrir veggjum þar. Rúst 13:7 sem liggur alveg niðri við ána hefur líklega verið skepnuhús, mögulega kvíar, en féð hefur þá verið rekið niður af Úlfarsfellshálsinum meðfram litla læknum og niður í kvíarnar. Seinasta rústin sem tilheyrt hefur þessari kynslóð selstöðunnar er rúst 13:6 en það eru líklega aðrar kvíar, 8x8 m að stærð. Mögulegt er að þessi rúst hafi tilheyrt báðum kynslóðum selstöðunnar. Staðsetning kvíarústarinnar er þannig að mjög auðvelt hefur verið að reka inn í rústina þar sem klettaásinn myndar einskonar flöskuháls fyrir framan rústina en Þórsáin og lækurinn hafa einnig auðveldað innreksturinn.

Fjölmargar ástæður geta verið fyrir því að selstaða hefur verið sett niður á þessum stað. Beitarlönd selstöðunnar eru góð en þau hafa verið beint norður og norðaustur af selinu, þ.e. á engjunum í botni Þórsárdals og uppi á Úlfarsfellshálsinum. Hugsanlega hefur þessum beitarlöndum verið skipt eftir kynslóðum selstöðunnar þannig að hin eldri hafi aðallega nýtt beitarlandið uppi á Úlfarsfellshálsi en sú yngri hafi nýtt beitarlandið inni í Þórsárdalnum. Fyrir utan beitarlandið er líklegt að á einhverjum tímapunkti hafi þetta svæði verið vaxið skógi sem selstaðan hefur sennilega haft nokkur nyt af. Sem dæmi má nefna að í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (eftirleiðis kölluð *Jarðabókin*) er nefnt að Hrísar eigi skóg til kola og eldiviðar en þannig hefur því leklega verið háttað frá fornu fari (*JÁP* 1931-33:313). Þá er einnig fræg frásögn í *Eyrbyggju* af þrætum Arnkels Goða og Þórólfs Bægifótar um Krákunesskóg, en Krákunes liggur fram af Úlfarsfelli (*Eyrbyggja saga* 1971:82). Í Þórsárdalnum er einnig dálítið mýrasvæði sem bersýnilega er ríkt af járni og því alls ekki loku fyrir það skotið að járnvinnsla hafi verið stunduð í Þórsárdalsseli.



**Myndir 3-4.** Til vinstri má sjá rúst 3:11 sem líklega hefur tilheyrt eldri kynslóð selstöðunnar (Ljósm. SEC). Til hægri má sjá yfirlit yfir yngri kynslóð selstöðunnar og rúst 3:1 fyrir miðju (Ljósm. SEC).

Túlkun á aldri selstöðunnar og líklegum heimabæ hennar helst nokkurn veginn í hendur hvort við annað. Samkvæmt *Eyrbyggju* hafa til forna verið í Þórsárdal tveir bæir sem fljótlega hafa lagst í eyði, Hvammur og Spá-Gilsstaðir (*Eyrbyggja saga* 1971). Hvammur hefur löngum verið talinn liggja undir rústum yngri beitarhúsa, svo sem algengt er með gömul bæjarstæði. Hins vegar virðist fátt benda til þess að beitarhús þau sem standa undir hlíðum Úlfarsfells geymi fornar bæjarleifar. Í grein sinni um eyðibýli í Helgafellssveit taldi Guðbrandur Sigurðsson frá Svelgsá sig ekki sjá neinar verulegar bæjarrústir þar sem hið meinta bæjarstæði Hvamms á að hafa verið. Hann taldi þó mögulegt að Hvammur hafi staðið á umræddum stað en að lítill lækur sem rennur þar skammt frá hafi náð að granda bæjarstæðinu (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:47).

Sigurður Vigfússon, fornfræðingur, giskaði á að Spá-Gilsstaðir hefðu staðið beint á móti Hvammi, vestan Þórsárinnar (*Byggðir Snæfellsness* 1977:443). Þessu var Guðbrandur ósammála og sagði að á umræddum stað hafi aldrei sést til rústa heldur væru þar aðeins eðlilegar þúfur (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:47). Þess í stað taldi Guðbrandur að Spá-Gilsstaðir hefðu staðið nokkru norðar en hafi fyrir löngu lent undir jarðýtu þegar verið var að slétta tún (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:47). Hvort þessir bæir hafi yfir höfuð verið til skal ósagt látið hér en hafi svo verið eru þeir þó ekki líklegir heimabæir selstöðunnar í Þórsárdal. Samkvæmt venju eiga þeir að hafa farið í eyði tiltölulega snemma en á vettvangi var talið útilokað að rústir selstöðunnar væru mjög fornar, þ.e.a.s. frá söguöld. Virðist þá vart koma annað til greina en að selið í Þórsárdal hafi tilheyrt Hrísum. Þess ber þó að geta að Hrísar eru alls ekki ungt bæjarstæði. Í kirknaskrá Páls biskups yfir kirkjur í Skálholtsumdæmi segir að kirkja sé á Hrísum en

skráin er frá því um 1200 (*Íslenzkt fornbréfasafn* XII). Ljóst er því að þegar á 13. öld er nægilega stöndugt býli á Hrísum til að standa undir kirkju.

Hvað aldur selstöðunnar varðar er, eins og áður sagði, nánast útilokað að þær séu mjög fornar. Ágiskun höfunda er að eldri kynslóðin sé mögulega frá 15. öld og sú yngri varla yngri en frá 18. öld þar sem engin selstaða er nefnd frá Hrísum í *Jarðabókinni* (*JÁP* 1931-33:313). Prufuholur voru grafnar í þrjár rústanna, í rústir 13:1, 13:8 og 13:9 en þeim verða gerð frekari skil í sérstökum kafla hér á eftir (kafli 4) sem og niðurstöðum á aldursgreiningum á viðarkolum sem fundust þar.

Forvitnilegt atriði varðandi selið í Þórsárdal er að það hefur legið nánast í alfaraleið sem lá að fornu fari framhjá Hrísum, upp á Úlfarsfellsháls og inn að Örlygsstöðum. Þessa sömu leið er Snorri Goði sagður hafa farið í *Eyrbyggju* innan úr Álftafirði: „Snorri Goði reið upp um háls [þ.e. Úlfarsfellsháls] og svo til Drápuhlíðar…“ (*Eyrbyggja saga* 1971:50). Fjarlægð selstöðunnar frá heimabæ hefur verið rétt um 2 km sé mælt í beinni loftlínu.

### *3.2 Svelgsársel neðra í landi Svelgsár (4:1-12)*

Svelgsársel neðra er staðsett í norðnorðvesturjaðri Svelgsárhrauns, við munna Svelgsárdals, sunnan við Selás. Helsta kennileitið sem blasir við eru hlíðar Drápuhlíðarfjalls, en upp að þeim til norðvesturs eru grassléttur. Selstaðan er í hvilft inn í hraunið sunnan við Hraunlæk sem var lítið annað en spræna þegar selið var skoðað á vettvangi í júní 2010. Hvilftin sem selið er staðsett í er um 40x53 m að stærð og er breiðust fremst, næst læknum, en mjókkar inn í hraunið. Fornleifar 4:2-10 eru í hvilftinni sjálfri en ein rúst (4:1), sem líklega er heytóft, var skráð um 330 norður af selstöðunni. Einnig var skráð garðlag (4:12), rétt vestan við hvilftarmunnann. Upp úr botni hvilftarinnar gengur svokölluð Selgata og var byrjun hennar einnig könnuð og skráð. Hvilftin er slétt, grasivaxin flöt en við brúnir hraunsins vex mikið af berjalyngi og mosa.

Alls voru skráðar 12 fornleifar sem taldar voru tengjast selstöðunni. Aðeins tvær rústanna virðast líklegar til að hafa verið íveruhús, annars vegar kemur til greina einföld rúst (rúst 4:2) 6x5 m að stærð og hins vegar tvöföld rúst (4:3) 9x7,2 m að stærð. Rústir þessar hafa verið gerðar úr blöndu af torfi og grjóti en aðrar rústir á svæðinu eru mestmegnis úr grjóti, enda mjög stutt að sækja ákjósanlegt hraungrýti. Hugsanlegt er þessar rústir tvær hafi verið sambyggðar og fjórða rýmið hafi verið á milli veggja þeirra



**Mynd 5.** Yfirlitsmynd af rústum í Svelgsárseli neðra. Efst í horninu til vinstri má sjá líkleg íveruhús (rústir 4:2-3). Grjóthlaðna rústin fyrir miðju er líklega yngri en selstaðan (Ljósm. SEC).

en eins getur verið að lítil þúst sem virðist vera að húsabaki hafi verið öskuhaugur. Aðrar rústir selstöðunnar hafa líklega verið geymslu-, vinnslu- eða skepnuhús. Rúst 4:5 hefur líklega verið einhvers konar geymsla eða lítið vinnsluhús, um 4x4 m að stærð. Rústin er byggð utan í hraunjaðarinn, þ.e. hraunjaðarinn myndar einn veggja hennar að því er virðist. Rústir 4:4, 4:7 og 4:8 eru allar keimlíkar, byggðar fast upp við hraunjaðarinn en í öllum rústunum myndar hraunið einn langveggjanna. Þær eru 8,4x4 m, 14x8 m og 5x3 m að stærð. Líklega hefur verið um að ræða skepnuhús í öllum tilvikum. Rúst 4:4 er þó forvitnileg fyrir þær sakir að hún er mun sokknari heldur en aðrar rústir á svæðinu og gæti því mögulega verið eldri. Hér er því smá vísbending um að kynslóðir selstöðunnar hafi verið a.m.k. tvær. Önnur rúst sem gæti tilheyrt þessari meintu eldri kynslóð selstöðunnar er rúst 4:10.

Rúst 4:10 er 4x2,5 m að stærð og að öllu leyti mjög áþekk rúst 4:5 og hefur líklega verið lítið geymslu- eða vinnsluhús. Önnur rúst er þar skammt hjá (4:9), tvöföld kvíarúst 11x6 m að stærð, hlaðin úr hraungrýti. Rústin er greinilega mun yngri en aðrar rústir á svæðinu og væntanlega til komin eftir að hætt var að nota selstöðuna.

Garðlag liggur nokkurn veginn beint fyrir munna hvilftarinnar sem selið er staðsett í og gengur garðlagið niður að ánni. Garðlagið var skráð sem fornleifar 4:12. Líklega hefur garðlagið verið reist til að auðvelda innrekstur af beitarlandinu handan árinnar og inn í hvilftina að selinu. Nokkuð fyrir utan selið sjálft, um 300 m norður af selstöðunni, er áðurnefnd hringlaga heytóft 11x11m að stærð. Heytóftin hefur mögulega verið notuð á meðan haft var í seli, en söfnun vetrarfóðurs hefur þá verið eitt af þeim verkum sem unnið var í selinu, ellegar er heytóftin yngri en selið sjálft, hugsanlega samtíða ungu grjóthlöðnu rústinni (4:9). Að seinustu skal nefna fornleifar 4:11 en það er Selgatan sem liggur upp úr hraunbollanum og í gegnum hraunið og endar í svokölluðum Nátthaga, vestan við Svelgsárhraun.




**Myndir 6-7.** Til vinstri: yfirlitsteikning af rústum í Svelgsárseli neðra. Til vinstri: vel gróin rás í hraunið sem mögulega hefur verið nýtt sem kvíar (Ljósm. SEC).

Auk þessara rústa voru skráðar tvær náttúrumyndanir (4:7) sem geta hæglega hafa verið notaðar sem kvíar. Um er að ræða tvær sprungur sem ganga út frá selstöðunni, inn í hraunið, og eru þær um 20 m á lengd hvor um sig. Ekki eru þó nein sýnileg mannaverk í eða við sprungurnar en hugsanlega hefur grjót verið hreinsað úr þeim.

Ástæðurnar sem legið hafa að baki þeirri ákvörðun að setja selið niður á þessum stað eru fyrst og fremst góðir beitarhagar á sléttlendinu norðan við selstöðuna, handan árinnar. Ekki er að sjá að eftir öðrum aðföngum hafi verið að slægjast nema ef ske kynni að vetrarheyi hafi verið safnað. Rústirnar sem fundust í selinu benda jafnframt til þess að fjöldi skepna sem hægt var að hafa í kvíum í einu hafi verið töluverður.

Guðbrandur frá Svelgsá taldi ekki vera neinn vafa á því að selið hafi verið frá Svelgsá enda selið alla jafna kallað Svelgsársel (Guðbrandur Sigurðsson 1957a). Svelgsá er nefnd á einum stað í *Eyrbyggju* þar sem Arnkell eltir uppi menn Snorra Goða sem fóru

að sækja við út í Krákunesskóg: „… hann tók vopn sín og reið eftir þeim og gat farið þá út frá Svelgsá, milli og Hóla, og þegar hann kemur eftir þeim, hljóp Haukur af baki og lagði til Arnkels með spjóti“ (*Eyrbyggja saga* 1971:86). Hér á sagan þó líklega ekki við býlin Svelgsá og Hóla heldur aðeins landfræðilegu fyrirbærin Svelgsá og hólanna fyrir ofan býlið Hóla. Þeir bæir aðrir sem hugsanlega kæmu til greina sem heimabæir selsins eru Brennistaðir, sem staðsettir eru utan í Drápuhlíðarfjallinu austanverðu, og óþekkt eyðibýli sem staðsett er suðvestan undir Svelgsárborginni en þær minjar eru friðlýstar (Ágúst Georgsson 1990:28). Báðir þessir bæjir virðast þó hafa farið snemma í eyði og eru þeir því ekki líklegir heimabæjir selstöðunnar nema aldur hennar sé verulega forn. Mat höfunda er þó að selstaðan sé ekki mikið eldri en frá því um 1600, þó svo verið geti að selstaðan eigi sér aðra kynslóð eldri (sjá umfjöllun um Svelgsársel efra). Selstaðan er þó a.m.k. ekki yngri en frá því um 1700 því í *Jarðabókinni* stendur að Svelgsá hafi átt selstöðu en hún sé ekki í notkun (*JÁP* 1931-33:314). Virðist því vera líklegast, miðað við aldur selstöðunnar þarna, að heimabær selsins hafi verið Svelgsá. Því hefur verið talsverður spölur að fara því um 2,5 km eru á milli Svelgsár og selsins.

### *3.3 Svelgsársel efra í landi Svelgsár (5:1-7)*

Svelgsársel efra er staðsett innst í Svelgsárdal, um 380 m vestsuðvestan við Svelgsársel neðra. Hraunlækur, sá sami og rennur fram hjá Svelgsárseli neðra, rennur spölkorn norðan við selstöðuna. Hraunið næst selstöðunni er afar vel gróið en úfnar strýtur standa upp úr hér og hvar og hár hraunbakkinn gnæfir yfir.

Rústirnar hér, sjö talsins, eru nokkuð jafnt dreifðar yfir svæði sem er um 60x30 m að stærð. Rústasvæðið er aflangt og óreglulegt og í raun virkar það ekki líkt og heildstætt svæði þótt ósennilegt sé annað en að rústirnar myndi allar saman eina heild. Rústirnar eru mjög sokknar og getur reynst erfitt að koma á þær auga í fyrstu. Rústirnar eru allar úr grjóti að mestu eða öllu leyti þótt það sjáist ekki alltaf fyrir gróðri. Svæðið er allt gróið mosa og lyngi en rústirnar skera sig ekki úr hvað gróður snertir. Aðalrúst selstöðunnar (5:3), þ.e. sú sem líklega er íverurúst, er löng rúst sem skiptist í þrjú rými. Tvö stærri rýmin eru 4,4x2 og 3x3 m að innanmáli en hið þriðja og minnsta er um 1x1 m. Líklega er hér um að ræða íveruhús og vinnsluhús eða geymslur. Fast aftan við þessa rúst er önnur lítil hringlaga rúst (5:4), 3x3 m að stærð, sem líklega hefur verið einhvers konar geymsla þótt erfitt sé að segja nokkuð til um hlutverk hennar. Nokkuð sunnar er önnur rúst (5:5).




**Myndir 8-9.** Til vinstri: yfirlitsteikning af rústum í Svelgsárseli neðra. Til hægri: fyrir miðri mynd er rúst 5:3 en er mjög ógreinileg (Ljósm. SEC).

Hún er að miklu leyti djúpur, náttúrulegur hraunbolli og mun lægri að innan- en utanverðu. Rústin er um 7,2x4 m og eru dyr á annarri skammhliðinni. Annaðhvort hefur þessi rúst verið kvíarúst eða búr. Er seinni túlkununin einkum byggð á því hversu djúp rústin er og ætti hún því að haldast kaldari ærð. Þriðju mögulegu kvíarnar eru dálítið austar (5:6) 8x3 m, hlaðnar upp við stóran stein sem myndar gafl rústarinnar.

Tvær aðrar rústir til viðbótar voru skráðar í selstöðunni. Önnur þeirra (5:1) er lítið gerði, 8x4 m, sem hlaðið hefur verið utan í stóran stein. Rústin er þó öll hin ógreinilegasta og gæti þar að auki verið eitthvað yngri en selstaðan. Hin rústin (5:7) er gerði eða rétt sem afmarkar svæði sem mælist um 8x6 m að innanmáli. Réttin er, líkt og gerðið, hlaðið utan í stóra hraundranga sem standa uppúr hrauninu. Hraunjaðarinn austan og norðaustan við réttina er nokkuð hár og myndar líkt og garð sem mögulega hefur hjálpað við innrekstur. Á sínum tíma taldi Guðbrandur frá Svelgsá að garðurinn væri hlaðið mannvirki (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:68) en svo mun þó ekki vera. Garðurinn, ef garð skyldi kalla, er náttúrumyndun.

Það sama má segja um þessa selstöðu og hina neðri að aðalástæða þess að selið var sett niður á þessum stað eru góðir beitarhagar á sléttlendinu norðan við selstöðuna, handan árinnar. Fjöldi þeirra rústa sem túlka má sem skepnuhús eða aðhöld benda enn fremur til þess að hér hafi aðaláherslan verið sumarbeit með mjólkurám. Líklega er þessi selstaða eldri forveri neðri selstöðunnar. Erfitt er að meta nákvæmlega aldur hennar en miðað við hversu sokknar og illgreinanlegar rústirnar eru má segja að þær séu a.m.k. ekki yngri en frá því um 1500. Þegar spurt er hvaða bær hefur haft hér selstöðu koma upp sömu möguleikar og fyrir neðri selstöðuna. Aldurinn gæti þó bent til þess að annaðhvort

hið óþekkta eyðibýli undir Svelgsárborginni eða Brennistaðir hafi haft hér selstöðu en um það eru þó engar heimildir. Hafi svo verið hefur vegalengd í beinni loftlínu frá heimabæ að selstöðunni verið um 1,7 km að Brennistöðum en tæplega 2 km að hinu óþekkta eyðibýli. Hafi Svelgsá haft hér í seli mun leiðin hafa verið aðeins lengri eða um 2,9 km.

### *3.4 Oddnýjarsel í Drápuhlíðarlandi (7:1-2)*

Selstaðan liggur í brekku vestan í suðurenda Þorleifsstaðaholts en aðalrústin á litlum grasbala. Neðan (norðvestan) við selstöðuna er dálítill mói en síðan tekur við mýri og ofan (suðaustan) við hana er lyng- og kjarri gróin brekka upp að klettasnös. Enginn lækur rennur í nágrenninu en nokkurn spotta norðaustan við selstöðuna er lítið vatn.

Einungis fannst ein rúst (7:1) hér auk meintrar kolagrafar (7:2), en skógur er sagður hafa verið í brekkum Seljafells sem blasir við spölkorn suðvestur frá selinu. Beitarlönd selsins gætu hafa náð út í mýrina framan við það og jafnvel upp í Vatnsdal við Drápuhlíðarfjall. Töluverð leit var gerð að fleiri rústum en engar fundust og eru aðrar rústir á svæðinu, ef einhverjar eru/voru, að öllum líkindum horfnar í kjarr eða í mýrina. Skammt frá selstöðunni hefur byggst upp sumarbústaðabyggð. Selstöðunni stafar ekki ógn af umræddri byggð nema að hún taki að stækka og breiða úr sér. Þó er alltaf möguleiki á því að einhver rúst eða rústir, sem nú sést hvergi móta fyrir, hafi orðið sumarbústaðabyggðinni eða veginum sem henni fylgir að bráð. Rústin sem skráð var mun að öllum líkindum hafa verið aðalrústin á svæðinu, þ.e. íveruhúsið. Rústin er 19x7 m að stærð og skiptist í fjögur rými, a-d. Ekki fundust aðrar rústir á svæðinu ef frá er talin áðurnefnd meint kolagröf (7:2). Ekki er um annað að ræða en dálitinn niðurgröft sem er á að giska um 2x1,5 m að stærð og grafinn um 1 m niður í jörðina. Í *Eyrbyggju* segir frá því að Vigfús í Drápuhlíð hafi farið með þræla sína þrjá þar sem heita Seljabrekkur, og er skammt frá Oddnýjarseli, til kolagerðar. Kolagerð á þessu svæði hefur því ekki verið talin óhugsandi (*Eyrbyggja saga* 1971:58). Þess má til gamans geta að árið 1882 var rannsökuð meint rauðablásturstóft á Saurum þar sem fundust 2470 gr. blástursjárnsklumpur og töng sem nú er geymd á Þjóðminjasafni Íslands (Sigurður Vigfússon 1882:100; *Sarpur*). Því er e.t.v. ekki úr lausu lofti gripið að halda því fram að kolagjörð í seli hafi verið hluti af járnvinnslunni sem fór fram á Saurum.

Guðbrandur Sigurðsson sá rústir sem hann taldi vera kvíarústir hlaðnar úr grjóti um 80 m í landsuður (þ.e. austur) frá selinu, undir litlu hamrakasti (Guðbrandur

Sigurðsson 1957a:69). Þá þegar voru þessar kvíarústir ill greinanlegar. Gerð var nokkur leit að þeim nú en þær fundust ekki. Sennilegt má því telja að hafi hér verið einhverjar rústir séu þær nú gersamlega sokknar í mýrina eða horfnar í kjarr.

Engin sérstök aðföng önnur en beitarhagar og mögulegar slægjur virðast hafa legið því til grundvallar að selinu var fundinn staður hér ef frá er talið skógarhögg og kolagjörð. Upp af Seljabrekkum sem eru norðantil í Skálafelli, skammt frá, er lítill grösugur dalur með vatni sem heitir Vatnsdalur. Líklegt er að beitarland selstöðunnar hafi að einhverju leyti verið í Vatnsdalnum, þar eru þó engar fornleifar aðrar en unglegur



**Mynd 10.** Rúst 7:1 í Oddnýjarseli (Ljósm. SEC).

stekkur sem er á að giska frá 19. öld. Forvitni vekur að ekki er í næsta nágrenni við selið lækur eða spræna með vatni í og svo var ekki heldur að sjá að þar hafi áður runnið lækir sem nú eru uppþornaðir. Hugsanlega hefur því seljabúskapurinn verði með öðru sniði hér heldur en annars staðar þar sem nálægð við rennandi vatn var nauðsynleg til að hægt væri að þrífa áhöld sem notuð voru við mjólkurvinnslu. Hafa verður þó þann vara á að mýrarnar í kring, sem og kjarrið, geta hafa gleypt rústir, líkt og kvíar þær sem Guðbrandur náði með herkjum að greina um miðja 20. öldina en fleiri slíkar rústir myndu hafa áhrif á ofangreinda túlkun.

Ástand aðalrústarinnar virðist benda til þess að um nokkuð fornt sel sé að ræða. Guðbrandur Sigurðsson taldi að þó svo selið sé staðsett í Drápuhlíðarlandi hafi það tilheyrt Saurum og vitnar til landamerkjabréfs Helgafells frá árinu 1250 þar sem segir: „Meðr saura landi er manaðar beit í hliðar land. viij [8] kum ok. Lxxx [80] asauðar. ok skal sitia at, upp um seliabrun. ok um vatzdal, til gotu þeirrar er upp liggr i hals“ (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:577). Ólíklegt er þó að rúst sú sem skráð var sé frá tíma landamerkjabréfsins. Hitt getur þó vel verið að selstaðan hafi verið frá Saurum. Í *Jarðabókinni* segir um Drápuhlíð: „Lambagöngu þykjast nokkrir heyrt hafa að Drápuhlíð eigi um sumar í Sauralandi, inn í nesinu á móti selstöðu sem Saurar skuli eiga í Drápuhlíðarlandi í Vatnsdalnum“ (*JÁP* 1931-33:326). Hér er væntanlega sama selstaða til umræðu og nefnd var í landamerkjabréfi Helgafells frá 13. öld. Sá munur virðist þó vera á þessi skiptasamningur milli Saura og Drápuhlíðar sé ekki lengur í gildi, þ.e. að ekkert sel sé lengur frá Saurum í Drápuhlíðarlandi (*JÁP* 1931-33:315). Mat höfunda er að selstaðan sem skráð var sé hin umtalaða selstaða Saura í Drápuhlíðarlandi. Selstaðan gæti í grunninn verið eins forn og landamerkjabréfið gefur til kynna en þær rústir sem nú eru sýnilegar þar eru þó líklega ekki svo gamlar. Rústirnar sem skráðar voru eru að mati höfunda frá því á 16. öld eða um það bil. Vegalengd frá selstöðu að heimabæ hefur verið um 1,3 km sé miðað við beina loftlínu.

### *3.5 Drápuhlíðarsel í Drápuhlíðarlandi (8:1-n)*

Um Drápuhlíðarsel eru ekki önnur vitni en örnefni (t.a.m. Selá) og grein Guðbrands Sigurðssonar þar sem segir: „Í skjólgóðum hvammi, þar sem Selá kemur niður úr þrengslunum, stóðu fornar selrústir, austan lækjarins. Nýlega settu vegagerðarmenn tjaldbúðir sínar niður á þessum stað, en við það umrót röskuðust selrústirnar svo, að þeirra sér nú þvínær engan stað“ (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:68). Miðað við staðarlýsingu Guðbrands getur nánast einungis verið um einn hvamm að ræða. Hvammurinn eða flötin sem meint selstaða hefur staðið á er slétt og grasi gróin en engin rúst er þar nú greinileg þó að stöku steinar stingist upp úr grassverðinum hér og þar. Seláin er vatnsmikil en eitthvað efni í vatninu litar steinana hvíta. Staðurinn sem um ræðir virðist hafa verið býsna hentugur fyrir sel. Ef hér hefur verið selstaða má þó einnig reikna með því að fleiri rústir aðrar hafi verið tengdar selstöðunni, s.s. kvíar, aðhald, geymslur o.þ.h. Gerð var nokkur leit að öðrum hugsanlegum rústum en engar fundust.

Mögulegt er að þær rústir hafi einnig skemmst við vegaframkvæmdirnar eða að þær hafi skemmst að völdum uppblásturs sem leikið hefur svæðið beint norðan hinnar meintu selstöðu afar illa. Þá er einnig mögulegt að þær séu nú horfnar undir trjárækt en í og við Selána hefur farið fram nokkuð umfangsmikil skógrækt síðastliðna áratugi, þar sem bæði hefur verið plantað trjám og lúpínu.

Þó svo engar fornleifar hafi fundist við hina meintu selstöðu þykir höfundum þó ekki tilefni til þess að draga frásagnir Guðbrands um að hér hafi eitt sinn verið greinilegar rústir í efa. Þar sem um 900 m eru á milli þessarar selstöðu og Oddnýjarsels er óvíst hvort um sé að ræða selstöður tveggja bæja eða tvær kynslóðir sömu selstöðunnar. Staðsetningin virðist ekki útiloka að selstaðan sé frá Saurum sem þá hafi nýtt sama beitarland og sagt var frá hér að ofan, þ.e. Seljabrekkurnar og Vatnsdalinn. Fjarlægð selstöðunnar frá bæ hefur þá verið tæplega 2 km. Hitt gæti þó verið allt eins líklegt, að selstaðan hafi tilheyrt Drápuhlíð, en þá hefur sellandið verið sunnanverður Vatnsdalur og/eða beitarlandið norður af selstöðunni út að hinu svokallaða Saurasíki. Það sem helst mælir þessu þó í mót er sú staðreynd að aðeins um rúmlega 650 m skilja að selstöðuna og heimabæinn sem er langt um minni fjarlægð heldur en á þeim stöðum sem fjallað hefur verið um til þessa. Það sem þó gæti skipt sköpum hér er hversu hátt til fjalla beitarhagar selstöðunnar hafa náð upp í Vatnsdalnum. Vel getur verið að sökum þess hversu gott beitarlandið þar hafi verið hafi ekki þurft að hafa selstöðuna lengra í burtu frá bæ heldur en raun ber vitni. Helsta ástæða þess þá fyrir Drápuhlíðarfólk að hafa í seli, þó þetta stutt frá bæ, gæti því hafa verið að koma kvikfénu út fyrir tún til þess að hægt væri að slá þau og leyfa þeim að gróa og grænka í friði.



**Mynd 11.** Líkleg staðsetning Drápuhlíðarsels (Ljósm. SEC).

Í grein sinni veltur Guðbrandur upp þeim möguleika að Drápuhlíð hafi átt selstöðu í Hraundal (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:69). Í landamerkjabréfi Helgafells frá árinu 1250 segir um landamerki Hlíðar og Helgafells: „þa ræðr laxa við hliðarmenn upp j hraundal. Þaðan ræðr a su er fellr firir austan hraun allt til eystra hrauns“ (*Íslenzkt*

*fornbréfasafn* I:576). Þar sem áin skiptir sér þegar upp í hraundal er komið og rennur bæði í dalnum austan- og vestanverðum má af þessu ráða að laxáin sem nefnd er hér hlýtur að vera Gríshólsá og eiga Hlíðarmenn þá land austan árinnar allt að Hraundalnum en ekki að honum meðtöldum. Þetta atriði skýrist þegar lesið er lengra í bréfinu. Þar segir: „J millum grisahvals ok selialand helgfellinga ræðr steinn hinn mikli. Ok þaðan sionhending til anna a tveggja vega“ (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:578). Steinn hinn mikli stendur fast suðvestan undir Gríshólnum en árnar sem átt er við munu væntanlega vera Bakkaá í vestri og Gríshólsá í austri. Helgafell mun því eiga seljaland sunnan við þessi landamerki, þ.e. undir Valabjörgum og inni í Hraundal vestanverðum. Því hefur Drápuhlíð ekki átt selstöðu í Hraundal. Hitt virðist mun líklegri skýring að Drápuhlíð og Saurar hafi skipt með sér seljalandi í Vatnsdal enda ætti þar að hafa verið nægileg beit fyrir tvær selstöður.

### *3.6 Selskarðssel í landi Arnarstaða (9:1-2)*

Selstaðan er staðsett í landi Arnarstaða í skarði á milli tveggja ása. Selstaðan liggur í smá halla utan í eystri ásnum en skarðið sjálft heitir Selskarð og dregur nafn sitt af selstöðunni. Norðan við selstöðuna er ágætis beitarland og mýri með smá tjörnum í. Landið þarna er mjög þýft og því er á köflum verulega erfitt að greina á milli þúfna og rústa. Skráðar voru tvær rústir í selstöðunni. Önnur þeirra, sem líklega hefur verið aðalrústin (9:1), mældist 12,8x6,8 m og skiptist í fjögur rými en hugsanlegt er að vestasti hluti þessarar rústar hafi skaddast eitthvað þegar rafmagn var leitt í jarðstreng í Selskarðinu. Hin rústin (9:2) var þar skammt hjá og mældist hún 11,5x6 m að stærð. Nákvæmt hlutverk hennar er óljóst en hún hefur mögulega verið einhvers konar aðhald.

Fleiri rústir kunna að vera á svæðinu en þær sem skráðar voru. Eins og áður kom fram var rafmagn leitt í jarðstreng rétt við norðurhluta svæðisins og gæti það hafa raskað minjunum. Selið er í nokkru skjóli og hafa vindstrengir því ekki náð að rjúfa jarðveginn í því eða við það þó svo að víða í kring megi sjá ummerki um uppblástur. Athygli vekur að enginn lækur rennur við selið og ekki sjást heldur nein ummerki um að þar sé uppþornaður árfarvegur. Hugsanlega bendir þetta til þess að starfsemin sem fór fram í þessu seli hafi verið að einhverju leyti frábrugðin því sem gerðist í seljum annars staðar á svæðinu, líkt og áður gat um Oddnýjarsel, en hér gæti einnig spilað inn í að aðeins fundust tvær rústir sem tilheyra selstöðunni. Hver þessi önnur starfsemi hefur verið er

ekki gott að segja því ekki virðast vera önnur aðföng á svæðinu en beitarland og hugsanlegar slægjur. Um 500 m suðvestan við selstöðuna er að finna yngri beitarhúsarúst (10:1). Hún var skráð en hefur líklega ekki tengst selstöðunni beint, en gæti þó verið dæmi um það hvernig landið sem eitt sinn tilheyrði selstöðunni var nýtt í seinni tíð.

Útlit rústanna í selstöðunni og ásigkomulag þeirra benda til þess að um frekar forna selstöðu sé að ræða. Selstaðan er í landi Arnarstaða en óvíst er hvort Arnarstaðir hafi verið heimabær selsins. Bein loftlína frá Arnarstöðum að selinu er aðeins um rétt rúmlega 750 m sem er minnsta vegalengd milli bæjar og selstöðu í Helgafellssveit ef frá er talin hin meinta selstaða Drápuhlíðar. Ekki er vitað með vissu hvenær Arnarstaðir byggjast upp sem sjálfstætt býli en þeir eru þó nefndir í Vilchinsmáldaga frá 1397 og eru þá í eigu Helgafellsklausturs (*Íslenzkt fornbréfasafn* III:326). Á 18. öld þegar *Jarðabókin* var tekin saman er jörðin komin í eigu kirkjunnar á Helgafelli en þar er þá tvíbýlt og er á öðru heimilinu átta manns en sjö á hinu (*JÁP* 1931-33:324). Hugsanlegt er að selstaðan sé til komin eftir að Arnarstaðir verða að sjálfstæðu býli á 14. öld en einnig kemur til greina að selstaðan sé eldri en Arnarstaðir. Mat höfunda, sé tekið mið af þekktum fornum eyðibýlum í sveitinni, er að selrústir þessar séu á meðal þeirra elstu sem kannaðar voru og jafnvel hugsanlegt að þær séu eldri en frá lokum 14. aldar. Höfundum þykir þó ekki líklegt að selstaða þessi hafi tilheyrt Arnarstöðum þó svo þeir hafi e.t.v. vera komnir í byggð þegar selstaðan byggðist upp.



**Mynd 12.** Yfirlitsteikning af rústum Selskarðssels.

Allar líkur eru á því að selstaðan hafi tilheyrt Hofsstöðum þar sem *Landnámabók* segir að Þórólfur Mostraskeggur hafi fyrstur manna numið land (*Íslendinga sögur* I:74). Hvort sem Þórólfur Mostraskeggur hafi hér haft í seli eður ei skal þó látið liggja á milli hluta en því verður vart neitað að Hofstaðir eru sennilega meðal elstu býla í Helgafellssveit og eru þeir nefndir í landamerkjalýsingu Helgafells frá árinu 1250 (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:578). Fjarlægð frá Hofsstöðum að selstöðunni í Selskarði er 1,5 km í beinni loftlínu en leiðin að selstöðunni hefur þó verið um tæplega 3 km því fara verður fyrir Hofsstaðavog að selinu.

### *3.7 Helgusel í landi Borgarlands (12:1-4)*

Í umfjöllun Guðbrands Sigurðssonar um sel í Helgafellssveit segir Guðbrandur um Helgusel í landi Borgarlands: „Þar sást glöggt fyrir fornum rústum til skamms tíma. Fyrir nokkrum áratugum var vegur lagður gegn um skarðið, og röskuðust rústirnar nokkuð við það. Enn sér þó lítið eitt fyrir þeim" (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:70). Staðsetning sú sem Guðbrandur gefur upp stendur nokkurn veginn heima en því fer fjarri að rústirnar séu skaddaðar af vegaframkvæmdum því þær eru í nokkuð góðu ásigkomulagi og gamli vegurinn liggur spölkorn norðan við rústirnar. Selstaðan er staðsett skammt vestan landamerkja Þingvalla og Borgarlands í skarði á milli tveggja ása. Skarðið er lítið og lágt þar sem ásarnir lækka niður að því. Skarðið sjálft er grasi gróið en þegar nær ásunum og upp á þá dregur er landið lyngi vaxið. Skarðið er þýft en ásarnir eru nokkuð grýttir en þó ágætlega grónir.



**Mynd 14.** Yfirlitsteikning af rústum Helgusels.

Alls voru skráðar fjórar rústir í selstöðunni (12:1-4). Aðalrústin á svæðinu er aflöng rúst 18x3 m að stærð og skiptist hún í þrjú rými, líklega íveruhús og vinnslurými eða geymslur. Önnur rúst er þar skammt hjá en hún er 6x5 m að utanmáli og líklega einhvers konar vinnslu- eða geymsluhús. Hinar tvær rústirnar sem skráðar voru eru báðar skepnhús, líklega kvíar. Önnur þeirra er byggð fast utan í náttúrulegan klettavegg og myndar klettaveggurinn annan gafl rústarinnar. Rústin er 5x3,5 m að stærð. Hin kvíarústin er tvöföld og eru rými hennar misstór. Annað er 4,2x1,6 m að innanmáli en hitt 9x1,6 m. Allar þessar rústir eru vel grónar en rúst 4 sker sig úr hvað varðar gróður enda nær eingöngu lyngi vaxin. Rústirnar eru allar nokkuð fornlegar að sjá og vel sokknar en þó allar gerðar úr blöndu af torfi og grjóti. Enginn lækur er í næsta nágrenni en smá sprænuómynd er spöl neðar, við gamla veginn/leiðina. Lítið virðist vera um beitarhaga í nánd við selið, nema þá helst til suðurs. Á móti kemur að stutt er til sjávar (í Mjóafirði) og því gæti verið að hér hafi verið æðarvarp og einhver möguleiki gæti hafa verið á fjörubeit.



**Mynd 13.** Helgusel í landi Borgarlands. Aðalrústin (12:1) fyrir miðju (Ljósm. SEC).

Guðbrandur Sigurðsson taldi að sökum þess hversu litlir sýnilegir beitarhagar væru í selstöðinni en þó stutt til sjávar mætti áætla að hér hafi eyjabændur haft selstöðu á landi og nefnir í því sambandi Skoreyjar sem liggja í 3,5 km fjarlægð frá selstöðunni (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:71). Mögulegt er að einhver eyja hafi átt hér selstöðu á landi en í *Jarðabókinni* segir um hverja einustu eyjajörð í Helgafellssveit að selstöðu þurfi að kaupa á landi (sjá *JÁP* 1931-33:343-358 og umfjöllun hér á eftir). Það sem einkum mælir því í mót að umrædd selstaða hafi verið í eigu einhverrar eyjunnar er þó að ekki er auðvelt að lenda bátum við selstöðuna nema á hæstu flóðum. Landið sem selið stendur á tilheyrir nú Borgarlandi sem bar nafnið Dældarkot áður (t.d. í *Jarðabókinni*) og var annað af tveimur hjáleigum frá Helgafelli (*JÁP* 1931-33:316). Ólíklegt er þó að selið hafi tilheyrt Dældarkoti. Líklegra er að selið hafi tilheyrt Þingvöllum sem einnig voru hjáleiga frá Helgafelli á öldum áður og komnir voru í byggð eigi síðar en á 14. öld, eins og kemur fram í Vilchinsmáldaga (*Íslenzkt fornbréfasafn* III:326). Þær rústir sem skráðar voru eru þó líklega ekki svo gamlar en mat höfunda er að þær séu sennilega ekki eldri en frá 16. öld. Hugsanlega mætti færa fyrir því rök að nafnið Helgusel sé seinni tíma

afbökun á upphaflegu nafni selstöðunnar sem hafi verið frá Helgafelli og selstaðan því borið nafnið Helgafellssel. Hér mælir þó í mót að í landamerkjaskrá Helgafellsklausturs frá árinu 1250 segir að seljaland Helgafells sé uppi í Hraundal (*Íslenzkt fornbréfasafn* I: 578) þó vel geti verið að stórbýli eins og Helgafell hafi átt fleiri en eina selstöðu. Fjarlægð selstöðu frá heimabæ hefur verið 1,6 km hvort heldur sem um hefur verið að ræða Helgafell eða Þingvelli.

### *3.8 Seljabrekkur í Stykkishólmi (1:1-n)*

Í landi Stykkishólms, suðaustan við veginn inn í kaupstaðinn, er dálítill klettahóll sem ber nafnið Byrgisborg. Um 250 m suðvestur af borginni eru örnefnin Selhóll og Sellækur við Seljabrekkur. Svæðið er nú og hefur verið síðastliðna liðlega tvo áratugi beitarland fyrir hesta. Svæðið er því allt mjög þýft og mýrarblautt. Árið 1985 fór fram heildarskráning á fornleifum í og við Stykkishólm (Ágúst Georgsson 1985). Við þá skráningu var skráð ein rúst við þessi örnefni og var af því dregin sú ályktun að hér hafi staðið sel. Rústinni var lýst svohljóðandi (Ágúst Georgsson 1985:15):

> Innanmál um 4x2 m. Veggjarleifar í hæð við jörðu, veggjarþykkt 1-1,5 m. Dyr á SV-hlið um 1,5m á br. og snúa að læknum. Rústin, hefur spillst mikið. Nú sjást einungis mjög lítilfjörlegar menjar grjóthleðslu, en þó greina stærð og lögun. E.t.v. er þetta selrúst?

Þegar umræddur staður var skoðaður á vettvangi árið 2011 sáust engin ummerki um rúst, hvorki eina né fleiri. Síðan rústin var skráð árið 1985 hefur að öllum líkindum verið mokað upp úr Sellæknum, uppmoksturinn sést mjög greinilega vestan við lækinn, og mikið hefur verið beitt á landinu. Seljabrekkurnar eru ákjósanlegt beitarland og því er staðurinn ekki óhentugur fyrir selstöðu. Flutningur til og frá staðnum hefur einnig verið þægilegur, bæði á sjó og landi, en stutt er niður í Mjóafjörð frá hinni meintu selstöðu. Ekki virðist því tilefni til þess að draga í efa að hér hafi verið haft í seli en því miður eru engar rústir nú sýnilegar þó svo að þær gætu e.t.v. leynst undir sverði í næsta nágrenni við ofangreind örnefni.

Auk beitarlandsins hefur þessi selstaða mögulega haft upp á önnur aðföng að bjóða. Slægnaland hefur hér verið gott en auk þess má ætla að egg og dúntekja hafi verið fýsilegur kostur en í dag verpa þarna nokkrar æðarkollur sem hugsanlega hafa verið fleiri í eina tíð. Rétt við hina meintu selstöðu er örnefnið Selskógur sem enn fremur gæti bent til þess að einhvern tímann hafi verið hér skógur sem nýttur hafi verið til kolagerðar í selinu.




**Myndir 15-16.** Til vinstri: umhverfi selhóls sem nú er nýtt sem beitarland fyrir hross. Til hægri: áætluð útbreiðsla bæjarhóls Grunnasundsness (teikning: Guðmundur Ólafsson 2006:9).

Líklega hefur selið verið selstaða frá Grunnasundsnesi en svo heitir hið forna býli sem Stykkishólmur stendur nú að miklu leyti á. Heimildir um býli í Grunnasundsnesi eru frá því á 13. öld, en frá því er greint í landamerkjabréfi Helgafells (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:578). Á 9. áratugnum, þegar verið var að grafa með jarðýtu fyrir grunnum nýrra íbúðarhúsa utan í bæjarhóli Grunnasundsness, var komið niður á fornleifar og var Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur hjá Þjóðminjasafni Íslands fenginn til að skoða þær. Í ljós kom að elstu leifar bæjarhólsins á þessum stað ná ekki lengra aftur en til 15. aldar (Guðmundur Ólafsson 2006:8). Ljóst er því að enn eldri bæjarleifar Grunnasundsness eru einhvers staðar í nágrenninu og gætu þær minjar þess vegna náð allt aftur á landnámsöld. Í raun má segja að allt svæðið í 100 m fjarlægð frá ystu mörkum bæjarhólsins séu „heitur reitur“ m.t.t. þess hvar hinar fornu bæjarrústir gætu verið staðsettar (sjá mynd 16).[2] Ekkert er þó hægt að fullyrða um hvort selstaðan hafi tilheyrt þeirri kynslóð bæjarins sem grafið var í á 9. áratugnum eða hvort hún hafi tilheyrt eldri kynslóð hans. Ekki er greint frá því í *Jarðabókinni* að Grunnasundsnes hafi haft í seli og því má ætla að seljabúskapur hafi lagst hér af, líkt og víða í Helgafellssveit, fyrir árið 1700 (*JÁP* 1931-33:318-319) en fram til ársins 1892 var Stykkishólmur hluti af Helgafellssveit (Ásgeir Ásgeirsson 1997:448). Þó ber að geta þess að í Sýslu- og sóknarlýsingu Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknar segir Jón Guðmundsson, prestur á Helgafelli, að sagt sé að Grunnasundsnes hafi átt selstöðu undir Gæshólum, sunnan undir Kerlingarfjalli (*Sýlu- og sóknarslýsingar* 1970:194). Umræddur staður var ekki kannaður sumarið 2011 en til stendur að kanna hann síðar. Þetta má þó telja ólíklegt, þó e.t.v. ekki

[2] Höfundar hafa í raun grunsemdir um að aflangur hóll í landi Víkur inn af Borgarflöt í Stykkishólmi gæti geymt gamlar bæjarrústir, mögulega eldri leifar Grunnasundsness, en hóllinn liggur við núverandi golfvöll.

alveg óhugsandi, þar sem fara hefur þurft um 15 km vegalengd yfir svæði erfið yfirferðar til þess að koma skepnunum í selið. Hafi heimabær selstöðunnar við Byrgisborg verið Grunnasundsnes hefur selstaðan verið um 1,5 km frá bænum.

### *3.9 Seley (16:1-8)*

Seley er ein af stæstu eyjunum sem tilheyra Helgafelli en hún er um 500 m á lengd og 300 m á breidd. Eyjan er nærri landi eða rétt um 1,5 km. Önnur eyja, Fagurey, er þar skammt hjá, aðeins um 150 m vestnorðvestan við Seley. Sú eyja er þó öllu minni en Seley eða um 220 m á lengd og 180 m á breidd. Í umfjöllun sinni um seljabúskap í Helgafellssveit hafði Guðbrandur Sigurðsson þetta að segja um Seley (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:71):

> Ekki hefur eyja þessi hlotið hlotið (sic) nafn sitt af sel, því að þar hefur aldrei selur eða selveiði verið. Hitt má líklegt telja, að þar hafi á tímabili verið selstaða og að eyjan hafi fengið nafn sitt af því. Þar er hin ágætasta beit og vatnsból, sem ekki þrýtur. Á eyjunni eru miklar og fornar húsarústir, enda eru fornar sagnir um, að eyjan hafi verið í byggð á tímabili.

Við vettvangskönnun á minjum þeim sem í eynni eru þykir ljóst að eyjan hefur í gegnum tíðina verið nýtt með þrennum hætti: sem sel, býli og fyrir útigöngu sauðfjár með fjárborgum. Verður nú gerð grein fyrir selinu en einnig stuttlega vikið að býlinu sem þarna hefur verið og fjárborgunum.

Skráðar voru alls sex fornleifar sem taldar voru tilheyra selstöðunni, rústir 16:2-6 og rúst 16:8. Selstaðan er í grænu dalverpi á eyjunni miðri. Seljarústirnar raðast aðallega í og við dalverpið sunnanvert en brunnur, sem mögulega hefur verið nýttur bæði af bænum og selinu, er nokkurn veginn í því miðju. Ekkert annað rennandi vatn er í eynni, þó merki smárra mýrarlækja sjáist á nokkrum stöðum.

Aðalrústin í selinu (16:5), sem líklega hefur verið íveruhús er þrískipt, 13x4 m að stærð. Nokkuð ofar er rúst 16:6 sem líklega er lítil kvíarúst eða einhvers konar geymsla, 4x3 m að stærð. Önnur lítil rúst (16:3) er fast upp við klettaborgir sem ramma selstöðuna inn að vestanverðu. Sú rúst mældist 3x2,2 m. Brunnur (16:2) er eins og áður sagði á svæðinu um 25 m norðvestan við aðalrústina. Fimmtu fornleifarnar (16:4) eru að mestu leyti náttúrumyndun en misgengi í klettum hefur myndað rennu sem kjörin hefur verið til þess að nýta sem kvíar. Svo virtist einnig sem veggur hafi verið hlaðinn í norðurenda rennunnar. Víða í Seley eru grófir og rennur sem hæglega hefur mátt nota sem kvíar og víða eru hentugir staðir til uppreksturs. Seinasta rústin sem tilheyrir selstöðunni (16:8) er

staðsett beint upp af helstu lendingu eyjarinnar, eða um 150 m norður af selinu. Rústin er um 5,5x3,5 m að stærð en líklega hefur þessi rúst verið allt í senn geymsla fyrir afurðir framleiddar í selinu á leið til lands, t.d. mjólkurafurðir, aðföng til eyjarinnar og hugsanlega einnig sem veiðafærageymsla. Auðveld og góð lending fyrir árabáta er í eynni og líklega hefur verið hægt að lenda á fleiri en einum stað. Rústirnar eru allar mjög vel grónar, sokknar og ill greinilegar. Líklega er því hér um nokkuð forna selstöðu að ræða.



**Mynd 17.** Yfirlitsteikning af öllum rústum í Seley. Sömu litir sýna þær rústir sem líklega eru frá sama tímabili.

Líkt og Guðbrandur greindi frá í umfjöllun sinni er hið ágætasta beitarland í eynni sem einnig er hugsanlegt að nýtt hafi verið til slægna. Í dag eru ekki aðrir fuglar í eynni en svartbakur en ekki er óhugsandi að eggja- og mögulega dúntekja hafi freistað manna til að hafa hér selstöðu. Í ljósi þess hversu auðvelt hefur verið að lenda með árabáta á eynni og hversu stutt hún er frá landi, aðeins um 1,5 km, má gera sér í hugarlund að auðvelt hafi verið að koma afurðum frá selinu til heimabæjar, jafnvel daglega. Þá má einnig gera ráð fyrir því að hægt hafi verið að stunda sjósókn að einhverju marki en þó ber að nefna að fiskgengd í og við Stykkishólm virðist ávallt hafa verið mjög sveiflukennd eins og dæmi eru um í *Jarðabókinni*, t.d. í Skoreyjum sem eru skammt frá Seley (*JÁP* 1931-33:358), sem og af frásögnum núlifandi manna í Hólminum.

Guðbrandur hafði þetta að segja um hverjir það voru sem áttu og notuðu þessa selstöðu: „Ekki virðist líklegra, en spekingnum Þorsteini Surt á Þingvöllum hafi þótt þar þröngt um búsmala sinn. Hafi hann fengið eyjuna leigða hjá frænda sínum á Helgafelli til selstöðu. Og eftir hann kunna Þingvallabændur að hafa haldið þar selstöður áfram á tímabili“ (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:71). Eyjan var vissulega eign Helgafells, eða réttara sagt kirkjunnar á Helgafelli. Í máldaga Jónskirkju að Helgafelli frá því um 1274 eru taldar upp þær eyjar og hólmar sem kirkjan á: „… hest holmur. byrgis klettur. fagur ey. **saul ey**“ (*Íslenzkt fornbréfasafn* II:116, áhersla höfunda). Í neðanmálsgrein við þessa færslu stendur enn fremur =**Söley**. Ljóst er af upptalningu þeirri sem farið er eftir í handritinu að ekki getur komið til greina önnur eyja en Seley. Hvernig á nafni eyjarinnar

stendur í fornbréfasafni er þó ekki gott að segja. Ekki virðist koma til greina að eyjan dragi nafn sitt af sölvum því eyjan er svo há að þar hefur sölvatekja ekki verið að neinu marki. Mögulega er hér falin vísbending um að aldur selstöðunnar í Seley sé yngri en umræddur máldagi, þ.e. yngri en frá 1274, en erfitt er þó að fullyrða nokkuð um það. Af rústunum að dæma og ásigkomulagi þeirra er um nokkuð forna selstöðu að ræða, sennilega frá því fyrir árið 1500. Hugsanlega má skýra nafn eyjarinnar í fornbréfasafni á þá leið að skrifari handritsins, líklega í Helgafellsklaustri, hafi ekki verið fullnuma á íslenska tungu, þ.e. verið af erlendu bergi brotinn, og sé Sauley því misritun á réttu nafni eyjarinnar.






**Myndir 18-19.** Til vinstri: rúst 16:5 í Seley. Rústin kúrir undir klettunum nær á myndinni (Ljósm. SEC). Til hægri: yfirlitsteikning af rústum selstöðunnar.

Vel er mögulegt að Þingvallabændur hafi leigt eyna af Helgafelli og haft þar í seli, líkt og Guðbrandur giskaði á. Hafa slíkar leigur á selstöðum líklega verið nokkuð algengar en einnig eru heimildir um að eyjabændur hafi átt selstöðu á landi, t.d. Akureyjar í landi Bjarnarhafnar (*Íslenzkt fornbréfasafn* II:84), og hví skyldi hið gagnstæða ekki einnig hafa þekkst. Hvort hér hafi Helgfellingar sjálfir haft í seli eða Þingvellir verður þó vart úr skorið. Vel má þó vera að kirkjan á Helgafelli, sem átti Seleyna, hafi haft tekjur af því að leigja út selstöðu þar. Hvað aldur selstöðunnar varðar má telja líklegt að hún sé ekki eldri en frá seinni hluta 13. aldar en þó vart yngri en frá 16. öld.

Í Seley hefur þó ekki aðeins verið selstaða því eftir að selstaðan lagðist af hefur eyjan verið nýtt fyrir útigöngu sauðfjár. Tvær fjárborgir eru í eynni, uppi á hólum að austan- og vestanverðu. Lítil sem engin flæðihætta er fyrir sauðfé í eynni og því hefur

verið ákjósanlegt að hafa þar fé, líklega geldfé. Fjárborgirnar eru að öllum líkindum frá sama tíma og eru eins að gerð, kringlóttar og um 5,5-6 m í þvermál. Þær hafa líklega verið hlaðnar alveg upp í topp, þ.e. kúpulmyndaðar, og byggðar úr torfi eingöngu. Svipar þeim því nokkuð til fjárborgar sem rannsökuð var með fornleifauppgreftri í Hagaey í Þjórsá haustið 2009 en það er eina fjárborgin sem rannsökuð hefur verið til hlýtar með aðferðum fornleifafræðinnar (Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag 2010).

Umsvifum í Seley hefur þó ekki lokið með útigöngu sauðfjár því norðantil í dalverpinu, því sama og selið er staðsett í, eru tvær rústir, líklega bæjarhús og skepnuhús, en auk þeirra eru fjárhús sem tengjast þessu seinasta búsetuskeiði suðsuðaustan við dalverpið, uppi á dálitlum hól. Guðbrandur Sigurðsson hafði eftirfarandi um þessar rústir að segja: „Á eyjunni eru miklar og fornar húsarústir, enda eru fornar sagnir um, að eyjan



**Myndir 20-21.** Dæmi um annarskonar nýtingu á Seley. Rústir yngri bæjar (til hægri) og fjárborg austast á eynni (til vinstri). (Ljósm. SEC).

hafi verið í byggð á tímabil“ (Guðbrandur Siguðsson 1957a:71). Sennilega er þó ekki um mjög fornar rústir að ræða. Rústirnar sem tilheyrt hafa þessu kotbýli, sem líklega hefur verið hjáleiga frá Helgafelli, eru allar fremur unglegar að sjá og gætu þær hæglega verið frá 18. öld eða síðar. Ekki er þó nefnt í *Jarðabókinni* að hér hafi verið hjáleiga (*JÁP* 1931-33) og hvergi er að finna heimildir fyrir því hverjir hafa búið í eynni. Líklega eru þessar bæjarrústir dæmi um misheppnaða tilraun til að búa í eynni allan ársins hring. Annar möguleiki er að hér hafi ekki verið býli í eiginlegum skilningi, þ.e. hjáleiga, heldur hafi hér verið verið starfrækt útstöð frá heimabæ allan ársins hring og eyjan verið byggð vinnuhjúum heimabæjarins.

### *3.10 Hraundalssel í landi Gríshóls (14:1-6)*

Selstaðan liggur í Hraundal vestanverðum í sléttri, grasi gróinni hvilft eða hvammi inn í hraunið. Stutt frá selstöðunni eða um 500 m sunnar er afar fallegur foss en rétt sunnan við munna hvilftarinnar rennur lítill lækur. Alls voru skráðar sex rústir í selstöðunni en þær eru allar fremur ógreinilegar sökum þess hve sokknar þær eru. Allar rústirnar nýta hraunjaðarinn sem veggjaefni að einhverju leyti og allar eru þær byggðar úr torfi og grjóti. Aðalrústin í selinu er innst í hvamminum 6,8x2,4 m að stærð og skiptist hún í tvö rými sem hvort um sig er 2x1,5 m að innanmáli. Líklega hefur þetta verið íveruhús og geymsla eða vinnsluhús. 20 m norðvestur af aðalrústinni er mjög ógreinileg rúst, 8x3 m að stærð, sem virðist vera tvískipt. Rétt framhjá þessari rúst og meðfram hrauninu liggur nokkuð sem minnir á dálitla rennu, eða leið, sem myndast hefur í hraunið. Inn af rennunni er náttúrulegur bolli sem skráður var (14:3) og er hann um 7x5 m að stærð. Víða í hrauninu eru grófir og bollar sem gera má sér í hugarlund að hafi verið notaðir sem kvíar eða aðhöld fyrir skepnur. Tvær kvíarústir voru skráðar, hvor sínu megin í hraunjaðrinum (14:5-6). Önnur þeirra, sú sem vestar er (14:5), er ógreinileg en virtist vera um 5x3 m að stærð og byggð að hluta til utan í hraunjaðarinn sem myndar nær allan norðurgafl rústarinnar. Hin rústin, sú sem liggur í hvamminum austanverðum, er einnig ógreinileg en mældist um 7x3 m að stærð og hefur hraunjaðarinn myndað vestur langvegg rústarinnar. Að seinustu var skráð aðhald eða gerði (14:4) 8x7 m að innanmáli. Virtist gerðið vera að mestu leyti myndað á náttúrlegan hátt en grjót hefur verið hreinsað upp úr því og hlaðið í kring um það á stöku stað. Við sunnanvert horn þessa gerðis eða utan í því var skráð lítil rúst um 4x4 m að stærð sem þó var öll mjög ógreinileg.



**Mynd 22.** Ásta Hermannsdóttir skráir rúst í Hraundal (Ljósm. SEC).

Gata liggur mögulega að selinu eftir vestanverðum dalnum en í dag eru þar greinilegar kindagötur sem enn eru í notkun. Hvilftin og engjarnar handan árinnar eru furðulega sléttar sem og grasbalinn sem selið liggur í. Stafar þetta sennilega af því að

hraunið undir jarðveginum hindrar uppsöfnun vatns og þúfnamyndum á svæðinu. Ekki hefur áður verið greint frá seli í Hraundal en Guðbrandur Sigurðsson frá Svelgsá taldi að selstaða Helgafells hefði verið þar sem bærinn Valabjörg byggðist seinna upp (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:69), en bæjarstæðið er rétt vestan við munna Hraundals. Í Sýslu- og sóknarlýsingu Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknar frá árinu 1842 segir um Valabjörg: „eiginlega selstaða frá Helgafelli, en hefir nú um 50 ár verið byggð jörð þangað til vorið 1840“ (*Sýlu- og sóknarlýsingar* 1970:192). Einnig var leitað að rústum undir Valabjörgum en þar fundust engar seljarústir. Þó er ekki óhugsandi að rústir býlisins hvíli ofan á gömlum seljarústum. Hins vegar er það túlkun höfunda að selstaða Helgafells hafi verið í Hraundalnum en hafi mögulega seinna verið færð undir Valabjörg þar sem hjáleigan byggðist upp síðar.

Líkt og áður gat eru ekki heimildir um selstöðu í Hraundal en þar eru þó heimildir um forna rétt en fyrst var greint frá fundi hennar í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* árið 1927 af Þorleifi Jóhannessyni. Réttin var svo friðlýst ári síðar (Ágúst Georgsson 1990:17). Réttinni og staðsetningu hennar er lýst á eftirfarandi hátt (Þorleifur Jóhanesson 1927:32):

> Í Hraundal, sem gengur fram austanvert við Valabjörg (hið forna selland Helgafells), er rjett mjög fornleg, hún er í hraunhvammi neðarlega í dalnum. Tvær smáar ár renna eftir dalnum, sín hvoru megin við hraunið, mynda þær, er þær renna saman, neðst í dalnum, Laxá ina innri, er nú heitir Gríshólsá. Rjettin er neðarlega í tungunni, aðalrjettin (almenningurinn) 10,90 mtr. á lengd og 8,70 á breidd. Fimm útúrbyggingar (dilkar) eru við rjettina og í vesturhorni almenningsins er kró lítil afhlaðin. Í hvamminum er tjörn lítil, við hana austanverða er sjérstök tóft. Rjettin og hin sjerstaka tóft eru hlaðnar úr hraungrjóti. Veggir, sem hlaðnir eru úr því, endast mjög lengi.

Hvammur sá sem Þorleifur getur um getur vart verið annar en sá sem ofangreind selstaða stendur í. Tóftin við tjörnina, sem Þorleifur minnist á, er að öllum líkindum rústin sem skráð var sem aðalrústin í selinu (rúst 14:1). Tjörnin var að vísu uppþornuð þegar komið var á vettvang sumarið 2011, en hún var þó greinileg. Almenningur sá sem Þorleifur segir frá er líklega aðhald sem skráð var sem fornleifar 14:4 (það passar við að í „vesturhorni almenningsins [sé] kró lítil afhlaðin“) og dilkar réttarinnar eru þá líklega aðrar rústir sem skráðar voru í selstöðunni. Þorleifur taldi að í Hraundal hefði hann fundið rétt þá sem sagt er frá í *Eyrbyggju* þegar Helgi, sauðamaður Más Hallvarðssonar, dró í dilka sauði sem báru mark Vigfúsar í Drápuhlíð (*Eyrbyggja saga* 1971:51). Hafa þessi tengsl fornleifanna við *Eyrbyggju* áreiðanlega átt stóran þátt í því að réttin var friðlýst á sínum tíma.






**Myndir 23-24.** Til vinstri: rúst 14:1 í Hraundal (Ljósm. SEC). Til vinstri: yfirlitsteikning af hinni meintu selstöðu í Hraundal.

Það er þó mat höfunda að hér sé alls ekki um forna rétt að ræða heldur selstöðu. Útlit rústanna, staðsetning þeirra og dreifing gæti í fyrstu minnt á dilka í afar stórri rétt en þegar betur er að gáð fæst það ekki staðist. Ef almenningurinn hefur verið sá sem höfundar skráðu (4:4) hafa dilkarnir verið talsverðan spöl frá almenningnum, sumir allt að 50 m frá. Þá er einnig furðulegt að menn hafi yfir höfuð valið réttinni staðsetningu inni í Hraundal, nánast upp á afrétti, sem þar að auki hefur verið seljaland Helgafells. Landamerkjabréf Helgafells frá því um 1250 tekur af allan vafa en þar segir að seljaland Helgfellinga markist af steini hinum mikla undir Gríshól og sjónhendingu þaðan í Bakkaá og Gríshólsá (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:578). Ætla má því að seljaland Helgfellinga hafi verið allt land að sveitamörkum suður frá þessum landamerkjum, þ.m.t. Hraundalurinn. Hraundalurinn hefur þar að auki verið afar ákjósanlegt seljaland þar sem nóg hefur verið af góðum beitarhögum ásamt því að hægt hefur verið að nýta landið til slægna ef þess var þörf. Selstaðan hefur þó verið nokkuð langt frá heimabæ, eða 9 km.

Aldur selstöðunnar er á að giska forn, jafnvel svo forn að rústirnar séu umrædd selstaða frá 13. öld eða einhver af yngri kynslóðum hennar. Í *Jarðabókinni* sem tekin var saman í byrjun 18. aldar er greint frá því að Helgafell eigi góða selstöðu undir Valabjörgum (*JÁP* 1931-33:316). Er sú tilgáta sett fram hér að selstaðan hafi verið færð úr Hraundalnum undir Valabjörg einhvern tímann á 15. eða 16. öld. Undir Valabjörgum taldi Jón Guðmundsson staðarhaldari á Helgafelli að reglulega hafi verið haft þar í seli fram til ársins 1790 þegar þar byggist upp sérstakt býli sem fór í eyði vorið árið 1840 (*Sýlu- og sóknarlýsingar* 1970:192-4). Hann nefnir einnig að hann hafi haft þar sjálfur í

seli um tveggja ára skeið árið 1842 en líklega má telja að hann hafi nýtt hjáleiguna sem selstöðu. Þó svo gott seljaland hafi verið í Hraundal og undir Valabjörgum hafa landgæði ekki verið nægilega mikil til að standa undir heilsársbúsetu ef illa áraði því Valabjörg féllu í eyði fyrst árið 1840 en endanlega aldamótaárið 1900 (Guðbrandur Sigurðsson 1957b:52).



**Mynd 25.** Aðhald eða gerði (rúst14:4) og líklega almenningur Þorleifs (Ljósm. SEC).

Spyrja má í framhaldinu hvað hafi orðið um hina fornu rétt sem nefnd er í *Eyrbyggju* og hvernig þessi misskilningur Þorleifs Jóhannessonar er til kominn? Í *Eyrbyggju* er staðsetningu réttarinnar lýst svo: „Þetta sama haust áttu menn rétt fjölmenna í Tungu milli Laxá upp frá Helgafelli“ (*Eyrbyggja saga* 1971:51). M.ö.o. réttin á að vera á tungu milli tveggja áa sem báðar heita Laxár, þ.e. Laxá innri og ytri, upp frá Helgafelli. Laxá hin innri er fornt heiti á Gríshólsá og Laxá hin ytri að sama skapi fornt heiti á Bakkaá. Af þessu að dæma virðist Hraundalurinn ekki koma til greina því Laxáin á ekki upptök sín fyrr en fyrir mynni Hraundals en selstaðan/réttin er þar talsvert innar. Vitað er um forna rétt skammt undir Arnarhól, austur af, og undir, þeirri rétt sem nú stendur undir Arnarhól. Þorleifur telur þó að hin forna rétt við Arnarhól geti ekki komið til greina því „hún hefur staðið á eystri bakka hinnar fornu Laxár innri“ (Þorleifur Jóhannesson 1927:33). Hér skiptir þó sköpum að á 18. öld var farvegi Laxár hinnar innri, þ.e. Grísholsár, breytt. Í Sýslu- og sóknarlýsingu frá árinu 1842 er greint frá þessari breytingu (*Sýslu- og sóknarlýsingar* 1970:187):

> Þegar síra Gunnlaugur Snorrason [d. 1796] var prestur hér á Helgafelli rann á þessi rétt með svonefndum Arnarhól beint í norður á milli engjanna á Saurum og Helgafelli ofan í Saurasíki, en sagt er, að hann hafi hleypt henni í þann farveg, sem hún nú hefur, er beygist til vestur(s) hjá áðurnefndum Arnarhól, svo hún rennur nú þar vestur í Bakká, sem skammt er þaðan.

Samkvæmt þessu hefur hin forna rétt við Arnarhól því ekki staðið austan árinnar heldur einmitt á tungunni milli Laxánna tveggja og hefur því hin forna rétt sem höfundar *Eyrbyggju* hafa notað sem leiksvið sögunnar staðið í námunda við Arnarhól.

## *3.11 Staðarbakkasel í Gautsstaðagróf (15:1-4)*

Í landamerkjabréfi Helgafells frá því um 1250 er getið um selstöðu Bakkamanna í Gautsstaðagróf: „Eigi skulu backa menn hafa fleira fe en. xij. kyr. griðung ok lxxx asauðar. Hafa selfor i gautstaða grof. ok beita annat hvart mal inn yfir a i sviðning. meðan þeir eru i seli. vera i seli til olafs messo fyrri. Backa menn eiga þriggia stoðhrossa haga i græna hlid“ (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:577). Samkvæmt örnefnaskrá Staðarbakka er Gautsstaðagróf grasi gróin hvammur neðst í Stórholtum (*Örnefnaskrá Staðarbakka*). Lítil lækjarspræna rennur eftir grófinni, að hluta til neðanjarðar, en rústirnar liggja austarlega í grófinni, austan lækjar. Nánasta umhverfi selstöðunnar er starmói og nokkuð er þar af hrísi en lúpínurækt sækir fast að selstöðunni að austanverðu. Vestan við mynni Gautsstaðagrófar má sjá glitta í rústir friðlýsta eyðibýlisins Gautsstaða en þeir hafa að öllum líkindum verið farnir í eyði þegar landamerkjalýsing Helgafells var gerð (þar sem grófin dregur nafn sitt af bænum en bærinn sjálfur er ekki nefndur sem kennileiti).






**Myndir 26-27.** Til vinstri: rúst 15:2 í selstöðu Staðarbakka í Gautsstaðagróf (Ljósm. SEC). Til hægri: yfirlitsteikning af rústum selstöðunnar.

Selstaðan samanstendur af fjórum rústum sem allar eru, að því er virðist, gerðar úr torfi eingöngu og eru þær allar mjög fornlegar að sjá. Rústirnar eru í góðu ásigkomulagi en rof og uppblástur hafa leikið holtin fyrir ofan og vestan grófina illa. Uppblásturinn hefur þó ekki náð selstöðunni enn. Þó er selstöðunni nokkur hætta búin af lúpínu, sem er umtalsverð á svæðinu, fái hún að vaxa óáreitt.

Aðalrústin í selinu (15:3), sem líklega hefur verið aðal íveruhúsið, er einföld rúst 4,4x3 m að stærð. Aðrar tvær rústir í selstöðunni (15:1-2) eru áþekkar, báðar einfaldar, og um 3x2,5 m að stærð. Þriðja rúst selstöðunnar (15:4), sem líklega hafa verið kvíar, er 8x3 m að stærð. Þrátt fyrir nokkra leit fundust ekki aðrar rústir en þessar. Þó er ekki loku fyrir það skotið að einhverjar rústir kunni að vera uppblásnar eða horfnar undir lúpínubreiður.

Rústirnar eru afar fornlegar að sjá og gætu jafnvel verið frá því á 13. öld þótt mögulegt sé að rústirnar sem skráðar voru séu yngri kynslóð selstöðunnar. Selstaðan hefur verið um 3,8 km frá heimabæ.

Að lokum má þó nefna að í *Jarðabókinni* segir að selstaða hafi verið frá Staðarbakka en sé nú ekki brúkuð (*JÁP* 1931-33:327). Á hinn bóginn segir þar einnig: „Jörðin á búð og skipsuppsátur í Höskuldsey á mót selstöðu, sem eyin á í Staðarbakka landi“ (*JÁP* 1931-33:327). Guðbrandur Sigurðsson taldi mögulegt að selstaða þessi hefði einnig verið í Gautsstaðagróf en taldi þó líklegra að sel Höskuldseyjar hefði staðið í landi Staðarbakka einhvers staðar nærri sjónum (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:69).

Ekki eru til neinar sagnir um selstöðu niður við sjó í Staðarbakkalandi þótt hæglega geti verið að ágangur sjávar hafi fyrir löngu afmáð öll ummerki um rústir þar. Hins vegar má einnig velta upp þeim möguleika að umrædd selstaða Höskuldseyjar í landi Staðarbakka hafi falið í sér skiptisamning milli Bakkamanna og Höskuldseyinga þess eðlis að í mót búðinni og skipsuppsátrinu í Höskuldsey hafi Staðarbakkamenn tekið á móti kvikfé frá Höskuldseyingum og haft með sínum peningi í seli. Hafi svo verið hefur því verið um sömu selstöðuna og selrústirnar að ræða.

Annað atriði sem nefna má er að vestan við litla lækinn sem selið stendur við er að finna áðurnefndar rústir eyðibýlisins Gautsstaða. Gautsstaðir þessir virðast komnir í eyði verulega snemma en í landamerkjabréfi Helgafells frá því um 1250 virðast þeir þegar farnir í eyði. Selstaðan hefur því mögulega tekið við af býlinu Gautsstöðum og nýtt það land sem áður tilheyrði bænum. Hér er því komið hugsanlegt dæmi um að land sem ekki þótti nægilega gott til að standa undir heilsársbúsetu hafi verið tekið undir seljaland en mun fleiri dæmi eru um hið gagnstæða, að bæir hafi byggst upp úr gömlum selstöðum.

### *3.12 Selrústin, Kóngsbakkasel I (16:1-3)*

Í örnefnaskrá Kóngsbakka segir frá þremur holtum sem öll heita Selholt: „Eru þau aðgreind með því að vestasta holtið er kallað Yztaholt, hið næsta Stóraholt og það austasta Litlaholt“ (*Örnefnaskrá Kóngsbakka*). Lækur einn sem heitir Selholtslækur kemur þarna ofan úr Hrísholti og rennur eftir Fornubreið framhjá Stóra-Selholti og út í Þverlæk.

Um Selstöðu í landi Kóngsbakka og örnefni því tengdu sagði Björn Jónsson, ofast kenndur við Kóngsbakka, eftirfarandi (*Örnefnaskrá Kóngsbakka*):

> Hér eru 3, Selholt, Selholtslækur og Selrúst. Selrústin er skammt frá upptökum Selholtslækjar, en hann á upptök sín við norðvestur horn Hrísássins. Þessi rúst er ógreinileg enda gömul og byggð á mjúkum og djúpum jarðvegi og veggir allir byggðir úr hnaus og torfi, og því flast út í aldanna rás og sokkið.

Umræddur staður var skoðaður með tilliti til fornleifa en ekki sáust þar greinilegar rústir heldur þrír verulega þýfðir hólar sem allir gætu hugsanlega geymt rúst eða rústir, en samkvæmt staðalýsingu Björns getur vart verið um annað svæði að ræða fyrir hina meintu Selrúst.

Hinar meintu rústir eru afar ógreinilegar en þeim svipar þó til annarra ógreinilegra rústa sem finna má í Helgafellssveit, t.d. eyðibýlanna Gautsstaða og Brennistaða en þar eru rústirnar í svipuðu ásigkomulagi. Þetta gæti því verið vísbending um mjög fornan aldur selstöðunnar. Ekki virðist selstaðan hafa verið sett niður hér með önnur aðföng í huga en gott beitarland og mögulegar slægjur ef frá er talin hrístaka í Hrísholti rétt ofan við selstöðuna. Selstaðan hefur að öllum líkindum verið elsta kynslóð selstöðunnar frá Kóngsbakka og staðið um 2 km frá bænum.

### *3.13 Kóngsbakkasel II (18:1-3)*

Fyrir utan hina svokölluðu Selrúst sem greint var frá hér að ofan var gengið fram á aðra selstöðu í landi Kóngsbakka tæplega 400 m norðvestan við hina fyrri. Selstaðan er á grænni tungu á milli Selholtslækjar og Stóra Selholts, þ.e. vestan við lækinn og norðaustan við holtið. Tungan er nokkuð slétt en þó í smávegis halla og er mjög þýfð á köflum.

Rústirnar sem skráðar voru eru tvær talsins en auk þess var skráð ein þúst. Rúst 18:1 er greinilegust og stærst um 11x4,5 m að stærð. Hún var þó ekki greinilegri en svo að ekki reyndist unnt að skera úr um hvar dyr hefðu verið á henni eða hvort hún hafi skipst í fleiri en eitt rými. Rúst 18:2 var mjög ógreinileg en mældist um 3x3 m að stærð. Þriðja rústin sem skráð var (18:3) er þó lítið annað en þúst, eða lítill hóll, sem liggur utan í brekkurótum með smá bolla sem gæti mögulega geymt rúst. Rústirnar eru allar mjög sokknar og eru veggir þeirra vart greinanlegir. Svæðið beint suður af rústunum er mjög illa farið af uppblæstri og gæti hann átt einhvern þátt í því hve ógreinilegar rústirnar eru, þótt þær séu nú grónar. Fleiri rústir gætu leynst í þúfum á svæðinu og einhverjar gætu verið horfnar vegna uppblásturs.




**Mynd 28-29.** Til vinstri: rúst 18:1 í Kóngsbakkaseli II (Ljósm. SEC). Til hægri: yfirlitsteikning af rústum selstöðunnar.

Þessar rústir geta ekki átt við lýsingar á rústum þeim sem Björn á Kóngsbakka nefnir við örnefnið Selrúst og því er líklega um aðra selstöðu að ræða eða, það sem líklegra er, aðra kynslóð sömu selstöðunnar. Í umfjöllun sinni um selstöður í Helgafellssveit segir Guðbrandur Sigurðsson frá því að í Kóngsbakkalandi séu selrústir á tveimur stöðum en staðsetur þó ekki annað rústasvæðið, sem gæti þá mögulega verið þetta (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:72).

Útlit rústanna bendir til þess að þær séu nokkuð fornar, en óvíst er hvort þær beri að telja eldri eða yngri en selstöðu þá sem skráð var áður (17:1-3). Ógerningur er að giska á það nema með frekari rannsóknum, t.d. með prufuholum og aldursgreiningum í kjölfar þeirra. Í *Jarðabókinni* er sagt að Kóngsbakki eigi selstöðu í landi heimajarðarinnar (*JÁP* 1931-33:329). Ekki er greint frá því hvort hún sé enn í notkun en líkega má þó telja að þær hafi verið farnar úr notkun þegar *Jarðabókin* var tekin saman. Fjarlægð þessarar kynslóðar selstöðunnar frá bænum hefur verið áþekk hinni fyrri, eða um 1,7 km.

## *3.14 Kljársel*

Kljá er bær sem stendur á milli Bakkanna tveggja, Kóngsbakka og Staðarbakka, fast upp við ána Kljáá. Í *Jarðabókinni* segir um selstöðu Kljár: „Ábúandinn segist heyrt hafa Kljá eiga engjatak nokkuð, sem hún njóti ei fyrir ábúandanum á Staðarbakka, hvar í hann meinar vera selstöðu frá Kljá“ (*JÁP* 1931-33:328). Hér virðist því vera ágreiningur milli ábúenda á Kljá og Staðarbakka um landsspildu sem líklega tilheyrir landi Staðarbakka. Ábúandinn á Kljá segir að spildan sé engjatak Kljár en ábúandinn á Staðarbakka telur að ekki sé um engjatak að ræða heldur selstöðu. Forvitni vekur að í *Jarðabókinni* virðist

vera sá munur lagður í engjatök og selstöðu að ekki megi afla heyja í selstöðunni, a.m.k. virðist ábúandinn á Staðarbakka tilbúinn að líta svo á að þar megi beita fé líkt og í seli en ekki slá hey líkt og ef um engjar væri að ræða.

Ekki er þó talað um aðra selstöðu Kljár í *Jarðabókinni* og virðist ábúanda þar ekki kunnugt um slíkt heldur segir að Kljá eigi engjatak í landi Staðarbakka, ekki selstöðu. Guðbrandur Sigurðsson taldi líklegt að sagnir um selstöðu Kljár í *Jarðabókinni* hafi byggt á eldri sögnum (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:72) en vildi þó ekki slá því föstu. Hugsanlegt er að svo hafi verið, sbr. umræðuna í *Jarðabókinni*, en engar aðrar heimildir eru þó að finna fyrir því. Virðist því á öllu að líklegra sé að Kljá hafi ekki haft í seli.

### *3.15 Berserkjahraunssel*

Jarðgæði Berserkjahrauns eða einfaldlega Hrauns eins og það hét áður eru sögð í *Jarðabókinni* vera í meðallagi heima en góð á fjalli: „Hagar heima í meðallagi en góðir á fjalli, þar sem liggur saman við afrjett annarra manna“ (*JÁP* 1931-33:330). Um selstöðu segir: „Selstaða á fjalli nálægt þessum högum“ (*JÁP* 1931-33:330). Hagaland Hrauns og selstaða þess hefur því mögulega náð allt frá Selvöllum í vestri, meðfram Hafrafelli og að Kerlingarskarði í austri. Þetta haglendi hefur teygt sig suður eftir Vatnaheiðinni og allt að landamerkjum og hreppamörkum við Baulárvelli og Dali í Miklaholtshreppi. Guðbrandur Sigurðsson hafði þetta að segja um selstöðu Hrauns: „Líklegt er, að selið hafi staðið norðarlega í svonefndum Múla eða þar írennd (sic). Að líkindum mætti finna seltóftinar, ef eftir væri leitað, þó að hugsanlegt sé, að skriðuföll hafi afmáð þær“ (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:73). Staður sá sem Guðbrandur telur líklegan er sá sem í daglegu tali er nefndur Dýjamúli. Nafnið Dýjamúli er líklega tilkomið sökum þess hversu blautt svæðið er allt þar í kring. Í raun má segja að gróðurspildan sem liggur suður eftir Vatnaheiðinni upp að því svæði þar sem Fossá grefur sig ofan í gil, austan við núverandi vegarstæði, sé eitt samfellt mýrlendi en margar litlar sprænur ganga ofan af heiðinni þarna niður. Allt mýrasvæðið í kringum Dýjamúlann var gengið í leit að seljarústum eða líklegri staðsetningu fyrir þær. Ekkert fannst þar í grenndinni sem benti til þess að þar hafi staðið sel annað en nokkur vörðubrot upp á múlanum sjálfum en óvíst er hvort þær hafi beint vegfarendum yfir Vatnaheiðina, upp á slægnaland Hrauns, eða að meintri selstöðu. Fyrir ofan mýrarsvæðin og austan þeirra tekur við gróðurlaus, gjörblásin auðn allt upp að

Hafrafelli þar sem gróðurinn heldur velli enn sem komið er. Leitað var að selstöðunni meðfram öllu Hafrafellinu, allt frá austurenda þess, vestur með suðurhlíðinni og norður yfir vesturendann, inn að svokölluðum Flötum og austur fyrir þær. Hvorki fannst tangur né tetur af selrústum og í raun enginn ákjósanlegur staður fyrir sel.

Ólíklegt má telja annað en að Hraun hafi átt selstöðu á fjalli frá fornu fari eins og *Jarðabókin* greinir frá. Hins vegar getur vel verið að selstaðan sé fyrir margt löngu annaðhvort gerblásin, hafi hún staðið upp af mýrarsvæðunum við Dýjamúla, eða falin af skriðuföllum hafi hún verið einhvers staðar undir Hafrafellinu, en sunnan og vestan þess má greina merki eftir vel grónar skriður. Einn möguleiki er þó eftir ókannaður en mögulegt er að upphaflega hafi selstaða Hrauns staðið þar sem seinna byggðist upp hjáleigan Hraunháls. Ábúandi á Hraunhálsi segist muna eftir rústum í „Hvömmunum“ þar sem nú heitir Ártún við Stafá en þær rústir eru nú komnar undir túnið (Jóhannes Eyberg Ragnarsson, munnleg heimild). Ráðgert er að kanna þessa staðsetningu betur síðar.



**Mynd 30.** Umhverfi Hafrafells. Þjóðvegurinn fyrir miðju myndar, nr. 56, liggur eftir miðri Vatnaheiðinni.

Til að flækja málin enn frekar segir í *Byggðum Snæfellsness* að Berserkjahraun hafi átt afmarkað veiðisvæði í Selvallavatni og haft í seli á Selvöllum (*Byggðir Snæfellsness* 1970:445). Hvergi annars staðar er getið um að selstaðan á Selvöllum hafi tilheyrt Berserkjahrauni. Þess í stað geta heimildir um að Selvellir og Selvallavatn hafi allt frá fornu fari tilheyrt jörðinni Horni. Þegar Selvellir verða til sem sjálfstætt býli um miðja 18. öldina var það gert með því að landi Horns var skipt í tvennt (*Sýslu- og sóknarlýsingar* 1970:193). Hafi Berserkjahraun því haft í Seli á Selvöllum hefur sú selstaða verið í landi Horns. Mögulegt er að Berserkjahraun hafi leigt selstöðuna af Horni á einhverjum tímapunkti en engar heimildir eru þó fyrir því. Staðsetningin kemur heldur ekki heim og saman við staðarlýsingu *Jarðabókarinnar* á selstöðu Berserkjahrauns. Því er líklega hér á ferðinni misskilningur byggðasöguritara.

### *3.16 Selstaða Hraunsfjarðar í Seljadal (3:1-5)*

Í *Jarðabókinni* segir um selstöðu Hraunsfjarðar: „Selstaða í besta lagi í heimalandi og þar slægjur, en mjög erfitt til að sækja“ (*JÁP* 1931-33:338). Umrædd selstaða er staðsett í Seljadal við Hraunsfjarðarvatn. Selið er innarlega í dalnum norðanverðum en í dalnum eru tvær ár og nokkrir litlir lækir. Svæðið er fremur mýrlent. Hliðar dalsins eru nokkuð blásnar ofarlega en annars er dalurinn að mestu leyti grasi gróinn og er þar enn í dag gott sumarbeitarland fyrir sauðfé. Guðbrandur Sigurðsson gerði sér far um að skoða umrædda selstöðu árið 1959 og ritaði um það grein sem birtist í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* árið 1961: „Hinar fornu seltóftir á Seljadal eru 300—400 metra norður frá suðurenda Hraunsfjarðarvatns undir vesturhlíð dalsins á hallalitlu og gróðursælu graslendi“ (Guðbrandur Sigurðsson 1961:86). Erfitt getur verið að átta sig í fyrstu á lýsingum Guðbrands því áttirnar sem hann lýsir eru aðrar en þær sem fást með áttavita og virðist þar muna um 90° (en höfundar höfðu einmitt sömu röngu áttatilfinningu og Guðbrandur á staðnum). Því er það svo að þegar Guðbrandur segir að vatnið sé norður frá selstöðunni er það í raun austur af henni. Guðbrandur lýsir alls fimm rústum í selinu (Guðbrandur Sigurðsson 1961:86):

> I. Stærsta tóftin, 4,0x1,7 m snýr frá vestri til austurs með dyr á austurgafli. Þessari tóft hefur verið raskað á síðari árum á þann hátt, að það virðist hafa verið stungið upp úr gólfinu og hún þannig dýpkuð um skóflustungu, en veggir hennar halda nákvæmlega sínum forna svip. Gamall bóndi frá Hraunsfirði sagði mér, að hann hefði heyrt orðróm um, að einn Hraunsfjarðarbóndi hefði tekið upp mó á Seljadal, þurrkað hann þar og flutt hann í þessa tóft eftir að hafa stungið upp úr henni. Móinn dró hann svo um veturinn heim á sleða.
> II. Fast við norðurvegg fyrrnefndrar tóftar er önnur tóft með dyrum mót norðri, 2x2 m að stærð.
> III. Um það bil 20—30 m norðvestur frá fyrrnefndum tóftum er ein seltóft um 2 m í þvermál, sem virðist hafa verið hringlaga og hlaðin saman í toppinn, með dyr mót norðri.
> IV. Um 40 m norður frá seltóft I er ein tóft, sem snýr frá vestri til austurs, 3x2 m að stærð. Þessi tóft hefur að líkindum verið eitthvað lengri, þó nú verði ekki um það vitað. Seinni tíðar menn hafa raskað seltóftinni með því að byggja fjárbyrgi þannig, að austur-gafl seltóftar lenti undir vesturvegg byrgisins. Gera má ráð fyrir því, að auk gaflsins hafi einnig nokkuð af lengd seltóftar horfið undir fjárbyrgið. Þætti mér líklegast, að hér hefðu staðið saman 2—3 seltóftir.
> V. Beint norður af síðastnefndri seltóft er ein tóft, að stærð 3x2 m.

Frá því að Guðbrandur skoðaði umræddar rústir hefur þó ýmislegt breyst í Seljadal. Helsta breytingin er sú að frá árinu 2005 hefur Múlavirkjun, sem stendur við suðausturenda Baulárvallavatns, haft töluverð áhrif á sveiflur vatnshæðar í Hraunsfjarðarvatni og þannig er nú umhorfs í Seljadal að umrædd selstaða er ekki lengur 300-400 metra frá vatninu heldur nær vatnið í hæstu stöðu alveg að selinu og flæðir yfir

rústir hennar. Talsvert fjaðrafok varð í kringum virkjunina í fjölmiðlum árið 2007 þegar ljóst varð að fornleifarnar hefðu orðið fyrir einhverjum skemmdum (sjá t.d. *Morgunblaðið*). Á haustmánuðum árið 2010 gerði Fornleifastofnun Íslands deiliskráningu á svæðinu fyrir Múlavirkjun og voru þá skráðar alls sjö fornleifar í heildina, en þar af voru sex þeirra taldar í afar bráðri hættu (Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2010).

Þegar rústir selstöðunnar í Seljadal voru skoðaðar á vettvangi sumarið 2011 voru skráðar alls fimm rústir sem allar höfðu verið skráðar í skráningunni 2010. Í skráningunni frá 2010 voru fornleifarnar því tveimur fleiri, en mat höfunda á vettvangi var að í tveimur tilvikum hafi verið um náttúrumyndanir að ræða en ekki fornleifar. Ein þeirra rústa sem skráð var bæði í deiliskráningunni árið 2010 og af höfundum hafði Guðbrandur misst af á sínum tíma. Umrædd rúst stendur í töluverðri fjarlægð frá hinum fjórum eða um 450 m norðaustar. Rústin (3:1) mældist 15x6 m og skiptist í fjögur rými, a-d. Ekki fundust aðrar rústir í námunda við þessa þrátt fyrir nokkra leit. Þessari rúst er ekki búin bráð hætta af vatninu en hún stendur um 250 m beint suðvestur af því.

Aðrar rústir selstöðunnar eru, sem áður segir, beint vestur af vatninu og eru þær í megindráttum eins og Guðbrandur lýsir rústum I-III. Lítil lækjarsytra rennur beint norðan við þessar rústir. Fyrst ber að nefna aflanga rúst (3:2) um 9x6 m að stærð sem líklega hefur verið skepnuhús. Rústin er nokkuð heilleg en vatnið hefur þó greinilega náð til hennar því rofið er úr veggjunum. Á flötinni fyrir framan rústina fannst nokkuð heillegur handsmíðaður járnnagli sem bersýnilega hefur komið úr rofinu í suðurhorni rústarinnar. Járnaglinn var afhentur Fornleifavernd ríkisins til varðveislu. Beint norður af þessari rúst er önnur (3:3) sem líklega hefur verið tvöföld um 8,8x4 m að stærð. Rúst þessi mun vera sú sama og Guðbrandur nefnir sem rúst II, og er annað rými hennar nær algerlega horfið vegna rofs. Þriðja rústin á svæðinu (3:5) stendur um 20 m norðvestan við fyrri rústirnar tvær. Rústin var nokkuð ógreinileg en mældist um 6x4 m að stærð. Hugsanlega hefur þetta verið geymslu- eða vinnsluhús af einhverju tagi. Líklega mun þetta vera sama rúst og Guðbrandur skráði sem rúst III. Fjórða og seinasta rústin á þessu svæði (3:5) er afar illa farin vegna vatnsrofsins og er aðeins rétt um fjórðungur hennar eftir af upphaflegri stærð sem hefur verið á að giska 8x8 m. Rúst þessi mun líklega vera sú sama og Guðbrandur skráði sem rúst IV en þá taldi hann að yngra fjárbyrgi hefði raskað henni og fleirum sem kunna að hafa verið þarna. Ekki er hægt að leggja mat á hvort þarna hafi

verið fleiri rústir því allt svæðið í kringum rústina er nú eitt samfellt rof.

Guðbrandur taldi að minnst tvær selstöður hefðu verið í Seljadal: „Það er sannfæring mín, að á Seljadal hafi staðið tvö sel og að helzt tvær seltóftir hafi horfið undir áðurnefnt fjárbyrgi. Nafn dalsins bendir einnig til þess. Annað selið kann að hafa tilheyrt Snorrastöðum, sem stóðu skammt vestur frá bænum Hraunsfirði“ (Guðbrandur Sigurðsson 1961:83). Mögulegt er að rústir þær sem Guðbrandur skráði árið 1959 hafi verið rústir tveggja kynslóða en um það er ómögulegt að segja nú því ekki er annað




**Mynd 31-32.** Efri myndin sýnir þær rústir selstöðunnar sem liggja nær vatninu. Brotalínur á rústum sýna hluta sem horfnir eru að miklu eða öllu leyti. Neðri myndin sýnir rúst 16:1 sem liggur um 450 m suðvestar.

eftir að annarri kynslóð Guðbrands en stakur gaflveggur. Þær rústir sem skráðar voru nú á svæðinu gætu allar verið samtíða en þó má velta upp þeirri spurningu hvort staka rústin 450 m suðvestar sé ekki leifar af annarri kynslóð selstöðunnar. Til að fá endanlega úr því skorið þyrfti þó að rannsaka þessar rústir frekar og ná í sýni til aldursgreiningar og skera úr um hvort rústin staka og rústaþyrpingin séu samtíða eður ei.

Þær ástæður sem legið hafa að baki því að selstaða hefur byggst upp í Seljadal eru fyrst og fremst hið mikla beitar- og slægnaland í dalnum en allt fram á 20. öld nýttu menn Seljadal til slægna (Guðbrandur Sigurðsson 1961:85):

> Bóndi sem bjó í Hraunsfirði kringum 1920 hefur sagt mér, að eitt sinn fór hann ásamt öðrum manni upp á Seljadal. Þeir slógu alls 70 hestburði yfir daginn. Grasleysissumarið 1918 heyjaði fólk úr Stykkishólmi á Seljadal. Nú liggur þetta góða engi ónotað vegna þess að enginn vinnur það til að koma heyinu heim.

Þar að auki hefur góð silungsveiði ætíð verið í Hraunsfjarðarvatni og þá má einnig nefna að mýrin í Seljadal er nokkuð járnrík og hefur fólk e.t.v. spreytt sig við rauðablástur í selinu.

Ekki virðist vera ástæða til að draga í efa að hér hafi verið haft í seli frá Hraunsfirði en Snorrastaðir sem Guðbrandur nefnir eru af sama sauðahúsi og eyðibýlið Gautsstaðir.[3] Ekki hefur verið staðfest hvort þar hafi verið býli, aðeins munnmæli eru um að svo hafi verið. Selstaðan hefur staðið í um tæplega 2,5 km fjarlægð frá heimabæ þótt það hafi verið einhverjum erfiðleikum bundið að komast í selið. Ólíklegra er þó að selstaðan sem skráð var sé selstaða Auðunns Stota, landnámsmanns í Hraunsfirði og Eyrúnar Naddaðardóttur, konu hans líkt og Guðbrandur taldi (Guðbrandur Sigurðsson 1961; *Íslendinga sögur* I:71-72). Hvort sem vitnisburði *Landnámabókar* er trúað eður ei eru rústirnar ekki nægjanlega gamlar til að það komi til greina en ólíklegt má telja að fornleifarnar í Seljadal séu mikið eldri en frá 16. öld, þó líklega ekki yngri en frá þeirri 18. Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið að eldri minjar kynnu að leynast einhvers staðar undir sverði í dalnum, t.d. undir þeim rústum sem skráðar hafa verið.



**Myndir 33-34.** Myndirnar sýna nokkuð greinilega hvernig vatnið hefur náð að hrifsa til sín ríflega helgming rústarinnar. Vinstri myndin er frá árinu 2006 og birtist í *Morgunblaðinu* (horft til NV. Heimild: *Morgunblaðið*) en sú hægri var tekin sumarið 2011 (horft til N. Ljósm. SEC).

Eins og kom fram að ofan eru fjórar rústir af þeim fimm sem skráðar voru í bráðri hættu vegna hækkaðs vatnsborðs í Hraunsfjarðarvatni og eru nú þegar þrjár rústanna talsvert skemmdar, þar af ein nær alveg horfin. Á myndum 33-34 hér að ofan má sjá hversu mikið sú rúst hefur skemmst á aðeins fimm árum. Ljóst er því að ef ekkert verður að gert munu allar þessar rústir á endanum verða vatninu að bráð og ættu allir aðilar sem að málinu hafa komið, Múlavirkjun, Fornleifavernd ríkisins og skipulagsyfirvöld, að sjá sóma sinn í að bjarga þessum menningarverðmætum áður en það verður um seinan.

[3] Vonir standa til að staðsetja hið meinta býli Snorrastaði. Finnist rústir þar má telja líklegt að þær séu mjög fornar. Mögulega forveri þess bæjar sem seinna byggist sem Hraunsfjörður, landnámsbýli Auðuns Stota.

### *3.17 Selstaða Horns á Selvöllum (6:1-12)*

Í nokkuð þröngum, grasi vöxnum dal upp af suðurenda Selvallavatns sem til forna hét Svínavatn er að finna minjar a.m.k. tveggja kynslóða selja. Selstaðan afmarkast af litlum læk við fjallshlíð að sunnan- og vestanverðu og tveimur nokkuð stórum hólum eða holtum að norðan- og austanverðu. Mannvirki selstöðunnar ná upp á hólanna að hluta til og eru íveruhúsin sitt á hvorum hólnum. Á milli lækjarins og hólanna er slétt smáþýft graslendi.

Alls voru skráðar 12 fornleifar sem taldar voru tilheyra selstöðunni en á svæðinu eru einnig rústir eyðibýlisins Selvalla sem byggðist upp úr selstöðunni um miðja 18. öld en féll í eyði árið 1936, m.a. vegna þess að fremur snjóþungt var þar á vetrum (Guðbrandur Sigurðsson 1957b:59). Rústirnar tólf sem skráðar voru tilheyra að öllum líkindum tveimur kynslóðum selja. Verður nú hvoru selinu lýst fyrir sig eftir túlkun höfunda á skiptingu kynslóðanna.

Eldri húsin virðast öll vera byggð eingöngu úr torfi en aðalrúst þessarar kynslóðar er byggð utan í eystra holtið. Aðalrústin (6:1) sem líklega hefur verið íveruhús er 16x5,5 m að stærð og skiptist hún í þrjú eða fjögur rými. Nánast í beinu framhaldi af þessari rúst er önnur ílöng (6:2) 19x6 m að lengd sem einnig skiptist í þrjú rými. Ekki er að sjá annað en að þessar tvær rústir séu álíka gamlar en líklegt er að þessi rúst (6:2) hafi verið skepnuhús eða geymslur af einhverjum toga. Í brekkunni á holtinu er þriðja rústin (6:3) en hún var fremur lítil eða um 2x2 m að stærð. Aðrar rústir sem líklega tilheyra þessari kynslóð raða sér meðfram lækjarbakkanum. Efst þeirra er afar ógreinileg rúst (6:4) á að giska 7x4 m. Um 25 m neðar, en ekki eins nálægt bakkanum, er önnur lítil rúst (6:5) um 5x4 m að stærð en hún er einnig nokkuð ógreinileg þannig að ekki reyndist unnt að greina hvort eða hvar dyraop hafi verið á henni. Í um 20 m fjarlægð, alveg við bakkann, er enn ein smárústin (6:7), um 5x3,5 m að stærð en dyraop virðist vera á þeirri rúst til norðvesturs, mót læknum. Um 20 m neðar í brekkunni, nálægt lækjarbakkanum, er rúst (6:8) mjög áþekk hinum sem áður hefur verið lýst og er hún 5x3 m að stærð. Ekki eru þó sýnilegar dyr á rústinni. Að seinustu skal nefna eina mögulega rúst til viðbótar (6:9) sem hugsanlega hefur verið skipt í tvö rými en annað þeirra er í raun lítið annað en niðurgröftur. Þessi rúst er u.þ.b. 5x4 m að stærð en er öll mjög ógreinileg og mögulega

gæti verið um náttúrumyndun að ræða. Þótt hér séu rústirnar sagðar tilheyra eldri kynslóð selsins er þó ekki víst að þessar rústir hafi allar verið í notkun á sama tíma og má e.t.v. telja líklegra að svo hafi ekki verið, m.a. vegna fjölda þeirra.

Þær rústir sem tilheyra yngri kynslóðinni hafa allar grjót í veggjum sínum. Aðalrúst þessarar kynslóðar (6:11) er staðsett á hinu holtinu, því vestara, en rústin sjálf er um 16x5,5 m að stærð og skiptist í a.m.k. tvö rými. Austur- og suðausturhlutar þessarar rústar eru nokkuð illa farnir en svo virðist sem grjót hafi verið tekið úr veggjum þegar



**Mynd 35.** Rúst 6:1 á Selvöllum, utan í hólnum. Ásta Hermannsdóttir stendur í miðri rústinni. Í baksýn glittir í Selvallavatn (Ljósm. SEC).

eitthvert hinna yngri húsa býlisins Selvalla var reist. Því getur vel verið að rúst þessi hafi eitt sinn skiptst í fleiri rými. Á sama holti, um 40 m norðar, er önnur rúst líklega sömu kynslóðar (6:12). Rústin hefur verið um 8x7 m að stærð og dyr hafa verið á norðvesturhorni hennar. Líklega hefur þetta verið skepnuhús af einhverjum toga. Þriðja rústin, sem líklega hefur verið aðhald, (6:10) er staðsett neðst í brekkunni fyrir neðan bæjarstæði Selvalla og neðan, eða suðsuðvestan, við holtið sem rústir 6:10 og 6:12 standa á. Þessi rúst hefur verið um 7,6x6 m að stærð en mögulega hefur hún verið í notkun á

báðum skeiðum selstöðunnar þótt erfitt sé að fullyrða nokkuð um það. Þó fannst engin önnur rúst sem líkleg er til að hafa verið aðhald á eldra skeiðinu. Að seinustu skal nefna eina rúst sem stendur í brekkunni fyrir ofan bæjarlækinn, þar sem margar hinna eldri rústa eru. Rúst þessi (6:7) er um 6x4 m að stærð og er hún tvískipt með dyraop á báðum rýmum út til norðurs.

Um allar þessar rústir má segja að þær eru vel grónar, sem og svæðið allt í heild sinni. Engin rústanna er í nokkurri hættu en þær rústir sem raða sér á lækjarbakkann gætu lent í hættu ef rof hefst í brekkunni. Einhverjar rústanna gætu hafa tilheyrt fleiri en einni kynslóð selja, t.d. aðhaldið 6:10, en ekkert annað aðhald eða innrekstrarmannvirki fannst sem talið er að geti tengst seljunum. Þá er einnig mögulegt að eldri selstöðumannvirki leynist undir rústum bæjarhúsa Selvalla eða útihúsum býlisins.

Auk góðra beitarhaga hefur þetta selland einnig verið öðrum kostum gætt. Beitarlandið er nægilegt svo að hægt hefur verið að nýta landið einnig til slægna. Nægur fiskur hefur verið í Selvallavatni og fjallagrös hafa fengist úr heiðalandinu fyrir ofan selstöðuna. Horn, heimabær selstöðunnar, hefur væntanlega byggst úr landi Hraunsfjarðar en hversu snemma er ekki vitað. Horn er þó komið í byggð árið 1360 þegar Snorri Andrésson selur Ásgrími ábóta og Helgafellsklaustri jörðina fyrir fjórðung úr Berskerskeyri í Eyrarsveit auk lausafjár sem m.a. innihélt skinnbókina *Kolbrúnu*




**Myndir 36-37.** Efri: rúst 16:10 á Selvöllum (Ljósm. SEC). Neðri: yfirlitsteikning af öllum rústum selstöðunnar. Af fjölda þeirra að dæma þykir líklegt að kynslóðir selstöðunnar séu a.m.k. tvær.

(*Íslenzkt fornbréfasafn* VI:12-13). Ljóst er því að Horn hefur verið komin í byggð vel fyrir þann tíma en munnmæli herma að Auðunn stoti landnámsmaður í Hraunsfirði hafi gefið jörðina Horni vini sínum eða leysingja (Guðbrandur Sigurðsson 1957b:60). Ekki verður þó tekin afstaða til þessara sagna hér en í *Jarðabókinni* eru báðar jarðirnar, Horn og Hraunsfjörður, metnar á 12 hundruð og sagt er um selstöðu Horns: „Selstaða góð í heimalandi“ (*JÁP* 1931-33:337).

Mögulegt er að yngri kynslóð selstöðunnar sem skráð var hafi verið sú sem í notkun var á 18. öldinni þó rústirnar geti allt eins verið eldri. Eldri kynslóð selstöðunnar gæti eins verið nokkuð forn, hugsanlega jafn gömul býlinu Horni. Fjarlægð frá heimabæ að selstöðu hefur verið um 1,8 km í beinni loftlínu en væntanlega hefur verið um aðeins lengri veg að fara, en þó ekki mjög erfiðan þar sem leiðin er mest öll á jafnsléttu eða neðarlega utan í fjallshlíð.

### *3.18 Selstaða Bjarnarhafnar á Seljum (11:1-4)*

Í *Landnámabók* er aðeins sagt frá þremur selstöðum. Ein þeirra er selstaða Björns austræna landnámsmanns í Bjarnarhöfn. Um Björn segir í *Landnámu*: „Björn inn austræni fór til Íslands ok nam land á milli Hraunsfjarðar ok Stafár. Hann bjó í Bjarnarhöfn á Borgarholti ok hafði selför upp til Selja ok átti rausnarbú“ (*Íslendinga sögur* I:72).

Selstaðan er staðsett undir Bjarnarhafnarfjallinu sunnanverðu, í landi eyðibýlisins Selja, upp úr norðanverðum Seljafirði sem gengur inn úr Hraunsfirði (eða Urthvalafirði). Í suðaustur frá selstöðunni blasir við Seljafell en Seljadalur liggur á milli Seljafellsins og Bjarnarhafnarfjallsins. Núverandi vegur um Helgafellssveit áleiðis til Grundarfjarðar liggur um Seljadal. Selstaðan sjálf kúrir í grashvilft á milli tveggja holta upp af norðausturhorni Seljatúnsins. Hvilftin er breiðust fremst en minnkar inn á við, til norðausturs. Selið er framarlega í hvilftinni og er gróið sama gróðri og hvilftin. Austan við eystri hólinn er lækur sem þornar einungis í mestu þurrkum. Vestan og norðan við selstöðuna má bersýnilega sjá að aurskriður hafa fallið á svæðinu en býlið Litlu-Seljar, sem stóð nokkuð vestar, lagðist af í aurskriðu á miðri 19. öld (*Byggðir Snæfellsness* 1977:445).






**Myndir 38-39.** Til vinstri: fyrir miðri mynd má sjá rústaþyrpingu 11:1 á Seljum (Ljósm. SEC). Til hægri: yfirlitsteikning af rústunum á Seljum.

Alls voru skráðar þrjár rústir í selstöðunni en þessar rústir eru töluvert frábrugðnar öðrum seljarústum sem skráðar höfðu verið annars staðar og fjallað var um hér að framan. Aðalrústin (11:1) er um 12,4x8 m að stærð og virðist skiptast í fjögur samtengd rými. Austustu rýmin tvö geta hafa verið kvíar en næsta rými vestan við þau hefur líklega ekki haft vegg að sunnanverðu, þ.e.a.s það hefur verið opið að framanverðu. Mögulegt er að þessi rúst hafi verið einskonar búðarrúst og því hafi eingöngu verið tjaldað yfir rústina, það eru þó aðeins órökstuddar getgátur. Svo virðist sem að öll þessi lengja hafi verið grafin inn í brekkuna sem þarna er. Seinasta rýmið í lengjunni stendur nokkuð hærra en hin og er líklega geymsla eða einhvers konar vinnsluhús, jafnvel íveruhús.

Önnur rúst (11:2) er skammt vestan við hina fyrri. Rústin er mjög ógreinileg en hugsanlega hefur aurskriða skaddað hana að einhverju leyti. Í raun er þessi rúst ekki annað en garðlag sem virðist afmarka um 4x4 m stórt svæði. Suðurhluti garðsins er þó myndaður af þúst sem gæti verið hluti af garðlaginu en gæti einnig geymt rúst. Nokkuð norðar, ofar í brekkunni, stendur þriðja rústin (11:3) en hún er nokkurn veginn skeifulaga og afmarkar svæði sem hefur verið um 3x3 m að stærð. Báðar þessar síðasttöldu rústir hafa að öllum líkindum verið aðhöld fyrir skepnur eða einhvers konar vinnslurými eða -svæði. Rústirnar eru allar mjög fornlegar að sjá, sokknar og vel grónar. Ekki er loku fyrir það skotið að fleiri rústir og jafnvel fleiri kynslóðir selja séu á svæðinu en aurskriður gætu hafa afmáð öll merki um þær, en einnig gæti verið að minjar séu undir yngri rústum á bæjastæði Selja.

Aðalástæða þess að seli þessu hefur verið fundinn hér staður er góðir beitarhagar á sléttunum fram af Seljum. Í *Jarðabókinni* er ekki sagt frá miklum landkostum öðrum en

beitarhögum þó nefnt sé að þar megi bæði nýta móskurð og krækling (*JÁP* 1931-33:397). Hluta beitarlandsins hefur enn fremur mátt nýta til slægna en í dag nýta nokkrir frístundabændur úr Stykkishólmi þessi lönd til sumarbeitar.

Hvað varðar aldur selstöðunnar benda heimildir til þess að um mjög forna selstöðu sé að ræða. Eins og áður var greint frá töldu höfundar *Landnámu* að þar hefði fyrstur haft í seli landnámsmaðurinn Björn austræni. Hvort umræddar rústir eru svo gamlar skal ósagt látið en vissulega eru þær fornlegar að sjá. Vart kemur til greina að hér sé selstaða annars bæjar en Bjarnarhafnar og ekki getur verið að selstaðan sé yngri selstaða frá bænum Seljum því um sömu tún og beitarhaga er að ræða. Allar líkur eru því á því að selstaðan sé eldri en býlið. Svo virðist sem Seljar séu þegar orðnar að tvíbýlinu Stóru- og Litlu-Seljum árið 1270 (*Íslenzkt fornbréfasafn* II:82). Selstaðan hefur því verið orðin að býli þegar á 13. öld, sennilega nokkuð fyrr. Selstaðan er því að öllum líkindum mjög forn. Nokkur spotti hefur verið frá Bjarnarhöfn inn að selstöðunni, eða um 5 km.


**Mynd 40.** Rústaþyrping 11:1.

Seljar urðu seinna stöndugt býli sem metið var á 24 hundruð í *Jarðabókinni* og Litlu-Seljar á 12 hundruð (*JÁP* 1931-33:336) en gjarnan er miðað við að sæmilegt meðalbýli hafi verið 12 hundruð (Einar Laxness 1995:213). Litlu-Seljar lögðust af vegna skriðufalla fyrir miðja 19. öld (*Manntal á Íslandi 1801* 1979:132; *Manntal á Íslandi 1845* 1983:129) en Seljar héldust þó áfram í byggð fram til ársins 1959 (*Byggðir Snæfellsness* 1977:445). Þess má einnig geta að frammi í túninu á Seljum er smávegis rústahóll sem girtur er í kring með gerði. Þetta mun að öllum líkindum vera bænhúsrúst, en varðveittur er máldagi bænhússins frá lokum 15. aldar eða byrjun þeirrar 16. (*Íslenzkt fornbréfasafn* VII:66). Garðinum hefur bersýnilega verið haldið við eitthvað lengur eftir að bænhúsið var lagt af og þá sennilega sem gerði eða aðhald fyrir skepnur.

### *3.19 Selstaða Bjarnarhafnar á Ámýrum (19:1-n)*

Eftir að Seljar urðu að sérstöku býli má ætla að enn hafi verið haft í seli frá Bjarnarhöfn en selstaðan verið flutt. Hafa menn löngum talið að selstaðan hafi þá verið flutt frá Seljum að Ámýrum (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:73). Þegar *Jarðabókin* var tekin saman á 18. öld var selstaðan enn á Ámýrum. Um hana segir:„Selstaða erfið með góðum högum“ (*JÁP* 1931-33:332). Um hjáleiguna Ámýrar segir hins vegar: „Hagar góðir í selstöðu heimajarðarinnar, þar sem hjáleigan stendur“ (*JÁP* 1931-33:334). Ekki er að sjá annað af þessum færslum en að hjáleigan og selstaðan hafi staðið á sama blettinum.

Ámýralandið liggur undir vestanverðu Bjarnarhafnarfjallinu, neðan við svokallaðan Otradal. Nær sjónum er landið nokkuð slétt og mjög mýrlent en við fjallið einkennist landið af skriðum og bröttum brekkum. Guðbrandur leiddi að því líkum að upphaflega hafi þessi staður heitið á Mýrum og er sú tilgáta ekki ósennileg (Guðbrandur Sigurðsson 1957a:73). Þrátt fyrir mýrlendið eru þarna hagar góðir líkt og *Jarðabókin* greinir frá en einnig getur verið að nyt hafi verið höfð af selveiði (*JÁP* 1931-33:334). Leiðin frá Bjarnarhöfn inn að Ámýrum hefur ekki verið auðveld yfirferðar en á leiðinni þarf að fara yfir mörg skriðuföll.



**Mynd 41.** Horft inn að bæjarhól Ámýra (Ljósm. SEC).

Bæjarhóll og rústir sem tilheyra hjáleigunni eru vel sýnilegar en ekki fundust neinar rústir sem tilheyra selstöðunni sem þarna á að hafa verið. Vel má vera að rústir selstöðunnar hafi annaðhvort tekið af í skriðuföllum eða að þær séu nú algerlega horfnar í mýrina. Annar möguleiki virðist þó einnig vera fyrir hendi. Eins og frá var greint hér að ofan er því gjarnan haldið fram að selstaða Bjarnarhafnar hafi verið færð inn að Ámýrum eftir að Seljar byggjast upp sem sérstakt býli. Ekki hefur þó selstaðan staðið ein í Ámýralandi lengi því samkvæmt landamerkjabréfi Bjarnarhafnar frá því um 1270 eru Ámýrar þá þegar hjáleiga frá Bjarnarhöfn (*Íslenzkt fornbréfasafn* II:82).

Þetta bendir því til þess að fyrirkomulag það sem *Jarðabókin* greinir frá sé reist á nokkuð fornum grunni og því hafi selstaðan og hjáleigan nýtt sama beitar- og slægnalandið allt frá 13. öld fram á þá 18. Hafi svo verið mætti e.t.v. setja fram þá órökstuddu tilgátu að ekki hafi verið sérstök hús sem tilheyrðu selstöðunni á Ámýrum heldur hafi húsakostur hjáleigunnar og selsins verið einn og hinn sami. Hafi svo verið mætti einnig kanna hvort þetta fyrirkomulag hafi ekki einnig þekkst á öðrum stöðum. Því er mögulegt að hér sé komið fram nýtt form seljabúskapar þar sem stærri býli hafa haft í seli í landi hjáleigna. Þetta er þó, enn sem komið er, aðeins tilgáta sem þarfnast frekari rannsókna.



**Mynd 42.** Horft frá selstöðu heim til Akureyja. Rúst 20:3 lenst til hægri en greinilegt að rofið hefur úr henni (Ljósm. SEC).

### *3.20 Selstaða Akureyja við Selhóla í Bjarnarhafnarlandi (20:1-4)*

Heimildir eru um mjög forna selstöðu Akureyja á landi en svo segir í landamerkjabréfi Bjarnarhafnar frá því um 1270: „Jordunni Biarnarhofn fylgir Hrutey. Stangasker. bud og skipstada i Höskuldsey. item önnur bud og skipstada i Akurey. Akureyingar eiga selför millum hagagarda. tolf kugilda beit. ef þeir eiga svo til er það bua en taka ekki til af öðrum. hvort fleira sem þeir vilia asaud edur kyr“ (*Íslenzkt fornbréfasafn* II:82). Vart kemur annar staður til greina undir þessa selstöðu en Selhólar sem liggja beint undir norðvestanverðu Bjarnarhafnarfjalli, gegnt Akureyjum, u.þ.b. miðja vegu á milli Ámýra og Bjarnarhafnar. Selhólarnir eru þrír talsins og eru rústir selstöðunnar staðsettar utan í stærsta hólnum, bæði að austan- og vestanverðu. Selstaðan er mjög nálægt sjávarbakkanum en bakkinn er bersýnilega smátt og smátt að hverfa í sjóinn og er því selstöðunni búin afar bráð hætta.

Rústir selstöðurnar eru fjórar talsins. Aðalrústin, sem byggð er inn í hólinn að austanverðu, er tvöföld og mælist alls 10x6 m að utanmáli. Hefur þessi rúst líklega verið bæði geymsla eða búr og mannabústaður. Tvær aðrar rústir eru við vestanverðan hólinn. Önnur þeirra liggur litlu ofar og er 6x5 m að stærð en hin liggur nú alveg á barmi sjávarbakkans, en um 10 m þverhnípi er frá henni og niður í grýtta fjöruna. Þessi rúst hefur upphaflega verið nokkuð stærri en nú er líklega aðeins helmingur hennar eftir eða



**Myndir 43-44.** Til hægri: rúst 20:2 við Selhóla (ljósm. SEC). Til vinstri: yfirlitsteikning af rústum selstöðunnar.

um 4x3 m. Í rofabarðinu hjá rústinni sáust viðarkol og það sem virtist vera torf. Fjórða rúst selstöðunnar er staðsett utan í hólnum austanverðum og er það líklega kvíarúst, 6x3 m að stærð, sem mögulega hefur verið tvöföld. Allar eru þessar rústir gerðar úr blöndu af torfi og grjóti, eru verulega sokknar og líta nokkuð fornlega út.

Í kringum selstöðuna eru nokkuð góðir beitarhagar þó svo svæðið í kring sé í talsverðum bratta og víða mjög blautt undir. Þó ekki sé hægt að greina þess merki nú, vegna ágangs sjávar á landið, hefur selstöðunni líklega verið fundinn staður þar sem aðgengi að sjó hefur verið gott. Stutt hefur verið að fara í selið til og frá Akureyjum en bein loftlína þangað er 1,5 km. Í örnefnaskrá Bjarnarhafnar segir að austan Selhólanna gangi nokkuð langt rif fram í sjóinn sem heitir Kúarif (*Örnefnaskrá Bjarnarhafnar*). Hugsanlegt er að þaðan hafi verið siglt til og frá selstöðunni.

Hvort Akureyingar hafi sótt önnur aðföng en beitarland upp á fastalandið er ekki víst en við Selhóla eru engin önnur augljós aðföng. Þó ber að geta þess að í Akureyjum eru hin ágætustu tún sem hugsanlega eru orsök nafngiftarinnar Akureyjar. Ólafur Lárusson taldi að Akureyjar hefðu verið kenndar við akurlönd Björns Austræna í Bjarnarhöfn (Ólafur Lárusson 1945:101) en höfundar telja það afar ólíklega skýringu. Nærtækari skýring er sú að tún Akureyja hafi verið óvenju slétt, sem þau eru, og hafi líkst ökrum.

Í *Jarðabókinni* segir um selstöðu Akureyja: „Jörðin á selstöðu í Bjarnarhafnar landi, xii kúgilda beit" (*JÁP* 1931-33:342), en þetta er sama ákvæði og greint var frá á 13. öld og hefur því selstaða líklega verið á þessum stað frá 13. öld fram á þá 18. Þessi niðurstaða kemur illa heim og saman við þær rústir sem skráðar voru á vettvangi en ekki

voru greinileg merki langvarandi notkunar á þessum stað líkt og sást t.d. á Selvöllum þar sem verið hafa a.m.k. tvær kynslóðir selja og mun fleiri sýnilegar rústir.

Rústirnar á þessum stað sverja sig frekar í ætt með þeim stöðum þar sem ætla má að notkunartíminn hafi verið fremur skammur líkt og í Gautsstaðagróf eða á Seljum. Eins og áður sagði eru rústirnar fremur fornlegar að sjá og er það túlkun höfunda að sýnilegar rústir í selstöðunni séu mun eldri en frá 18. öld og líklega frá því fyrir árið 1500. Hugsanlega má skýra þetta misræmi með því að selstaðan hafi á seinni tímum verið nýtt fyrir útigöngu fjár að sumri til og hafi sú útgerð ekki krafist húsakosts. Önnur, hugsanlega líklegri skýring, er að yngri minjarnar séu fyrir löngu horfnar í sjóinn eða undir skriður, líkt og minjar þær sem skráðar voru á vettvangi munu gera haldi sjórinn áfram ágangi sínum. Brýnt er því fyrir Fornleifavernd ríkisins að hafa vökult auga með þessum minjum þar sem þær gætu hæglega stórskemmst eða horfið algerlega á mjög skömmum tíma.

# 4 Prufuholur í Þórsárdal í landi Hrísakots

Eins og áður kom fram var markmið sumarsins 2011 auk skráningar á selstöðum í Helgafellssveit að rannsaka eina þeirra með prufuholum, hina meinta selstöðu Hrísa innarlega í Þórsárdal. Varðandi almenna umfjöllun um selstöðuna og rústir hennar er vísað í kafla 3.1 og í fornleifaskrá (sjá kafla 10:4). Tilgangur prufuholanna var einkum að ná í viðarkolasýni til C-14 greininga en einnig til að varpa frekara ljósi byggingarlag rústanna sem og hvert hlutverk þeirra hefur hugsanlega verið. Fyrir rannsókn var talið að um tvær misgamlar kynslóðir selja væri að ræða, þá yngri frá 18. öld en hina eldri frá 16. öld.

Byrjað var á því að setja upp hnitakerfi fyrir allar rústirnar í selstöðunni og var þess freistað að nýta sama hnitakerfið fyrir rústirnar bæði á norður- og suðursvæðinu og var hnitakerfið því látið stefna í norður-suður. X-ás hnitakerfisins var látin hækka mót norðri en Y-ás hnitakerfisins mót austri. Á endanum reyndist ekki unnt að leggja út eitt samfellt hnitakerfi fyrir bæði svæðin þannig að lögð voru út tvö sjálfstæð kerfi en reynt var að halda skekkju milli þeirra í lágmarki. Upphafspunktur hnitakerfisins á syðra svæðinu fékk hnitið X91; Y200 en upphafspunktur nyrðra hnitakerfisins fékk hnitið X181; Y211. Hæðarpunktur fyrir selstöðuna var ákveðinn á hraunnibbu sem skagar fram úr brúninni á milli svæðanna tveggja. Hæðarpunkturinn var mældur með GPS-mælitæki 100 m yfir sjávarmáli. Sökum þess hversu mikill hæðarmunur var á milli svæðanna tveggja var settur út annar hæðarpunktur á suður-svæðinu en honum var fundinn staður á stórum steini úti við Þórsá, og mældur út frá þeim fyrri 102.98 m yfir sjávarmáli.

Allur uppgröftur fór fram með handverkfærum; skóflum og múrskeiðum. Haldin var sérstök ljósmyndaskrá fyrir prufuholurnar auk funda- og sýnaskráa. Áður en prufuholugröftur hófst voru allar rústir selstöðunnar mældar inn og teiknaðar nákvæmlega í mælikvarðanum 1:50. Prufuholurnar voru ljósmyndaðar með stafrænum hætti fyrir, á meðan og eftir rannsókn. Hrun úr þaki í prufuholum 1 og 2 var teiknað inn í mælikvarðanum 1:20. Þau viðarkolasýni sem voru úr óhreyfðum jarðlögum, þ.e. ekki úr hruni, voru mæld inn.

Þess má einnig geta að uppgröfturinn í Þórsárdal er sá fyrsti sem fer fram í Helgafellssveit síðan Bólstaður í Álftafirði var rannsakaður fyrir áttatíu árum eða árið 1931 (Matthías Þórðarson 1932). Rannsóknirnar á Bólstað, sem og sagnir af fornleifafundum á Svelgsá og á Hofstöðum þegar grafið var fyrir mannvirkjum þar (Þorleifur Jóhannesson 1940), gáfu fyrirheit um að jarðvegsþykknun væri óveruleg á svæðinu og að vænta mætti ummerkja um mannvist á u.þ.b. 30 - 40 sm dýpi. Þessar sömu rannsóknir höfðu einnig gefið fyrirheit um að ólíklegt væri að gjóskulög fyndust auðveldlega í prufuholunum sem nota mætti til aldursgreininga.





**Myndir 45-46.** Til vinstri: teikning af rúst 13:1 og staðsetningu prufuholunnar. Til hægri: prufuhola 1 í rúst 13:1. Fyrir miðju glittir í viðarkolalag sem sýni (nr. 9) var tekið úr (Ljósm. SEC).

### *4.1 Prufuhola 1 X192;Y213*

Prufuholan var grafin í þá rúst sem talin var vera aðalrúst yngri selstöðunnar. Rústin mældist 8,5x5 m að stærð og sneri nokkurn veginn í norður-suður. Dyr voru á rústinni á norðurgaflinum mót norðaustri. Prufuhola, 1x1 m að stærð, var sett í miðja rústina nærri innri gaflvegg en þó ekki þétt upp að honum. Greinilegt var fyrir rannsókn að þó nokkuð grjót hefur hrunið inn í rústina en prufuholunni var valin staður m.a. með hliðsjón af því.

Prufuhola 1 var mæld inn í hnitakerfið og reyndist suðvestur horn hennar vera í hnitinu X192; Y213. Rétt undir grassverði, á um 10 sm dýpi, var komið niður á steina sem tilheyrðu hruni úr veggjum og þaki. Ekki reyndist auðvelt að koma auga á torfið því öll gjóskulög sem svo oft einkenna íslenskt torf vantaði algerlega. Torfið var þó ögn skotið rauðum slettum sem koma úr járnríkum jarðvegi þar sem torfið hefur verið tekið. Innan um hrunið voru slitrur af mannvistarlagi blandað grófum sandi sem skotinn var viðarkolum en þó engum það stórum að hægt væri að taka þau sem sýni. Ákveðið var að




**Mynd 47.** Planteikning af prufuholu 1 í rúst 13:1.

teikna þá steina sem fyrir voru og athuga hvort gólflag leyndist þar undir. Í ljós kom að undir hruninu var ekki um eiginlegt gólflag að ræða heldur einungis slitrur af mannvistarlagi blönduðu grófum sandi. Tekið var eitt sýni úr þessu lagi (Sýni 10).

Þegar neðar dró í prufuholunni, á 18 sm dýpi, var komið niður á ljósgrátt leirkennt lag og beint undir því var um tæplega 1 sm þykkt viðarkolalag sem tekið var sýni úr (Sýni 9). Undir þessu viðarkolalagi, á um 34 sm dýpi, tók við mjög blautur og leirkenndur jarðvegur þar sem skiptust á grá og rauðbrún lög sem brotin voru upp með reglulegu millibili af járnútfellingum. Virtist sem svo að hér væri um algerlega óhreyfð jarðlög að ræða. Í botni prufuholunnar, á um 45 sm dýpi, var, auk leirkenndu laganna, komið niður á steina sem allir virtust vera óhreyfðir, a.m.k. af mannavöldum.

Sennilega hefur viðarkolalagið ekki verið hið eiginlega gólf í þessu húsi heldur bendir það frekar til að eldstæði hafi verið í næsta nágrenni. Þá mátti einnig sjá á þeim flötu steinskífum sem komu úr þaki rústarinnar að önnur hlið þeirra var sótbrennd og því hefur eldur brunnið í húsinu. Ekkert eiginlegt gólflag fannst því í rústinni en hugsanlegt er að mokað hafi verið reglulega út úr húsinu og að grófur sandur hafi verið borinn í gólfin en slitrur af mannvistarlagi fundust blönduð saman við þennan grófa sand. Engir gripir fundust í prufuholunni.

## *4.2 Prufuhola 2 X111;Y207*

Tvær prufuhour voru grafnar í rústir sem taldar voru tilheyra eldri kynslóð selstöðunnar. Rúst 13:8 var fyrir rannsókn talin hafa verið vinnsluhús af einhverjum toga eða geymsla. Rústin var í nokkrum halla og mögulega byggð utan í dálitla brekku upp frá selstöðunni. Rústin mældist að utanmáli um 7x5 m. Dyr voru á rústinni til vesturs, í átt að Þórsáni.

Prufuholunni var valinn staður í u.þ.b. miðri rústinni, nær austurgaflinum innanverðum. Suðvesturhnit prufuholunnar var X111;Y207. Nokkuð var af hrísi og berjalyngi í rústinni fyrir rannsókn. Í fyrstu gekk því erfiðlega að komast í gegnum gróðurinn á yfirborði. Þegar komið var niður á um 25 sm dýpi (mælt frá hæsta barmi holunnar) fór að bera á hruni úr veggjum og þaki en þakhellur, þunnar steinflögur, voru






**Myndir 48-49.** Til vinstri: prufuhola 2 í rúst 13:8. Í horninu efst til hægri fundust slitrur af mannvistarlagi sem sýni (nr. 3) var tekið úr (Ljósm. SEC). Til hægri: teikning af rúst 13:8 og staðsetning prufuholunnar.

þar greinilegar. Þakhellurnar báru þess augljós merki að eldur hafi brunnið í húsinu en þær voru mjög sótugar á þeirri hlið sem vísað hefur inn, líkt og sjá mátti á samskonar hellum í prufuholu 1. Víða mátti sjá slitrur af mannvistarlagi blandað hruninu og voru tekin viðarkolasýni úr þessum lögum þar sem þau voru nægilega stór (sýni 1-4). Þegar komið var neðar í prufuholunni, eða niður á um 50 sm dýpi mælt frá hærri brún prufuholunnar, var komið niður á steina sem líklega hafa tilheyrt veggjum eða einhverjum innri búnaði í húsinu sem og slitrur af mannvistarlagi sem í voru viðarkol blönduð grófum sandi, rétt eins og í prufuholu 1. Viðarkolasýni voru tekin úr þessum lögum (sýni 5-8).

Neðst í prufuholunni, á um 80 sm dýpi, tóku við leirkennd og blaut jarðlög, grá og rauðleit. Þessi lög voru öll óhreyfð og náttúruleg. Ekkert eiginlegt gólflag fannst því í




**Mynd 50.** Planteikning af prufuholu 2 í rúst 13:8.

rústinni en líklega má telja að grófur sandur hafi verið borinn í gólfið með reglulegu millibili rétt eins sást og í prufuholu 1. Líklegt má því telja að eldstæði hafi verið einhvers staðar í húsinu.

Töluvert meira var af grjóti í rústinni heldur en búist var við í upphafi en rústin hefur verið byggð úr blöndu af torfi og grjóti. Byggingarefnið og mannvistarlagið í þessari rúst var því áþekkt því sem fannst í prufuholu 1. Einn gripur fannst í rústinni, leifar af bláskel, en leifarnar fundust þegar verið var að fylla holuna aftur að rannsókn lokinni. Ekki er hægt að segja hvort skelin hefur verið fremur skrínukostur eða verkfæri.

### *4.3 Prufuhola 3 X103;Y203*

Þriðja og seinasta prufuholan var grafin í þá rúst sem talin var vera aðalrústin á syðra svæðinu (rúst 13:10). Rúst þessi var tvöföld, 10x7 m að stærð. Fyrirfram var talið að stærra rýmið, 7,5x3 m að stærð, væri skepnuhús en það minna mannabústaður. Rústin var staðsett ofan á hól en fyrir neðan var mýrasvæði. Dyr voru á stærra rýminu út til norðurs en aðrar dyr hafa mögulega einnig verið á suðurgaflinum. Á minna rýminu voru aðeins dyr út til norðvesturs. Prufuhola 3 var sett niður í mitt stærra rýmið.

Þegar komið var niður fyrir grasrótina á um 16 sm dýpi var komið niður á hrun úr þaki og veggjum rústarinnar. Eitthvað var af þakhellum efst en þó ekkert í líkingu við magnið sem fannst í hinum rústunum tveimur. Þaktorfið var skotið gráum og appelsínugulum, leirkenndum slettum. Á um 32 sm dýpi var komið niður á sendið lag




**Myndir 51-52.** Til vinstri: teikning af rúst 13:9 og staðsetningu prufuholunnar. Til hægri: prufuhola 2 í rúst 13:9. Ekki varð vart við mannvistarlög í prufuholunni en þar má þó sjá hrun úr þaki, bæði þaktorf og þakhellu (Ljósm. SEC).

sem skotið var slitrum af mannvistarlagi. Einhver vottur af viðarkolum var greinilegur í þessum slitrum en þau voru svo lítilfjörleg að ólíklegt er að þau hafi átt uppruna sinn í húsinu, líklegra er að þau hafi borist inn í húsið með mönnum.

Ekki varð vart við annað gólflag í rústinni en reikna má með því að í þessari rúst líkt og hinum tveimur hafi gólflagið verið stungið út með vissu millibili og í það borinn grófur sandur. Ekki varð þó vart við viðarkol sem voru af þeirri stærðargráðu að heppilegt hefði verið að taka þau sem sýni. Engir gripir fundust heldur í þessari holu. Neðst í holunni, á um 40-45 sm dýpi, varð vart við sömu blautu leirkenndu jarðlög og fundust í hinum prufuholunum tveimur. Ekki fundust óyggjandi merki um að þetta hús hafi verið mannabústar, t.d. ummerki um eldstæði, því hefur það líklega verið skepnuhús.

## *4.4 C-14 greiningar*

Alls voru tekin 10 viðarkolasýni á meðan á rannsóknum stóð. Tvö sýnanna voru tekin úr prufuholu 1 í rúst 13:1 (sýni 9-10). Ekkert sýni var tekið úr prufuholu 3 í rúst 13:10 enda fundust þar aðeins slitrur af mannvistarlagi og viðarkolum. Úr prufuholu 2 í rúst 13:8 voru tekin alls átta sýni (sýni 1-8). Öll voru sýnin send í tegundargreiningu á Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá en greininguna annaðist dr. Ólafur Eggertsson, jarðfræðingur. Niðurstöður þeirrar greiningar má sjá í töflu 1. Tegundargreiningin leiddi í ljós að öll voru sýnin úr íslenskum við, flest úr birki en hugsanlega hafa einhver þeirra verið úr víði eða fjalldrapa. Vanalega er eingöngu sýni úr

| Nr. | Rúst | Viðartegund | Eigin aldur | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 13:8 | birki/fjalldrapi<br>birki | 33 ár (við börk)<br>15 ár | Frekar hár eiginaldur en í lagi fyrir C-14 |
| 2 | 13:8 | birki/víðir | 5-20 ár | Getur gefið of háan aldur í C-14 greiningu |
| **3** | **13:8** | **birki**<br>birki<br>birki | **12 ár (við börk)**<br>10 ár (við börk)<br>3-8 ár | **3-1** og 3-2 eru góð sýni fyrir C-14 |
| 4 | 13:8 | birki/víðir | 5-8 ár | Getur gefið of háan aldur í C-14 greiningu |
| 5 | 13:8 | birki/fjalldrapi birki/ fjalldrapi birki/fjalldrapi birki/fjalldrapi | 35 ár<br>30 ár<br>13 ár<br>18 ár | Ekki við börk, getur gefið of háan C-14 aldur |
| 6 | 13:8 | birki<br>birki | 48 ár<br>24 ár | C-14 í lagi. Frekar hár eigin aldur |
| 7 | 13:8 | birki/víðir | 3-6 ár | Bíða með þetta sýni. Aðeins senda í neyð |
| 8 | 13:8 | birki | 10+ ár | Bíða með þetta sýni |
| **9** | **13:1** | **birki/víðir** | **Ekki hægt að greina** | **Hægt að C-14 greina en getur gefið of háan aldur** |
| 10 | 13:1 | Ekki hægt að greina | Ekki hægt að greina | Hægt að C-14 greina en getur gefið of háan aldur |

**Tafla 1.** Niðurstöður tegundargreininga á viðarkolasýnum (Ólafur Eggertsson 2011). Feitletruðu sýnin eru þau sem send voru áfram í C-14 greiningu.

innlendum við valin til C-14 greininga því önnur sýni gefa ekki rétta mynd af aldri fornleifanna sem verið er að rannsaka.

Tvö af þessum sýnum voru valin og send út til Beta Analytic Inc. í Florida í Bandaríkjunum sem annaðist aldursgreiningarnar. Annað sýnið, nr. 3, var birki með eigin aldur upp á 12 ár og þótti því mjög ákjósanlegt til C-14 greininga. Hitt sýnið, nr. 9, var ekki eins heppilegt þó það væri birki en ekki var hægt að greina eigin aldur þess. Því verður að slá þann varnagla við niðurstöðu greiningarinnar að hún gæti gefið of háan aldur.

Niðurstaða C-14 aldursgreiningar á sýni nr. 9 sýndi að sýnið væri frá árabilinu 1650 - 1710 e.kr. samkvæmt óleiðréttri niðurstöðu. Sé niðurstaðan hins vegar leiðrétt samkvæmt hefðbundinni leiðréttingarkúrfu með tveggja sigma staðalfráviki lendir




**Myndir 53-54.** Niðurstöður á C-14 greiningum á sýni nr. 9 úr rúst 13:1 (til vinstri) og sýni nr. 3 úr rúst 13:8 (til vinstri).

niðurstaðan á tveimur bilum. Segja má því með 95% vissu að aldur sýnisins sé annaðhvort á bilinu **1520-1580 e.kr.** eða á bilinu **1630-1660 e.kr**.

Niðurstaða C-14 aldursgreiningar á sýni nr. 3 sýndi að sýnið væri frá árabilinu 1440-1500 e.kr. en sé niðurstaðan leiðrétt samkvæmt hefðbundinni leiðréttingarkúrfu með tveggja sigma staðalfráviki má segja með 95% vissu að sýnið sé frá árabilinu **1410-1450 e.kr** sem þykir mjög nákvæm mæling.

Svokölluð hafræn áhrif geta haft áhrif á C-14 greiningar á þann veg að sýni mælast eldri ef slíkra áhrifa gætir. Af þessum sökum var hlutfall af samsætunum C-12 og C-13 í sýninu greint. Sú greining leiddi í ljós að hafrænna áhrifa gætir ekki.

## *4.5 Samantekt*

Niðurstöður C-14 greininganna staðfesta þá túlkun sem gerð var á vettvangi að rústir þær sem skráðar voru væru af a.m.k. tveimur kynslóðum selja. Yngra selið samanstendur af rústum 13:1-5 og liggur það nokkru norðar en hið eldra, þ.e. ekki eins innarlega í dalverpinu. Niðurstaða C-14 greiningarinnar gaf til kynna að aldur sýnisins sem tekið var úr rúst 13:1 væri annaðhvort á bilinu 1520-1580 e.kr. eða 1630-1660 e.kr. Ekkert í greiningunni eða útreikningum þar að lútandi gefur til kynna hvort bilið er í raun líklegra

og í reynd má segja að hvert einstakt ár á báðum þessum bilum sé jafn líklegt, m.t.t. til greiningarinnar.

Þó mætti e.t.v. segja sem svo að sökum þess að engar heimildir virðast vera til um þessa selstöðu í *Jarðabókinni* frá upphafi 18. aldar (*JÁP* 1931-33:313) mætti ætla að mannsaldur hið minnsta hafi liðið frá því að hætt var að nota selið og þangað til *Jarðabókin* var skrifuð. Með þessari röksæmdafærslu mætti því halda fram að seinni hluti 17. aldar, þ.e. yngsti mögulegi aldur sýnisins samkvæmt greiningu, sé ólíklegur aldur. Hins vegar má einnig benda á þann fyrirvara sem fylgdi með tegundargreiningu þessa sýnis, að C-14 greining gæti gefið of háan aldur fyrir fornleifarnar. Þessar vangaveltur breyta þó ekki megin niðurstöðunni sem er sú að þessi kynslóð selstöðunnar er yngri, mögulega frá því á 16. eða 17. öld.

Eldri hluti selstöðunnar samanstendur, að því sem ofan stendur gefnu, af rústum 13:6-10 og er þessi kynslóð staðsett innar og sunnar en yngri selstaðan. Niðurstaða aldursgreiningarinnar á sýni úr rúst 13:8 gefur til kynna að hér hafi verið haft í seli á fyrri hluta 15. aldar. Þessi niðurstaða staðfestir enn fremur þá túlkun sem fór fram á vettvangi, þó ekki hafi verið talið að rústirnar væru frá því fyrir 1500.

Þessar niðurstöður gefa heldur ekki tilefni til að draga í efa fyrri ályktanir um að báðar kynslóðir selstöðunnar hafi tilheyrt Hrísum. Hugsanlegt er þó að selstaðan hafi lagst af í þann mund sem hjáleigan Hrísakot byggist úr landi Hrísa en beitarland Hrísakots hefur að miklu leyti nýtt sömu lendur og selstaðan. Ekki er vitað með vissu hvenær Hrísakot byggist fyrst en það er þó fyrir 18. öld (*JÁP* 1931-33:313).

# 5 Samantekt og umfjöllun

Eins og áður kom fram voru skráðar alls 84 fornleifar á 18 meintum selstöðum sumarið 2011. Þessum selstöðum var öllum lýst hér að ofan og fjallað var nokkuð ítarlega um hverja þeirra. Í þessum hluta verður gerð tilraun til að lýsa þeim megineinkennum seljabúskapar í Helgafellssveit sem rannsóknin hefur leitt í ljós og bera þau saman við rannsóknir annars staðar á Íslandi sem og í nágrannalöndunum.

## 5.1 Rústirnar

Í töflu 2 má sjá tölulega samantekt um helstu atriði hverrar selstöðu fyrir sig. Fjöldi þeirra fornleifa sem skráður var á hverjum stað var mismunandi. Á tveimur stöðum, á Ámýrum og í Drápuhlíð, voru ekki sýnilegar rústir á yfirborði heldur var einungis farið eftir nokkuð áreiðanlegum heimildum um að þar hafi verið selstöður. Meðaltal þeirra rústa sem eru í selstöðunum samkvæmt töflu 2 eru á bilinu 3-4 rústir. Nokkur munur er þó á milli einstakra selja en hafa ber í huga að sums staðar er líklega um fleiri en eina kynslóð selja að ræða, t.d. í Þórsárdal og á Selvöllum.

Þessi tala, þrjár til fjórar rústir í seli, kemur vel heim og saman við margar aðrar selstöður sem skráðar hafa verið á Íslandi. Sem dæmi má nefna selstöður sem skráðar hafa verið í Reykjanesbæ, þar sem rústirnar eru yfirleitt á bilinu 2-4 (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2008), í Seljadal í S-Þingeyjasýslu þar sem þær eru á bilinu 2-6 (Ásta Hermannsdóttir 2009) og selstöður rannsakaðar í verkefni sem náði til Skagafjarðar, Berufjarðar og undir Eyjafjöllum þar sem rústirnar voru vanalega 1-2 og skiptust upp í alls 3-4 rými (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991:91).

Í BA ritgerð í fornleifafræði sem skrifuð var við Háskóla Íslands tók Albína H. Pálsdóttir saman upplýsingar um þær selstöður sem skráðar höfðu verið með svokallaðri aðalskráningu. Í þess háttar skráningu er fyrst og fremst stuðst við ritaðar heimildir til að finna mögulegar fornleifar og þær síðan staðsettar á vettvangi. Könnunin náði alls til 209 selstaða einkum á Norðurlandi og Suðvesturlandi. Af þessum 209 selstöðum voru í 72% tilvika á bilinu 1-3 rústir í hverri selstöðu en á 95 stöðum var aðeins að finna eina rúst, þó oft marghólfa (Albína H. Pálsdóttir 2005:44). Af þessu má sjá að sé einungis horft á fjölda þeirra rústa sem finnast í hverri selstöðu virðast selin í Helgafellssveit falla vel að því mynstri sem þekkist annars staðar á landinu.

Enn fremur virðist sem svo að þetta mynstur eigi einnig við í Noregi og í Færeyjum. Í fornleifarannsóknum sem gerðar hafa verið á selstöðunni Argisbrekku við Eiðisvatn í Færeyjum eru rústirnar margar en Ditlev Mahler, sem rannsakað hefur rústirnar, telur að aðeins hafi 2-3 hús verið í notkun í einu en alls hafi verið um 12 mismunandi skeið eða kynslóðir á staðnum (Mahler 2007:260-264). Í Noregi má segja að algengt hafi verið að herbergin í selstöðunni væru tvö til fjögur, en fjöldi húsa var þó breytilegur eftir því með hvaða hætti selstaðan var nýtt (Reinton 1976).

Í þeim fáu ritheimildum sem til eru um seljabúskap kemur fram að húsin í selinu hafi verið fá eða á bilinu tvö til þrjú. Í *Laxdæla sögu* segir frá seljabúskap Bolla Þorleikssonar með eftirfarandi hætti: „Selin váru tvö, svefnsel ok búr“ (*Íslendinga sögur* IV:170). Er þetta í eina skiptið í *Íslendingasögunum* sem tala húsa í seli er nefnd. Þýski sagnfræðingurinn Egon Hitzler kannaði ritaðar heimildir um seljabúskap á Íslandi frá miðöldum og komst að þeirri niðurstöðu að þegar ritheimildirnar nefna hús í selstöðu hafi í raun verið um herbergi í húsalengju fremur en aðskilin hús að ræða (Hitzler 1979:72). Reyndar má deila um hvort Hitzler sé að öllu leyti treystandi því í umfjöllun sinni um selstöður nefnir hann að eitt form seljabúskapar hafi verið í hellum (Hitzler 1979). Myndirnar sem hann birtir með þeirri umfjöllun sýna hins vegar að viðkomandi hellar eru fjárból en þau eru vel þekkt frá seinni tíð og allt annars eðlis en sel (sjá t.d. Jónas Jónasson 1945:99).

Undir lok 18. aldar skrifaði Guðlaugur Sveinsson, prestur í Vatnsfirði, grein í *Tímarit Hins íslenzka bókmenntafélags* þar sem hann hvatti aðra bændur til þess að taka upp seljabúskap. Þar segir Guðlaugur að sumir hafi selhúsin tvö, svefnhús og eldhús, en bætir því við að sér þyki þó betra að hafa húsin þrjú; svefnhús, eldhús og búr (Guðlaugur Sveinsson 1786:201-202). Hér ber þó að hafa í huga að þótt Guðlaugur nefni þrjú hús er ekki víst að hann eigi við þrjú sérstök hús heldur má allt eins telja, miðað við þá húsagerð sem tíðkaðist á 18. öld, að Guðlaugur eigi hér við þrjú sambyggð hús eða eina húsalengju með þremur aðskildum herbergjum.

Það sem flestar selstöðurnar í Helgafellssveit eiga sameiginlegt er að vanalega er ein rústanna áberandi stærst og skiptist hún í fleiri rými eða herbergi, yfirleitt þrjú eða fjögur, sem liggja samsíða. Hefur þessi rúst jafnan verið kölluð „aðalrústin“ til aðgreiningar í þessari skýrslu og hefur hún jafnframt verið túlkuð sem aðalíveruhúsið í selinu. Þessar marghólfa rústir fundust á 8 af þeim 14 selstöðum þar sem skráðar voru

| Heiti | Fjöldi rústa | M.y. sjó | Frá hvaða bæ? | Áætlaður aldur | Fjarlægð frá bæ | Verður selið að býli? |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þórsárdalssel | 9 | 99 | Hrísar | 1550-1900 | 2.0 km | Nei |
| Svelgsársel neðra | 12 | 102 | Svelgsá | 1550-1900 | 4.5 km | Nei |
| Svelgsársel efra | 7 | 109 | Brennistaðir / óþekkt | -1550 | 1.75 km | Nei |
| Oddnýjarsel | 1 | 33 | Drápuhlíð | 1550-1900 | 1.3 km | Nei |
| Drápuhlíðarsel | 0 | 41 | Drápuhlíð | 1550-1900 | 0.65 km | Nei |
| Selskarðssel | 2 | 28 | Arnarstaðir / Hofstaðir | -1550 | 3.0 km | Nei |
| Helgusel | 4 | 34 | Helgafell/ Þingvellir | 1550-1900 | 1.7 km | Já, Dældarkot og Borgarland |
| Seljabrekkur | 1 | 13 | Grunnasundsnes | 1550-1900 | 1.5 km | Nei |
| Seley | 8 | 20 | Helgafell / Þingvellir | -1550 | 1.5 km | Já, áður óþekkt bæjarstæði |
| Helgafellssel í Hraundal | 6 | 130 | Helgafell | -1550 | 9.0 km | Já, Valabjörg |
| Gautsstaðagrófarsel | 4 | 73 | Staðarbakki | -1550 | 3.8 km | Nei |
| Selrústin | 3 | 62 | Kóngsbakki | -1550 | 2.0 km | Nei |
| Kóngsbakkasel | 3 | 47 | Kóngsbakki | -1550 | 1.7 km | Nei |
| Seljadalur | 5 | 213 | Hraunsfjörður | 1550-1900 | 2.5 km | Nei |
| Selvellir | 12 | 96 | Horn | 1550-1900 | 3.2 km | Já, Selvellir |
| Seljar | 3 | 45 | Bjarnarhöfn | -1550 | 6.0 km | Já, Seljar |
| Ámýrasel | 0 | 43 | Bjarnarhöfn | 1550-1900 | 5.0 km | Já, Ámýrar |
| Aukureyjasel | 1 | 30 | Akureyjar | 1550-1900 | 1.85 km | Nei |

**Tafla 2.** Samantekt yfir nokkur atriði í öllum þeim selstöðum sem kannaðar voru sumarið 2011.

rústir og hægt var að greina form þeirra með nokkuð nákvæmum hætti. Þessar umtöluðu aðalrústir hafa einnig fundist í mörgum öðrum seljum og segja má að slíkar rústir séu sums staðar aðaleinkenni þeirra. Af fimm skráðum selstöðum í landi Reykjanesbæjar voru slíkar marghólfa rústir í þremur þeirra (Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir 2008). Í rannsókn Guðrúnar Sveinbjarnardóttur á selstöðum á þremur svæðum á Íslandi var svipaða sögu að segja þótt þessar margskiptu rústir hafi ekki verið eins algengar og í Helgafellssveit þar sem þær eru nánast allsráðandi (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991:91). Í BA-ritgerð Albínu H. Pálsdóttur um selstöður, sem áður

var vikið að, var tekinn saman heildarfjöldi hólfa eða herbergja í þeim selstöðum sem könnunin náði til. Þar komst hún að þeirri niðurstöðu að meðalfjöldi hólfa eða herbergja í selstöðunum væri fimm, en lang flest selin höfðu þrjú hólf. Auk þessa virtist fjöldi hólfa samræmast jarðardýrleika þeirra bæja sem selin tilheyrðu. Því stærri sem bæirnir voru þeim mun fleiri voru herbergin í selinu (Albína Hulda Pálsdóttir 2005:45).

Þar sem þessar löngu marghólfa rústir hafa yfirleitt verið túlkaðar sem mannabústaðirnir í selinu væri freistandi að halda því fram að í þeim tilvikum þar sem slíkar rústir finnast ekki hafi selfólkið ekki hafst við í selinu, þ.e. ekki haft þar næturstað, heldur hafi það farið heim á bæ að loknum vinnudegi. Ef þessi fullyrðing er skoðuð með tilliti til þeirra staða sem við á í Helgafellssveit, þ.e. þar sem ekki eru marghólfa rústir, mælir þó því í mót fjarlægðin á milli bæjar og sels. Selstöðurnar sem um ræðir eru í Gautsstaðagróf, á Seljum, í Hraundal, Akureyjasel og í Þórsárdal. Fjarlægðin heim á bæ er rétt tæplega 4 km frá Gautsstaðagróf, 6 km frá Seljum og 9 km frá Hraundal en 2 km frá Hrísum inn í Þórsárdal og 1,85 km frá Akureyjum að seli. Í mörgum þessara tilvika er þetta sennilega of langur vegur að fara fram og til baka á hverjum degi. Þó svo það hafi verið mögulegt er þetta þó í öllu falli ófullnægjandi skýring.

Það þýðir þó ekki að loku sé fyrir það skotið að einhver grundvallarmunur sé á þeim seljum sem hafa slíkar marghólfa rústir og á þeim sem hafa þær ekki. Hér er gott að hafa í huga þann mun sem getur verið á fjölda rústa í seli annars vegar og fjölda hólfa hins vegar. Guðlaugur prestur, sem nefndur var hér að ofan, hefur líklega átt við að best væri að byggja selið sem þriggja herbergja húsalengju, þ.e. hinar dæmigerðu aðalrústir. Nærtækast er því að leita að svörum við þessari spurningu í almennri húsagerðarsögu íslenskra torfhúsa. Þó að nýlega hafi verið settar fram tilgátur um mun flóknari mynd af þróun íslenskra torfhúsa en áður hefur verið talið (sjá t.d. Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag 2011) eru meginlínurnar þó þær í mjög einfaldaðri mynd að á elstu bæjarstæðunum er að finna mörg lítil stök hús ásamt skála, líkt og á bæjarstæðum Hólms í Laxárdal á Suðausturlandi (Bjarni F. Einarsson 2008) og í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp (Karen Milek 2008:50). Eftir því sem fram liðu stundir sameinuðust litlu smáhýsin bæjarhúsunum og á endanum varð til gangabærinn (sjá t.d. Hörður Ágústsson 1987; Guðmundur Ólafsson 1982).

Tilefni er því til að endurvekja tilgátu sem sett var fram í tengslum við rannsóknir á hinu svokallaða Fornaseli við Straumsvík: „Þó má varpa fram þeirri tilgátu að elstu

selin hafi verið svipuð þeim í Noregi og að þau hafi síðan breyst í samræmi við almenna þróun húsagerðar hér á landi“ (Bjarni F. Einarsson 2001:11). Með hliðsjón af þessari tilgátu mætti því segja að megin munur á þeim selstöðum sem hafa hinar umtöluðu marghólfa rústir og þær sem hafa þær ekki sé aldurinn, þ.e. að þær selstöður sem samanstanda af stökum húsum fremur en húsalengjum séu alla jafna eldri. Nýlegar fornleifarannsóknir sem gerðar hafa verið á fornum selstöðum virðast styðja þessa tilgátu. Sumarið 2005 voru rannsakaðar í tengslum við mótvægisaðgerðir vegna




**Mynd 55.** Yfirlitsteikning af rústum við Fossá (heimild: Bjarni F. Einarsson 2011:6).

virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka svokallaðar Pálstóftir. Stjórnandi uppgraftarins, Gavin Lucas (2007), taldi að þar hefði verið selstaða sem byggðist upp um miðja 10. öld en að hún hefði verið yfirgefin í lok þeirrar 11. Selstaða þessi samanstóð af þremur fremur smáum húsum, það stærsta 2,4x6,18 m að stærð, sem líklega hefur verið mannabústaður. Önnur nýlega rannsökuð selstaða eða útstöð við Fossá við Úlfljósvatn hefur sömu sögu að segja. Við Fossá samanstendur selstaðan af þremur rústum, tveimur ámóta stórum eða 8x14 m að stærð og einni minni. Prufuholur voru grafnar þar haustið 2010 og leiddu þær í ljós að annað stærri húsanna hefur verið mannabústaður en

selstaðan hefur líklega verið í notkun á seinni hluta 10. aldar eða í byrjun þeirrar 11. (Bjarni F. Einarsson 2010). Að seinustu má nefna að hið sama virðist vera uppi á teningnum í Argisbrekku í Færeyjum. Selstaðan sem aldursgreind er til 10. og 11. aldar samanstendur af tveimur til þremur smáum húsum í hverri kynslóð (Mahler 2007).

Þessar forsendur gætu því bent til þess að rústir þær sem skráðar voru á Seljum, í Gautsstaðagróf og í Hraundal sem og selstaða Aukureyja í Selhólum séu eldri heldur en aðrar skráðar selstöður í Helgafellssveit þar sem rústirnar í þessum selstöðum samanstanda af fáum stökum rústum. Ritaðar heimildir virðast einnig styðja þessa túlkun og benda til þess að selstöðurnar séu að líkindum ekki yngri en frá 13. öld og gætu hæglega verið mun eldri (sjá einnig vangaveltur um aldur seljanna í umfjöllun hér að framan). Hér skal þó tekið fram að selstaðan í Þórsárdal sem aldursgreind var annars vegar til 14. aldar og hins vegar til 17. eða 18. aldar hafði í hvorugri kynslóðinni hinar umtöluðu marhólfa rústir. Því ber að varast að taka tilgátunni sem hér var sett fram sem algildri. Hversu vel tilgátan reynist verður þó einungis svarað með áframhaldandi rannsóknum og aldursgreiningum.

### *5.2 Selstaða eða býli*

Sums staðar getur, og hefur, reynst erfitt að skilja á milli selja og bæja. Sveinbjörn Rafnsson komst svo að orði þegar hann rannsakaði fornar búsetuminjar á Hrafnkelsdal: „Erfitt er að greina milli fastrar búsetu allt árið og tímabundins seljabúskapar af rústunum sem þar sjást. Ekki síst vegna þess að gera má ráð fyrir að þarna hafi verið ýmist bæjar- eða seljabyggð“ (Sveinbjörn Rafnsson 1990:96). Alþekkt fyrirbrigði er að býli byggist upp úr fornum selstöðum og nægir þar að nefna t.d. Seljadal í S-Þingeyjasýslu þar sem mörg býli byggðust upp úr fornum selstöðum (Ásta Hermannsdóttir 2009) og þá er einnig algengt að yngri beitarhús séu á þeim stöðum þar sem eitt sinn voru sel. Í Helgafellssveit eru dæmi um hvort tveggja. Vandi getur því verið, í sumum tilvikum, á því að skera úr um hvort tiltekinn staður sé fremur býli eða selstaða.

Í Noregi hefur m.a. Bente Magnus glímt við þessa spurningu. Í því tilviki, sem var frá yngri járnöld, var staðurinn að lokum túlkaður sem selstaða því þar hafi ekki fundist smiðja, en smiðja hefur verið hverjum einasta járnaldarbónda lífsnauðsynleg (Magnus 1986). Hér er því hugsanlega komin þægileg leið til að skilja að býli og sel.

Þessi aðgreining dugar þó skammt þegar betur er að gáð því dæmi eru um að járnsmíði hafi einnig farið fram í seljum líkt og rannsóknirnar á Argisbrekku (Mahler 2006) og á Pálstóftum (Lucas 2008) hafa leitt í ljós en slík útgerð hlýtur að hafa útheimt smiðju eða einhvern vísi að henni. Á Þjótanda við Þjórsá var glímt við sömu spurninguna og stóðu rannsakendur frammi fyrir því hvort um væri að ræða sel, útstöð eða býli. Á endanum var talið að þar hafi staðið býli því túngarður lá utan um túnið við rústirnar (Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag 2011:121-136).

Að þessu sögðu mætti því spyrja hvort ekki kæmi til greina að einhver þeirra selstaða sem skráð var í Helgafellssveit hafi fremur verið býli en sel. Freistandi væri t.d. að athuga hvort að á einhverjum þeirra staða sem skoðaðir voru hafi verið túngarður. Svo var þó ekki. Við þetta má einnig bæta að túngarðar virðast ekki hafa verið algengir í Helgafellssveit, hvorki fyrr né síðar, sem útilokar að hægt sé að nota það sem viðmið um hvort tiltekinn staður hafi verið fremur býli eða selstaða. Sé þó eingöngu horft til þeirra staða sem rannsakaðir voru sumarið 2011 má segja að staðsetning rústanna, útlit þeirra og samsetning er þó með þeim hætti að afar ólíklegt er að einhver eða nokkur þeirra hafi fremur verið býli en sel. Eina mögulega undantekningin frá þessari reglu er selstaðan á Selvöllum en þar gæti fjöldi rústa á svæðinu, alls 12 talsins, rennt stoðum undir þá kenningu að þar hafi verið býli fremur en sel. Örnefnið Selvellir bendir þó óneitanlega til þess að um sel hafi upphaflega verið að ræða sem seinna verði að býli. Heimildir benda ennfremur til hins sama. Fróðlegt verður því að sjá hvort sömu sögu verður að segja þegar fleiri selstöður á norðanverðu Snæfellsnesi bætast við þessa úttekt.

Í Helgafellssveit eru þó nokkur dæmi um að breytingar hafi orðið á seljalöndunum í gegnum tíðina sem nokkuð auðvelt er að rekja með hjálp ritaðra heimilda. Þónokkur dæmi eru um býli sem byggjast upp úr selstöðum. Þar má helst nefna áðurnefnda Selvelli sem byggjast upp úr selstöðu Horns við Selvallavatn (áður Svínavatn), býlið Valabjörg upp úr selstöðu Helgafells, Borgarland upp úr Helguseli, og Seljar sem byggðjast upp úr selstöðu Bjarnarhafnar. Þá má einnig nefna Hrísakot í Þórsárdal sem nýtt hefur sama beitarland og selstaðan þótt hjáleigan sé ekki á sama stað og selið. Þetta fyrirkomulag er vel þekkt annars staðar frá en mynstrið virðist oft vera að þegar fram liðu stundir var selstöðunum breytt í hjáleigur þeirra bæja er selin áttu, t.d. Valabjörg, Borgarland og Hrísakot.

Ekki eru þó einvörðungu dæmi um að selstöður breyttust í hjáleigur því mögulegt dæmi um að beitarhús hafi tekið við af selstöðu er að finna hjá Selskarði í Arnarstaðalandi en þar skammt hjá fannst mun yngri beitarhúsarúst (sjá rúst 10:1 í fornleifaskrá). Hér má einnig geta þess að mögulegt er að ein selstaðanna hafi verið byggð þar sem áður stóð býli en selstaða Staðarbakka stendur skammt frá meintum rústum hinna fornu Gautsstaða sem virðast vera farnir í eyði mjög snemma, a.m.k. fyrir 13. öld.

Seley er skemmtilegt dæmi út af fyrir sig en þar fundust ummerki um þrennskonar nýtingu. Elstu minjarnar í eynni tilheyra að öllum líkindum selstöðu sem eyjan dregur nafn sitt af. Eftir að selstaðan leggst af hefur eyjan verið nýtt fyrir útigöngu sauðfjár og voru tvær fjárborgir reistar í eynni, sín á hvorum enda hennar. Einhvern tímann, líklega á 18. eða 19. öld, hafa menn svo freistað þess að búa í eynni allt árið um kring og reist þar bæ sem, því miður, engar heimildir eru um. Sama spildan gat því verið nýtt sem selstaða, beitarland og kotbýli.

## *5.3 Staðsetning seljanna*

Hvað varðar staðsetningu og staðhætti þeirra selstaða sem skráðar voru má segja að í flestum atriðum hafi staðarvalið verið svipað. Selin hafa verið sett niður í eignarlandi bæjanna en ekki á afrétti, rétt eins og ákvæði *Grágásar* kveður á um (*Grágás* 1992). Selin eru allajafna staðsett upp við fjallsbrúnir, brekkurætur eða í hraunhvömmum þar sem fara saman einkum tveir þættir: gott aðgengi að grösugum högum og innrekstur skepna er auðveldur. Flest eru selin auk þess staðsett nálægt rennandi vatni. Selstöðurnar eru ýmist inni í dölum upp til fjalla og heiða, eða á jaðrinum á láglendinu nálægt ströndinni. Nokkur frávik eru þó frá þessari meginreglu og sem dæmi má nefna að ekkert rennandi vatn er (a.m.k. í dag) í námunda við Oddnýjarsel í landi Drápuhlíðar, Selskarðssel í landi Arnarstaða og Helgusel í landi Borgarlands. Dæmi eru einnig annars staðar á landinu um selstöður sem ekki eru staðsettar í námunda við rennandi vatn, t.d. Fornasel við Straumsvík og önnur sel þar í grennd (Bjarni F. Einarsson 2001:11). Fleiri þættir virðast einnig hafa ráðið því hvar selstöður hafa verið settar niður og farið verður betur í þá hér á eftir.

Eins og kemur fram í töflu 2 hefur fjarlægð selja frá bæ verið misjöfn en þó víða tæplega 3 km. Nokkur sel skera sig þó úr hvað fjarlægð frá bæ varðar en selstöður

Bjarnarhafnar eru í um 5 og 6 km fjarlægð og selstaða Helgafells er í um 9 km fjarlægð frá bænum og séu sagnir um selstöðu Grunnasundsness í Gæshólum, sunnan undir Kerlingarfjalli, sannar hefur leiðin frá bæ að seli verið rúmlega 16 km, sé miðað við beina loftlínu þar (*Sýlu- og sóknarslýsingar* 1970:194). Eins og fram kom hér að framan eru sumar af ofangreindum selstöðum taldar meðal þeirra eldri í Helgafellssveit en óvíst er hvort draga megi þá ályktun að eldri sel séu allajafna fjærri bæjum en hin yngri.

Hinu gagnstæða hefur nefninlega verið haldið fram, þ.e. að í upphafi hafi selin verið höfð nær bæjum en þau hafi síðan smám saman færst fjær (Jakob Benediktsson 1972:717-718). Þá hefur einnig verið sett fram sú tilgáta um selstöður í Eyjafirði og Berufirði að selin hafi í fyrstu verið á láglendi en hafi seinna færst up til fjalla (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991:92). Ekki virðist vera hægt að heimfæra þessar tilgátur upp á selstöðurnar í Helgafellssveit og eins og áður sagði virðast þær fremur sýna fram á hið gagnstæða. Bent hefur verið á (Bjarni F. Einarsson 2001:11) að skýra megi tilgátu Jakobs Benediktssonar með þeim hætti að hún byggi ekki á fornleifafræðilegum athugunum heldur eingöngu á frásögnum fornritanna sem ná einungis aftur til 12. og 13. aldar. Virðist þetta vera líkleg skýring.

Hvað hina kenninguna varðar, að selin hafi í fyrstu verið á láglendi en seinna færst til fjalla, má segja að þar sem Helgafellssveit er eingöngu að litlum hluta til í fjalllendi sé erfitt að meta hvort svo hafi einnig verið þar. Þessi atriði munu þó vafalaust koma betur í ljós þegar næsta hluta verkefnisins verður lokið og fleiri selstöður bætast í sarpinn.

### *5.4 Hugmyndir manna um seljabúskap*

Að lokum má þó spyrja hvernig þær selstöður sem skráðar voru í Helgafelssveit passi inn í þá mynd sem fræðimenn hafa vanalega dregið upp af seljabúskap á Íslandi og jafnframt hvort rannsóknum sumarsins hafi tekist að bæta þar einhverju nýju við.

Seljabúskapur er vanalega talinn hafa borist hingað til lands með landnámsmönnum frá Noregi þar sem hann hafði verið stundaður allt frá yngri járnöld (600 - 1050 e. Kr.). Fyrrum var einnig talið að seljabúskapur hefði ekki borist til Færeyja en fornleifarannsóknir í Argisbrekku hafa nú staðfest að sú ályktun er röng og hefur seljabúskapur því einnig verið stundaður þar allt frá landnámi (Mahler 2008). Lars Reinton, sem safnaði heimildum um seljabúskap í Noregi, skráði og gaf út í miklu

þriggja binda verki sem ber titilinn *Seterbruket i Noreg*, skilgreindi seljabúskapinn á eftirfarandi hátt (Reinton 1955-61; vitnað í gegnum Mahler 2008:329):

> Sæterbruk er det når en gard (ein fast vinterbustad) har krøterne sine i summerbeite på ein stad eit stykke frå garden der der er husbæra og fast personale, så ein kan nytte vidder til beite, som reghel óg til slått og onnor fórsankning, og så ein kan spara på heimemarkene og nå i betre beite, føde fleire krøter over vinteren og skaffe forråd til levemåten på den faste bustaden (garden).

Í aðalatriðum hafa íslenskir fræðimenn almennt verið sammála um að aðalástæða seljabúskapar fyrr á öldum hafi verið sú sama og í Noregi, þ.e. að nýta allt það tiltæka beitarland sem völ var á og hafi bændur því farið með bæði ær og kýr í selið þar sem þær voru mjólkaðar en geldneyti og geldfé var rekið á afrétt (Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir 1989:79). Af þeim rústum sem skráðar voru í Helgafellssveit getur vel verið að seljabúskapurinn hafi verið með svipuðu sniði og hér er lýst. Á flestum stöðum fundust mannvirki þar sem hægt hefur verið að reka inn búpening til mjalta en þó er einnig líklegt að peningurinn hafi gengið að öllu leyti utandyra því engin hús virðast nægilega stór til að hafa hýst mikinn fjölda sauðfjár, hvað þá nautgripi.

Algeng söguskoðun er að seljabúskapurinn hafi verið fyrirferðamikill í upphafi byggðar en farið að dragast saman strax á síðmiðöldum áður en hann lagðist víðast hvar af þegar komið var fram á 18. og 19. öld (sjá t.d. Þorvaldur Thoroddsen 1919:209). Sumir hafa lagt til að fækkun selja megi rekja til þess þegar dró úr nautgriparækt á 17. öld (Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir1989:79). Viðhorfsins um gullöld seljabúskapar til forna tók þó að gæta strax á 18. öld eins og eftirfarandi tilvitnum í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* ber augljóst vitni um: „Húsbændur fluttu þá sjálfir í selin [yfir sumarið] og höfðu þau sem eins konar skemmtibústaði. Selin voru vel hýst, en tún og girðingar voru þar ekki. Meðan dvalizt var í selinu, stóðu bæirnir auðir að mestu, en þó var ein eða tvær hræður heima til að gæta þeirra“ (*Ferðabók Eggerts og Bjarna* 1981:104). Sú gullaldarsýn sem birtist hjá þeim Eggerti og Bjarna virðist fyrst og hversu fjölmennari selfarirnar hafi verið til forna. Megin hugmyndin er að nánast allt heimilisfólkið hafi farið í selið til forna miðað við að í *Búalögum* frá 17. öld segir að aðeins „þrjár konur eigi að vera í seli þar sem eru 80 ær að mjólka og 12 kýr, með matselju“ (*Búalög* 1915-33:34). Yngri heimildir frá 18. og 19. öld greina einnig frá nokkuð fámennum seljabúskap (sjá t.d. Bragi Sigurjónsson 1953; Benedikt Eyþórsson 2008).

Við fyrstu sýn virðast fornar heimildir styðja þá hugmynd að seljabúskapurinn hafi verið mun umfangsmeiri til forna. Í *Laxdæla sögu* segir frá því að Bróka-Auður vildi vita hvernig háttaði til á Sæbóli og fékk þá þessar fréttir: „nú er breitt hvílugólf milli rúma þeirra Þórðar og Guðrúnar því að hún er í seli en hann heljast á skálasmíð og eru þeir Ósvífur tveir að veturhúsum“ (*Íslendinga sögur* IV:97). Orðalagið veturhús hefur gefið Gunnari Karlssyni, sagnfræðingi, tilefni til að álykta sem svo að selið hafi nánast verið annað heimili fólks (Gunnar Karlsson 2009:105). Þá mætti og nefna eftirfarandi lagaákvæði *Grágásar* þar sem gert er ráð fyrir því að allt heimilisfólk geti verið í seli á sama tíma: „ef menn eru í seljum, og er þar bú allt“ (*Grágás* 1992:81).

Benedikt Eyþórsson tók þessar gullaldarhugmyndir nokkuð til bæna í nýlegri bók sem byggð er á MA-ritgerð hans í sagnfræði við Háskóla Íslands. Þar bendir hann réttilega á að þótt til séu sagnir í fornritunum um fjölmennar selfarir þá sé einnig að finna í fornritunum frásagnir af mun fámennari seljabúskap, t.d. í *Hrafnkels sögu Freysgoða* þar sem ekki virðist sem svo að í selinu hafi verið fleiri en smalamaður og nokkrar konur (Benedikt Eyþórsson 2008:126). Hvað umfang seljabúskaparins snertir bendir Benedikt á að í landamerkjabréfi Helgafells frá öndverðri 13. öld sé kveðið á um hámarksfjölda búfjár í seli Bakkamanna í Gautsstaðagróf, 12 kýr, einn griðung og 80 ær (*Íslenzkt fornbréfasafn* I:577). M.ö.o. gert er ráð fyrir sama fjölda búpenings í seli á 13. öld og seinna var gert í Búalögum á þeirri 17.

Í bók sinni leggur Benedikt til að í stað þess að segja sem svo að seljabúskapur hafi tekið stórkostlegum stakkaskiptum á síðmiðöldum hafi í raun allt frá landnámi verið tvö mismunandi kerfi, þ.e. annaðhvort voru menn með allt eða nær allt heimilisfólkið í seli eða að einungis nokkrir heimamanna hafi verið í seli (Benedikt Eyþórsson 2008:127).

Ekki verður hér fullyrt um hvort tilgáta Benedikts eigi almennt við rök að styðjast en sé hún borin saman við selstöðurnar í Helgafellssveit verður að segjast að ólíklegt er að þar hafi allt heimilisfólkið haft viðveru á sumrin. Rústirnar eru í flestum tilfellum bæði of fáar og of smáar til að hægt sé með góðu móti að ímynda sér að þar hafi getað hafst við á bilinu sjö til tíu manns líkt og Vilhjálmur Finsen og Björn M. Ólsen töldu að hefðu verið á meðalbýlum (sjá umfjöllun í Ólafur Lárusson 1929:345-346). Líklegra verður að teljast, a.m.k. hvað Helgafellssveit varðar, að selstöðurnar hafi verið fremur fámennar og fjöldinn frekar verið í átt við það sem *Búalög* kveða á um. Þó sá fjöldi sem nefndur er

þar, 12 kýr og 80 ær, hljómi e.t.v. nokkuð hár sé eingöngu horft til húsakosts seljanna. Þó ber að hafa í huga að líklega hefur húsakostinum ekki verið ætlað að hýsa búpeninginn, einungis afurðirnar, aðföngin og mannfólkið. Sé einnig tekið mið af áætluðum aldri einstakra selstaða í Helgafellssveit má fremur ætla að fjölmennara, bæði af fólki og búpeningi, hafi verið í yngri seljunum heldur en í þeim eldri.

Meðal þess sem Lars Reinton setti fram í ritverki sínu um seljabúskapinn í Noregi var að til hafi verið nokkrar mismunandi gerðir selja. Til voru mjólkursel (d. *mælkesætre* n. *mjölkseter*), aðfangasel (eða sláttusel) (d. *høslesætre* n. *slåtterseter*) og alsel (d. *fuldtsætre* n. *fullseter*). Munurinn á þessum seljum felst í þeim athöfnum sem þar fóru fram en einnig var munur á seljum eftir fjarlægð þeirra frá heimabæ. Þannig voru heimasel (n. *heimsetrar*) nálægt bæjunum en farið var til þeirra strax og voraði. Sumarselin (n. *sommarsetrar*) voru upp til fjalla eða í skógi þar sem aðeins var viðvera yfir hásumarið en á milli þeirra voru millisel (n. *mellomsetrar*) (Reinton 1976; sjá einnig umfjöllun í Albína Hulda Pálsdóttir 2008:31). Mjólkurselin voru alla jafna styttra frá bæ en þangað voru bæði ær og kýr reknar og mjólkaðar. Mjólkin var þó ekki unnin frekar í selinu heldur var farið með hana aftur heim á bæ og hún fullunnin þar (Mahler 2008:331). Þetta fyrirkomulag tíðkaðist einkum í Vestur-Noregi þar sem sum sel voru staðsett svo nærri bæjum að hægt var að leggja af stað í selið á eftirmiðdegi, gefa kúnum og ánum, mjólka þær og fara svo með mjólkina heim á bæ morguninn eftir (Magnus 1983:101).

Aðfangaselin voru, eins og nafnið gefur til kynna, nýtt til að safna vissum aðföngum. Þau voru því alla jafna lengra frá bænum og nærri þeim auðlindum sem nýta átti, en hey til vetrarfóðurs og eldiviður var meðal þess sem safnað var. Þriðja gerð selja, alsel, sameinaði hlutverk hinna fyrrnefndu en þangað var kvikfé rekið og mjólkað en ekki var farið heim með afurðirnar heldur var unnið úr þeim í selinu. Þessi sel lágu oftar en ekki í eða nálægt skóglendi (Keller 1983:61). Í alseljunum var aðföngum, eins og eldiviði og vetrarheyi, einnig safnað og auk þess sem stunduð var önnur vinna. Þessi sel voru nálægt því að hafa fasta búsetu á sumrin því þangað fór meginþorri vinnuaflsins á bæjunum (Reinton 1969). Guðrún Sveinbjarnardóttir hefur í nýlegri grein kveðið nokkuð fastar að orði og lagt til að í alseljunum (n. *fullseterbruk*) hafi verið full búseta á sumrin, í mjólkurseljunum (n. *melkeseterbruk*) hafi verið farið með mjólkina fram og til baka á hverjum degi en í aðfangaseljunum (n. *slåtteseterbruk*) hafi eingöngu verið safnað

vetrarfóðri og þar hafi ekki þurft að hafa íveruhús (Guðrún Sveinbjarnardóttir 2008:229).

Þetta fastmótaða fyrirkomulag á norska seljabúskapnum hefur orðið til þess að íslenskir fræðimenn hafa reynt að sjá hvort íslenskur seljabúskapur hafi verið skipulagður með hliðstæðum hætti. Eins og áður kom fram lagði Benedikt Eyþórsson fram þá tilgátu að bæði hafi verið til fjölmennar og fámennar selfarir en einnig að seljabúskapurinn á Íslandi hafi einkennst af alseljum þar sem öll frekari mjólkurvinnsla átti sér stað í seljunum og framleiðslan, þ.e. smjörið, flutt nánast fullunnið heim á bæ (Benedikt Eyþórsson 2008:127-129). Í rannsóknum sínum á seljabúksap á þremur mismunandi svæðum á Íslandi hafnaði þó Guðrún Sveinbjarnardóttir því að seljabúskapurinn á Íslandi hafi verið skipulagður með sama hætti og sá norski og skipst í mjólkur-, aðfanga-, og alsel (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1990:91).

Ekki verður hér gerð tilraun til þess að heimfæra hið norska skipulag upp á selstöður í Helgafellssveit og í reynd má deila um hvort slíkur samanburður sé yfirhöfuð réttlætanlegur þar sem um er að ræða selstöður frá mismunandi tímum. Þó má e.t.v. spyrja með hliðsjón af þerri fjölbreyttu nýtingu sem tíðkaðist í Noregi hvort ekki sé möguleiki á að hið sama hafi verið uppi á teningnum hér líkt og annars staðar að ekki voru öll selin eins. Ditlev Mahler sem rannsakað hefur selstöðuna Argisbrekku í Færeyjum hefur sagt að í selinu hafi, auk skepnuhalds, bæði farið fram vinnsla á afurðum sem fundust í og við selið og á afurðum sem fólk hafði með sér í selið. Dæmi um þann starfa sem Mahler taldi að fólk hafi haft í Argisbrekku var (Mahler 2008:330):

> indsamling af vinterbrændsel, torveskæring, trækulsproduktion og jernudvinding, fiskeri og bearbejdning af uld eller andre materialer til videre forarbejdning. Bortset fra bearbejdning af medbragte halvfærdige produkter, typisk uld, er det kun lokalområdets ressourcer, der sætter grænsen for hvilke sideaktiviteter, der er foregået på stederna.

Einnig má nefna að Argisbrekka er við bakka þriðja stærsta stöðuvatns Færeyja, Eiðisvatns, og í vatninu voru áður fyrr veiðar á urriða. Ljóst er því að umfang starfseminnar í Argisbrekku var mun meira og flóknara heldur en hugmyndir um seljabúskap sem samanstóð fyrst og fremst á mjólkurvinnslu gefa færi á (Mahler 2008:26-27).

Í framhaldi má þá spyrja hvort sami fjölbreytileiki hafi þekkst á Íslandi en hin viðtekna hugmynd um seljabúskap virðist fyrst og fremst snúast um mjóklurvinnslu (sbr. Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir 1989:79). Hugsanlegt er að rekja megi

mismunandi staðsetningar seljanna í Helgafellssveit til þess hvaða aðföng, önnur en beitarhagar, voru í nágrenni þeirra. Aðföng voru einn af þeim hlutum sem athugaður var sérstaklega þegar selstöðurnar í Helgafellssveit voru skráðar. Í fornleifaskrá (kafli 10:4) má sjá hver möguleg aðföng önnur en beitarland hafa verið í hverju seli fyrir sig. Hér má nefna sérstaklega silungsveiði í Selvallavatni, urriða í Hraunsfjarðarvatni, mögulega dún- og eggjatöku nærri sjónum og grös til fjalla auk kolagerðar í skóglendi og rauðablásturs þar sem mýrarauða var að finna.

Eins og komið var stuttlega inn á hér að ofan hefur jafnan vakið furðu ef selstöður finnast þar sem lítið er um rennandi vatn því nánast ómögulegt er að stunda mikla vinnslu á mjólkurafurðum án þess að geta skolað öll þau ílát sem þarf til smjörgerðar. Haft er eftir Sigurlínu Sigtryggsdóttur á Æsustöðum sem var 4 sumur í Hvassafellsseli í Djúpadal, hin tvö síðari sem selráðskona: „Fyrsta verkið í selinu var að sópa það og hreinsa hátt og lágt og þvo og sjóða öll ílát“ (Bragi Sigurjónsson 1953:253).

Hugsanlega mætti því skýra einhvern hluta þeirra selja sem ekki eru staðsett nálægt rennandi vatni með þeim hætti að þar hafi megináherslan ekki verið mjólkurvinnsla heldur eitthvað annað. Þær selstöður sem skráðar voru sumarið 2011 og voru ekki í námunda við rennandi vatni var Oddnýjarsel, Selskarðssel og Helgusel. Aðeins voru skráðar tvær fornleifar við Oddnýjarsel, þó heimildir séu til um að þær hafi verið eitthvað fleiri. Önnur var hin dæmigerða aðalrúst en nokkru fyrir aftan hana var niðurgröftur sem hugsanlega hefur verið notaður til kolagerðar. Þá mætti e.t.v. setja fram þá tilgátu að meginstarfi fólksins í Oddnýjarseli hafi verið kolagjörð, ásamt skepnuhaldi og öðrum mögulegum störfum.

Við nánari athugun má einnig sjá að í fornritunum geta verið ákveðin minni um þennan fjölbreytileika í seljabúskapnum. Í *Hrafnkels sögu Freysgoða* er sagt frá því þegar Einar Þorbjarnarson vill bjóðast til vistar hjá Hrafnkeli sem svarar honum svo: „Þú skalt reka heim fimm tigi ásauðar í seli og viða heim öllum sumarviði“ (*Íslendinga sögur* X:83). Hér gæti sagan verið að greina frá því að auk þess að hafa kvikfé í seli hafi þar verið safnað viði á sumrin eins og nafnið *sumarviður* bendir til. Sumar yngri heimildir um seljabúskap gera einnig ráð fyrir því að fólk hafi haft ýmsan annan starfa í seli en eingöngu þann er laut að skepnuhaldi og mjólkurvinnslu. Séra Guðlaugur Sveinsson prestur í Vatnsfirði taldi m.a. upp þau störf önnur en tengdust skepnuhaldi sem hægt væri að vinna í seli, t.d. heyöflun, grasatekju og kolagjörð (Guðlaugur Sveinsson

1786:198-199). Við fornleifarannsóknir á Pálstóftum hefur enn fremur komið í ljós að auk hefðbundins skepnuhalds mátti af fundaflórunni ráða, bæði beinum og gripum, að fuglaveiði hefur líklega verið stunduð þar sem og járnsmíði og jafnvel skartgripagerð (Batey 2007). Heimildir bæði frá Noregi og Íslandi greina einnig frá því að heyöflun hafi verið viðamikill þáttur í seljabúskapnum og svo virðist vera að a.m.k. í öðru Svelgsárselinu hafi verið stundaður heyskapur, eins og heytóftin sem líklega er tengd annarri kynslóð selstöðunnar ber vitni um. Ljóst er því að margt fleira hefur verið gert í seli en það er eingöngu laut að mjólkurvinnslu. Eins og áður sagði er ekki gerð tilraun til að hólfa þessi sel niður að norskri fyrirmynd heldur má af þessu sjá hversu fjölbreyttur seljabúskapurinn hefur í reynd verið ef hver selstaða og möguleg aðföng eru skoðuð út af fyrir sig en ekki farið eftir fyrirframgefnum hugmyndum um hvernig seljabúskap var háttað. Hugmyndum sem byggðar eru að mestu leyti á seljabúskap eins og hann var stundaður í lok 18. og byrjun 19. aldar.

Að þessu sögðu er einnig ónefndur sá möguleiki að selstaða hafi ekki einungis verið nýtt af þeim bæ sem hana átti heldur er einnig hugsanlegt að selstöður hafi verið leigðar öðrum býlum og þá er ekki hægt að útiloka að einhverjar þeirra hafi verið nýttar af tveimur bæjum samtímis. Hér að framan var einnig reifaður sá möguleiki í sambandi við selstöðu Bjarnarhafnar á Ámýrum að selstaðan og hjáleigan hafi verið eitt og hið sama og nýtt sama beitarland og húsakost. Sem dæmi um annars konar nyt sem hafa mátti af selstöðu vitnar *Jarðabókin*. Um selstöðu Staðarbakka segir að hún sé ekki brúkuð lengur en jafnframt er þar tekið fram: „Jörðin á búð og skipsuppsátur í Höskuldsey á mót selstöðu, sem eyin á í Staðarbakka landi“ (*JÁP* 1931-33:327). Fjallað var stuttlega um hugsanlega selstöðu Höskuldseyjar í landi Staðarbakka hér að framan (sjá bls. 31) en í stað þess að um eiginlega selstöðu hafi verið að ræða er líklegra að Höskuldsey hafi haft einhvern bleðil af landi Staðarbakka fyrir beitarland á sumrin eða haft í seli með Bakkamönnum. Reyndar má segja sem svo að í mörgun tilvikum á Breiðafirði virðast höfundar *Jarðabókarinnar* setja samasem merki á milli selstöðu og beitarlands án þess að gera þann greinarmun á að bæði hús og viðvera fólks hafi verið í selinu en ekki ef einungis beitarland var um að ræða (sjá einnig í umfjöllunum selstöðu Kljár á bls. 34). Hvað sem þessu líður má telja að þeir bændur sem átt hafa selstöður en ekki kosið að nýta þær sjálfir hafi haft tekjur af því að leigja þær öðrum. Dæmi um þess háttar fyrirkomulag er eitt af seljum Reykholtsstaðar en algengara var að Kjararsel væri leigt út á 16. og 17. en að þar væri haft í seli frá Reykholt (Benedikt Eyþórsson

2008:142).

Í blálokin verður stuttlega vikið að hugleiðingum um upphaf seljabúskapar á Íslandi sem leitað hafa á höfunda þessarar skýrslu um nokkuð langan tíma. Í umfjöllun um seljabúskap á Íslandi er til staðar ákveðin þversögn. Svo virðist sem því sé haldið fram að seljabúskapur í landinu hafi verið stundaður allt frá fyrstu tíð en markmið hans hafi á sama tíma einkum verið að hámarka það beitarland sem tiltækt var. Ef elsta selstaða landnámsjarðarinnar Bjarnarhafnar er tekin sem dæmi sést að hér býr sennilega eitthvað annað að baki en brýn nauðsyn til að hámarka það beitarland sem völ var á. Frá Bjarnarhöfn hefur verið farin nokkuð löng leið að seli, eða um 6 km. Selstaðan er staðsett nánast hinum megin við Bjarnarhafnarfjallið miðað við það hvar bærinn stendur. Ef upphaflegi bærinn hefur ekki staðið allt annars staðar virðist því vera um ansi langan veg að fara. Styttra hefði verið að fara, t.d. að Ámýrum, þar sem selstaðan og hjáleigan byggðist upp seinna meir og nóg er af góðum högum, eða einfaldlega rétt fyrir utan túnin, t.d. í grennd við Guðnýjarstaði. Ástæða þess að Seljar urðu fyrir valinu getur vart verið sökum mikilla landþrengsla. Þá verður einnig að teljast ólíklegt að Björn Austræni hafi náð að koma sér upp svo stórum bústofni strax í upphafi að allt tiltækt land umhverfis Bjarnarhafnarfjallið hafi þurft undir peninginn, þótt hann hafi eflaust verið myndarbóndi. Kenningar um landþrengsl og þörfina fyrir að nýta hverja einustu grasspildu eiga að vissu leyti við á seinni skeiðum búsetu í landinu en geta vart komið til greina sem frumforsenda seljabúskapar á Íslandi. Hér hlýtur eitthvað annað og meira að búa að baki.

Benedikt Eyþórsson vakti máls á því í rannsóknum sínum á seljabúskap Reykhyltinga að svo virðist sem umfjöllun um seljabúskap Björns austræna og annarra seljabænda í *Landnámu* sé einkum til að sýna fram á myndugleik þeirra (Benedikt Eyþórsson 2008:124). Það á einnig svo sannarlega við um Helgafellssveit, sem og marga aðra staði seinna meir, að seljabúskapur var einkum stundaður, og hélst undir það seinasta, frá stórbýlum og prestsetrum. Allir þeir bæir í Helgafellssveit sem hafa selstöður í *Jarðabókinni* eru vel stöndugir; meðalbýli eða stórbýli.[4] Helsta ástæða þessa hefur líklegast verið sú að einungis þessi býli gátu leyft sér að senda hluta af heimilisfólkinu í selið yfir sumartímann, slíkum mannaforráðum hafi einfaldlega ekki verið til að dreifa þar sem fáir voru í heimili. Að hafa í seli hefur því verið útgerð sem útheimt hefur töluverðan stofnkostnað til að hægt væri að njóta góðs af henni.

---

[4] Svelgsá 20 hundruð, Helgafell 60 hundruð, Drápuhlíð 40 hundruð, Staðarbakki 30 hundruð, Kóngsbakki 16 hundruð, Berserkjahraun 20 hundruð, Horn 12 hundruð, Hraunsfjörður 12 hundruð, Akureyjar 24 hundruð (*JÁP* 19311933:314-342). Gjarnan er miðað við að stöndugt meðalbýli hafi verið 12 hundruð (Einar Laxness 1995:213).



**Mynd 56.** Myndin sýnir selstöðu Bjarnarhafnar á Seljum en gegnt Hraunsfirði glittir í Berserkseyri í Eyrarsveit en Eyrarsveit og Grundarfjörður verða einmitt viðfangsefni næsta áfanga verkefnisins (Ljósm. SEC).

Því mætti e.t.v. setja fram þá spurningu hvort Björn austræni og aðrir merktarmenn í upphafi Íslandsbyggðar hafi haft í seli, ekki af illri nauðsyn, heldur til að viðhalda þeim búskaparháttum sem þekktir voru frá heimahögunum og einnig til að sýna fram á ákveðið ríkidæmi. Það sem höfundar vilja leggja áherslu á hér er að sú hefð sem fluttist hingað til lands með landnámsmönnunum hafi sennilega skipað mun veigameiri sess en áður hefur verið talið í því að menn hefja hér seljabúskap. Segja má að hið norræna járnaldarsamfélag, líkt og mörg önnur, hafi ekki upplifað tímans rás línulega líkt og við gerum nú á tímum heldur hafi tíminn gengið í ákveðnum og taktföstum hringjum. Trú, siðir og venjur voru allt órjúfanlegur hluti af þessum hringjum og jafnframt má segja að seljabúskapur hafi verið einn af þeim þáttum sem órjúfanlegir voru sumrinu. Í upphafi hefur því seljabúskapurinn einkum verið tákn sæmilegrar velmegunar sem og staður þar sem halda mátti í heiðri þeim hefðum og venjum sem landnemarnir báru með sér, samhliða því að selstöðurnar voru nýttar sem sumarbeitarhagar, mjólkurvinnsla, járn- kola- og heyöflunarstaðir, fisk- og eggjaver o.s.frv.

# 6 Næstu skref

Í næsta áfanga verkefnisins er ráðgert að halda áfram skráningu á meintum selstöðum á norðanverðu Snæfellsnesi og liggur þá beinast við að halda áfram þar sem frá var horfið og skoða og skrá selstöður sem tilheyra Eyrarsveit og Grundarfirði en í tengslum við aðalskipulag fór fram fornleifaskráning á öllum þekktum fornleifum í Grundarfirði og Eyrarsveit árið 2005 (Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir 2005). Vinnist tími til mun því einnig hefjast skráning á selstöðum í Snæfellsbæ. Sömu spurningar verða hafðar að leiðarljósi við skráninguna næsta sumar og nú, þ.e. að leita að hugsanlegum ástæðum fyrir staðarvali einstakra selja m.a. með hliðsjón af aðföngum þar og hvort og þá hvernig selstöðurnar í Eyrarsveit og Grundarfirði eru frábrugðnar þeim í Helgafellssveit. Vinnist tími til verða einnig kannaðir staðir sem höfundar meta ákjósanlega fyrir selstöður miðað við þær sem skráðar hafa verið nú þegar. Í Helgafellssveit er einkum um að ræða svæðið í kringum Kársstaði í Álftafjarðarbotni, meinta selstöðu Grunnasundsness í Gæshólum, sunnan undir Kerlingarfjalli, og mögulega horfna selstöðu Hrauns þar sem nú stendur býlið Hraunháls.

Uppraftarhluti verkefnisins mun að öllum líkindum færast nokkuð í aukana næsta sumar þar sem ráðgert er að grafa prufuholur í a.m.k. tvær af þeim selstöðum sem skráðar voru í Helgafelssveit, selstöðu Bjarnarhafnar á Seljum og selstöðu Staðarbakka í Gautsstaðagróf. Er það mat höfunda að rannsóknir og aldursgreiningar á þessum tveimur selstöðum gætu gefið mun betri mynd af því hvenær seljabúskapur hófst í Helgafellssveit og auk þess hvenær elstu selstöðurnar leggjast af. Þá verður einnig hægt að kveða sterkara að orði um þá gerðfræðilegu þróun í húsagerð seljanna sem sett var fram hér að ofan þar sem lögð var fram sú tilgáta að eldri selin samanstæðu af fremur smáum stökum húsum en seinna hafi komið fram stærri marghólfa hús.

# 7 Heimildaskrá


Albína Hulda Pálsdóttir (2005). *Segðu mér sögu af seli. Fornleifafræðileg úttekt á íslenskum seljum.* Ritgerð til B.A. prófs í fornleifafræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson (1985). *Fornleifaskráning í Stykkishólmi.* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* Reykjavík: Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands

Árni Thorlacius (1861). „Skýringar yfir Örnefni í *Landnámu* og *Eyrbyggju*, að svo miklu leyti, sem við kemur Þórsnes þingi hinu forna". *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju.* II. bindi: 277-289.

Ásgeir Ásgeirsson (1997). *Saga Stykkishólms. Miðstöð Vesturlands 1845-1892.* Stykkishólmur: Stykkishólmsbær.

Batey, C. (2007). „Finds". Í Lucas, G. (ritstj.) *Fornleifauppgröftur á Pálstóftum við Kárahnjúka 2005.* Reykjavík: Fornleifastofnun ses. og Landsvirkjun.

Benedikt Eyþórsson (2008). *Búskapur og rekstur Staðar í Reykholti 1200-1900.* Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Bjarni F. Einarsson (2001). *Fornasel. Prufuholur í seljarústir suður af Straumsvík.* Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson (2011). *Rústir í landi Úlfljótsvatns. Fornleifarannsókn á fornri útstöð hjá Fossá í Grafningi. Fornleifar nr. 65:1-3.* Skýrsla I. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson (2011b). *Hólmur í mynni Laxárdals. Hús 3 a-c og prufuholur.* Skýrsla XI. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson og Jóna Kristín Ámundadóttir (2005). *Fornleifaskrá Grundafjarðar.* Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2008). *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar.* Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag (2010). *Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2009.* Reykjavík: Landsvirkjun og Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag (2011). *Þjótandi við Þjórsá.*

*Fornleifarannsóknir 2010*. Reykjavík: Landsvirkjun og Fornleifafræðistofan.

Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir (1989). „Norska öldin“. Í Sigurður Líndal (ritstj.). *Saga Íslands IV*. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag:61-261.

Bragi Sigurjónsson (1953). „Upp til selja“. *Göngur og réttir*. V. bindi. Eftirsafn frá hausti til hausts. Akureyri: Norðri.

*Búalög* (1915-1933). *Um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap á Íslandi*. Reykjavík: Sögufélag.

*Byggðir Snæfellsness* (1977). Stykkishólmur: Búnaðarsamband Snæfellinga.

Einar Laxness (1995). *Íslandssaga A-Ö*. Reykjavík: Vaka Helgafell.

*Eyrbyggja saga* (1971). Þorsteinn frá Hamri sá um útgáfuna. Reykjavík: Helgafell.

*Ferðabók Eggerts og Bjarna* (1981). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. Steindór Steindórsson íslenskaði. Reykjavík: Örn og Örlygur.

*Grágás* (1992). *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík: Mál og Menning.

Guðbrandur Sigurðsson (1957a). „Séð upp til selja. Fornar selstóftir í Helgafellssveit“. *Breiðfirðingur. Tímarit Breiðfirðingafélagsins* 16:64-76.

Guðbrandur Sigurðsson (1957b). „Eyðibýli í Helgafellssveit“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1955-1956*:44-65.

Guðbrandur Sigurðsson (1961). „Gengið á Seljadal“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1961*:85-87.

Guðlaugur Sveinsson (1786). „Um selstöður og þeirra nytsemi“. *Tímarit Hins íslenzka lærdómslistafélags* 6:196-204.

Guðmundur Ólafsson (1982). *Torfbærinn. Frá eldaskála til burstabæjar. Sýning á Þjóðminjasafni Íslands 1982*.Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson (2006). *Grunnasundsnes í Stykkishólmi. Könnun á Bæjarhól*. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1984 III. Reykjavík: Þjóðminjsafn Íslands.

Guðrún Sveinbjarnardóttir (1991). „Shielings in Iceland. An Archaeological and Historical Survey“. *Acta Archaeologica* 61:73-96.

Guðrún Sveinbjarnardóttir (2008). „Shielings in Iceland revisited: a new project“. Í Paulsen, C. og Michelsen, H.D. (ritstj.). *Símunarbók. Heiðursrit til Símun V. Arge á 60 ára degnum. 5. september 2008*. Þórshöfn: Fróðskapur - Faroe University

Press.

Gunnar Karlsson (2009). *Lífsbjörg Íslendinga frá 10. öld til 16. aldar.* Handbók í íslenskri miðaldasögu III. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hitzler, E. (1979). *Sel. Untersuchungen zur Geschiche des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Oslo: Universitetsforlaget.

Hörður Ágústsson (1987). „Íslenski torfbærinn“. Í Frosti F. Jóhannesson (ritstj.). *Íslensk Þjóðmenning I. Uppruni og umhverfi.*Reykjavík: Þjóðsaga.

*Íslendinga sögur* I (1981). *Landssaga og Landnám.* Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

*Íslendinga sögur* IV (1981). *Breiðfirðinga sögur.* Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

*Íslendinga sögur* X (1981). *Austfirðinga sögur.* Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

*Íslenzkt fornbréfasafn* (1857 – 1876). I. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn* (1893). II. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn* (1896). III. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn* (1900-1904). VI. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn* (1903-1907). VII. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn* (1923-1932). XII. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Jakob Benediktsson (1972). „Sæter“. *Kulturhistorisk Lexikon for Nordisk Middelalder* 17. København: [án útg.].

*JÁP* (1931-1933). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* V. bindi. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslur. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Jónas Jónasson (1945). *Íslenzkir þjóðhættir.* 2. útg. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Reykjavík: Ísafold.

*Jónsbók* (2004). *Lögbók Íslendinga. Hver samþykkt var á Alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578.* Már Jónsson tók saman. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Keller, K. (1983). „Gård og seter på Grønland - et forsøk på å analysere ressurstilgangen ved help av satelettbilder“ Í Guðmundur Ólafsson (ritstj.). *Hus, gård og bebyggelse. Föredrag från det XVI nordiska arkeolmötet, Island 1982* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands59-66.

*Kortabók* (2009-2010). Reykjavík: Mál og Menning.

Lucas, G. (2007). *Fornleifauppgröftur á Pálstóftum við Kárahnjúka* 2005. Reykjavík: Landsvirkjun og Fornleifastofnun Íslands (ses).

Magnus, B. (1983) „Seterdrift i vest-Norge i yngre jernalder? En foreløpig rapport om en undersøkelse“. Í Guðmundur Ólafsson (ritstj.). *Hus, gård og bebyggelse. Föredrag från det XVI nordiska arkeologmötet, Island 1982.* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands:93-104.

Mahler, Ditlev. L. (2008). *Sæteren ved Argisbrekka. Økonomiske forandringer på Færøerne i vikingetid og tidlig middelalder.* Þórshöfn: Fróðskapur.

*Manntal á Íslandi 1801* (1979). Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1845* (1983). Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Matthías Þórðarson (1932). „Bólstaður við Álftafjörð“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1932*:1-28.

Milek, K. (2008). *Vatnsfjörður 2007. Framvinduskýrslur / Interim Report.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (ses).

*Morgunblaðið.* 1. ágúst 2007. Vefheimild: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=115804 (skoðað þ. 19. janúar 2012).

Ólafur Lárusson (1929). „Úr byggðarsögu Íslands“. *Vaka. Tímarit handa Íslendingum* 3:319-369.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2010). *Deiliskráning á Seljabrekkum/Seljadal við Hraunsfjarðarvatn.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands (ses).

Reinton, L. (1955-1961). *Sæterbruket i Noreg.* Osló: Aschehoug.

Reinton, L. (1976). *Til seters. Norsk seterbruk og seterstell.* Oslo: Det norske samlaget.

Sigurður Vigfússon (1882). „Rannsókn í Breiðafjarðardölum og í Þórsnesþingi og um hina nyrðri strönd 1881“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1882*:60-105.

Sveinbjörn Rafnsson (1990). *Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum.* Rit hins íslenska fornleifafélags I. Reykjavík: Hið íslenzka fornleifafélag.

*Sýslu- og sóknarlýsingar* (1970). *Hins íslenzka bókmenntafélags.* Snæfellsnes III. Svavar

Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Snæfellingaútgáfan.

Þorleifur Jóhannesson (1927). „Nokkrar fornleifar í Helgafellssveit og Eyrarsveit“.*Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1927*:31-34.

Þorleifur Jóhannesson (1940). „Fornleifafundir í Helgafellssveit“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1940*:152-154.

Þorvaldur Thorodssen (1919). *Lýsing Íslands* III. bindi. Landbúnaður á Íslandi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Óprentaðar heimildir:

Ásta Hermannsdóttir (2009). *Fornleifar á eyðidal: skráning og kynning á fornum minjum í Seljadal.* Óbirt skýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, munnleg heimild.

Ólafur Eggertsson (2011). *Viðargreiningar á viðarkolasýnum frá Þórsárdalsseli, Helgafellssveit.* Óbirt skýrsla.

*Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn.*

*Örnefnaskrá Bjarnarhafnar.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

*Örnefnaskrá Kóngsbakka.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

*Örnefnaskrá Staðarbakka.* Reykjavík: Örnefnastofnun.

# 8 Dagbók

28. júní 2011
Komum á staðinn upp úr 9 og fengum kaffi hjá Jörundi í Hrísakoti sem skutlaði einnig dóti fyrir okkur inn á uppgraftarstað, á leiðinni voru nokkrar rústir skoðaðar. Rústirnar voru heldur fleiri en við skoðuðum í vetur og leyndust þær undir snjónum. Alls eru rústirnar 9, sumar fleirhólfa, og á tveimur stöðum. S-svæðið upp með ánni inniheldur fjórar rústir en N-svæðið fimm. Á S-svæðinu er fremur blautt undir og rennur lítill lækur á milli rústa 13:6 og 13:7.

Við byrjuðum á því að setja upp hnitakerfi og létum X-hnitin stefna í norður svo möguleiki væri á því að skeyta kerfunum saman seinna. S-kerfið byrjar í X-91; Y200 en það nyrðra í X-181; Y-211. Leiðindarigning mestan part dags.

29. júní 2011
Komum á svæðið og var þungbúið mjög og kalt í veðri. Rigndi þó ekki. Teiknuðum allar rústirnar í mælikvarðanum 1:50 og verður þeim skeytt saman síðar. Ákváðum einnig hvaða rústir verða kannaðar frekar með prufuholum en það verða rústir 13:1, 13:8 og 13:9. Mögulega opnum við eina eða tvær í viðbót eða stækkum hinar ef þurfa þykir. Skráðum einnig allar rústirnar og mældum GPS. Á morgun ætlar Bjarni F. Einarsson og kannski Magnús A. Sigurðsson minjavörður að koma í heimsókn.

30. júní 2011
Komum á svæðið í prýðilegu veðri og hófumst handa við prufuholugröft. Í prufuholu 3 í rúst 13:9 varð ekki vart við nein eiginleg mannvistarlög og staðfestir það túlkun okkar að þessi rúst sé skepnuhús. Í prufuholu 2 í rúst 13:8 var snemma komið niður á hrun úr þaki og voru þakhellurnar bersýnilega sótbrenndar. Ekkert eiginlegt gólflag fannst í rústinni annað en slitrur sem blandaðar voru grófri möl. Nokkur viðarkolasýni fengust þó úr holunni.

Bjarni F. Einarsson kom í heimsókn og einnig Jörundur ábúandi. Á bakaleiðinni voru nokkrir áhugaverðir staðir í landi Hrísakots skoðaðir, m.a. dys Þórólfs, sem er friðlýst. Dysjar sem þessar munu þó ekki vera annað en undirstaða fyrir krossa við alfaraleiðir úr pápískum sið skv. BFE. Afar líkleg skýring.

1. júlí 2011
Prufuholugreftri haldið áfram í kappi við tímann því mjög þungbúið var í allan dag. Kláruðum prufuholu 2 í rúst 13:8 og teiknuðum eina planteikningu af steinum sem líklega tilheyra hruni úr vegg og þaki. Slitrur af mannvistarlagi sáust á milli steina. Alls náðum við í átta viðarkolasýni úr þessari holu. Í prufuholu 1 í rúst 13:1 náðum við í tvö viðarkolasýni. Annað þeirra kom úr viðarkolalagi sem lá undir torfhruni, líklega úr þaki og vegg. Nokkuð var um þakhellur í rústinni og voru sumar þeirra sótbrenndar. Að lokum var fyllt upp í allar holurnar og torfið sett aftur yfir þær.

# 9 Tæknilegar upplýsingar

*Rannsóknarstaður:*
Selstaða í Þórsárdal í landi Hrísakots í Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.

*Kostunaraðili:*
Fornleifasjóður.

*Ábyrgðaraðili:*
Sindri Ellertsson Csillag, Fornleifafræðistofunni.

*Leyfi fornleifaverndar:*
18. maí 2011.

*Rannsóknarnúmer hjá Þjóðminjasafni:*
*Þjms. 2011-24.*

*Starfsmenn:*
Sindri Ellertsson Csillag, fornleifafræðingur MA.
Ásta Hermannsdóttir, fornleifafræðingur BA.

*Forvarlsa:*
Engin.

*Rannsóknartími:*
20. júní - 8. júlí 2011.

*Hnitakerfi:*
Eigið.

*Hæðakerfi:*
Eigið.

*Grafinn flötur:*
3 $m^2$
1,5 $m^3$

*Geymsla gagna:*
Öll gögn verða geymd á Fornleifafræðistofunni þar til annað verður ákveðið.

*Skýrsla hjá:*
Fornleifavernd ríkisins, Háskólabókasafni, bókasafni Þjóðminjasafns Íslands, Amtsbókasafninu Stykkishólmi og Fornleifafræðistofunni.

*Fylgirit:*
Ljósmyndaskrá, fundaskrá, sýnaskrá, fornleifaskrá.

## *10 Skrár*

## *10.1 Ljósmyndaskrá*

## *10.2 Fundaskrá*

### *10.3 Sýnaskrá*

### *10.4 Fornleifaskrá*

## *10 Skrár*

# *10.1 Stafrænar ljósmyndir*

**Mynd nr.** **1** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** N
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:1.



**Mynd nr.** **2** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** NA
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:2-3.



**Mynd nr.** **3** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** NA
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:2-3.



**Mynd nr.** **4** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** SV
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:5.



**Mynd nr.** **5** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** ASA
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:5.



**Mynd nr.** **6** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** SA
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:2.



**Mynd nr.** **7** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** VSV
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:1.



**Mynd nr.** **8** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** VSV
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:1.



**Mynd nr.** **9** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** VSV
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:1.



**Mynd nr.** **10** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** VSV
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:1-3, yfirlitsmynd.



**Mynd nr.** **11** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** ASA
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:6.



**Mynd nr.** **12** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** N
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:7.



**Mynd nr.** **13** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** VSV
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:8.



**Mynd nr.** **14** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** NV
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Rúst 13:9.



**Mynd nr.** **15** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** NNV
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Yfirlit yfir S-svæðið.



**Mynd nr.** **16** | **Dags** 29.6.2011 | **Mót** NNV
**Ljósmyndari** Sindri Ellertsson Csillag
**Myndefni** Yfirlit yfir S-svæðið.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 17 | 29.6.2011 | V |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** “Þvottasteinninn”



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 18 | 30.6.2011 | N |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 1 fyrir rannsókn.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 19 | 30.6.2011 | N |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 2 fyrir rannsókn.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 20 | 30.6.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 3 fyrir rannsókn.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 21 | 30.6.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 3. Slitrur af m-lagi í botni.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 22 | 30.6.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 3. Slitrur af m-lagi í botni. Hrun úr þaki ofan á.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 23 | 1.7.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 3. Efst þaktorf, þá slitrur af m-lagi. Grár leir undir.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 24 | 1.7.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 3. Efst þaktorf, þá slitrur af m-lagi. Grár leir undir.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 25 | 1.7.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 3. Efst þaktorf, þá slitrur af m-lagi. Grár leir undir.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 26 | 1.7.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 3. Efst þaktorf, þá slitrur af m-lagi. Grár leir undir.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 27 | 1.7.2011 | A |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 2. Steinar tilheyra líklega hruni úr þaki. M-lags slettur á milli.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 28 | 1.7.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 2. Steinar tilheyra líklega hruni úr þaki. M-lags slettur á milli.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 29 | 1.7.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 1. Steinar tilheyra líklega hruni úr þaki. M-lags slettur á milli.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 30 | 1.7.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 2. Steinar tilheyra líklega allir hruni.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 31 | 1.7.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 1. Litríku lögin og kolalagið eru líklega náttúruleg.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| 32 | 1.7.2011 | S |

**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag

**Myndefni:** Prufuhola 1. Litríku lögin og kolalagið eru líklega náttúruleg.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| **33** | 1.7.2011 | S |
| | **Ljósmyndari** | |
| **Myndefni** | Sindri Ellertsson Csillag | |

Prufuhola 1. Litríku lögin og kolalagið eru líklega náttúruleg.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| **34** | 1.7.2011 | S |
| | **Ljósmyndari** | |
| **Myndefni** | Sindri Ellertsson Csillag | |

Prufuhola 2. Öryggishola til að kanna hvort eiginlegt gólf væri í rústinni.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| **35** | 1.7.2011 | S |
| | **Ljósmyndari** | |
| **Myndefni** | Sindri Ellertsson Csillag | |

Prufuhola 2. Öryggishola til að kanna hvort eiginlegt gólf væri í rústinni.



| Mynd nr. | Dags | Mót |
|---|---|---|
| **36** | 1.7.2011 | S |
| | **Ljósmyndari** | |
| **Myndefni** | Sindri Ellertsson Csillag | |

Prufuhola 2. Öryggishola til að kanna hvort eiginlegt gólf væri í rústinni.



## 10.2 Fundaskrá

| | Dags | Heiti | Efniviður | Mannvirki | Nr. lags |
|---|---|---|---|---|---|
| **1** | 01.06.2011 | Bláskel | Annað | 13:8 | |

**X**

**Y**

**Z**

**Athugasemdir**

Fannst þegar verið var að fylla í prufuholu 2. Sennilega úr blönduðu lagi af hruni og m-lags slettum.



# *10.3 Sýnaskrá*

| Nr. | Dags | Mannvirki | Teg. sýnis | Greining? | Niðurstaða | X | Y | Z | Dýpi | Lag | Númer lags | G | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 30.6.2011 | Rúst 13:8 | Viðarkol | Tegund | Birki 33 ár og 15 ár eigin aldur | | | | | hrun | | | Prufuhola 2. Við uppmokstur í NA-horni við steinahrúgu. Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. |
| 2 | 1.7.2011 | Rúst 13:8 | Viðarkol | Tegund | Birki/Víðir 5-20 ár eigin aldur | | | | | hrun | | | Prufuhola 2. Í hruni í SV-horni. Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. |
| 3 | 1.7.2011 | Rúst 13:8 | Viðarkol | Tegund og C-14 | Birki 12, 10 og 3-8 ár. C-14 aldur 95% öryggi 1520-1580 eða 1630-1660 | 111,40 | 207,54 | | | hrun | | | Prufuhola 2. Rétt SA við miðju, fast A við sandstein (komin niður fyrir ruslið). Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. Eitt sýni valið og sent í C-14 greiningu til Beta Analytic Inc. í Flórída þ. 9. september 2011. |
| 4 | 1.7.2011 | Rúst 13:8 | Viðarkol | Tegund | Birki/Víðir 5-8 ár eigin aldur | 111,37 | 207,6 | | | gólf? | | | Prufuhola 2. Við steina með eldsummerkjum á eða undir, steini á plani 1. Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. |
| 5 | 1.7.2011 | Rúst 13:8 | Viðarkol | Tegund | Birki/Fjalldrapi 13-35 ár eigin aldur | 111,12 | 207,9 | | 30 | kolaflekkur | | | Prufuhola 2. Kolasalli undir þakhellum í SA-horni prufuholunnar. Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. |
| 6 | 1.7.2011 | Rúst 13:8 | Viðarkol | Tegund | birki 24-48 ár eigin aldur | 111,85 | 207,05 | | 45 | hrun | | | Prufuhola 2. Á milli steina í hruni við S-prófil. Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. |
| 7 | 1.7.2011 | Rúst 13:8 | Viðarkol | Tegund | Birk/Víðir 3-6 ár | | | | 50 | gólf? | | | Prufuhola 2. Úr gólflagi (?) við S-snið í prufuholu 2. Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. |
| 8 | 1.7.2011 | Rúst 13:8 | Viðarkol | Tegund | Birki +10 ár eigin aldur | | | | 50 | gólf? | | | Prufuhola 2. Við S-snið á um 50 sm dýpi. Úr meintu gólfi í prufuholu 2. Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. |
| 9 | 1.7.2011 | Rúst 13:1 | Viðarkol | Tegund og C-14 | Birki, eigin aldur ekki vitaður. C-14 með 95% öryggi 1410-1450 | | | | | kolaflekkur | | | Prufuhola 1. Úr kolaflekki við S-snið prufuholu 1. Gæti mögulega verið úr eldri kynslóð rústarinnar. Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. Eitt sýni valið og sent í C-14 greiningu til Beta Analytic Inc. í Flórída. |
| 10 | 1.7.2011 | Rúst 13:1 | Viðarkol | Tegund | Ekki hægt að greina | 192,66 | 213,26 | 98,17 | | gólf? | | | Prufuhola 1. Úr meintu gólflagi undir stórum steini. Sýni sent í viðargreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar þ. 29. ágúst 2011. |

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 3 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Horn | | Seljadalssel | 1-5 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 06.07.2011 | E312672 N496650 | Isn 93 | 213 | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 5 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | | Horn í | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8 | Hátt | 8 | Slægjur, fiskur, ber, mýrarauði? |

*Lega og staðhættir*

Inni í Seljadal við Hraunsfjarðarvatn en V-endi vatnsins nær inn í dalinn. Selið er N-vert í dalnum sem og innarlega, vestarlega þar sem á fellur úr nokkrum fossum niður dalinn og út í vatnið. Grasivaxið og mýrlent svæði. Svæðið næst vatninu er mjög illa farið af vatnsrofi. Hliðar dalsins eru nokkuð blásnar ofarlega. Tvær ár eru í dalnum og

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg.
Guðbrandur Sigurðsson (1961). „Gengið á Seljadal“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1961*.
Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2010). Deiliskárning á Seljabrekkum/Seljadal við Hraunsfjarðarvatn. Fornleifastofnun Íslands ses.

*Lýsing*

**Selstaða.**
Rústir selstöðunnar eru á tveimur stöðum. Ein rúst er innst, vestarlega, í dalnum en hinar rústirnar, fjórar að tölu, eru í þyrpingu við vatnið í norðanverðum dalnum. Þrjár rústanna eru skaddaðar af vatnsrofi og eru tvær þeirra mjög illa farnar en svo virðist sem í hvoru tilviki hafi um helmingur rústanna sorfinn í burtu.
Nóg af vatni er í nágrenninu sem og beitiland. Fínt undirlendi er í dalnum og enn í dag sækja rollur þangað til beitar. Við rúst 3:2 var tekinn upp járnnagli, handgerður og ryðgaður, sem hefur að öllum líkindum komið úr þeim hluta veggjarins sem vatnið nær til. Naglanum var komið til Fornleifaverndar ríkisins.
Á haustmánuðum 2010 fór fram deiliskráning á minjum í dalnum. Þar voru skráðar alls 7 rústir en tvær þeirra eru að okkar mati náttúrumyndanir.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

GPS-hnitið á við rústaþyrpinguna norðarlega á svæðinu.

**Aðalnr.** 3

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala |
|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Horn | | Seljadalssel | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 06.07.2011 | E312437 N496276 | Isn 93 | 221 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7 | Hátt | 7 | |

**Lega og staðhættir**

V af botni vatnsins í dalnum, A við læk sem rennur úr fossum V-lega í dalnum. Á smávegis upphækkun. Gamall lækjarfarvegur er skammt aftan (V) við tóftina.

**Heimildir og munnmæli**

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2010). Deiliskárning á Seljabrekkum/Seljadal við Hraunsfjarðarvatn. Fornleifastofnun Íslands ses.

**Lýsing**

**Rúst.**

15x6 m (NV-SA). Rústin skiptist í fjögur hólf, a-d, og eru dyr á öllum rýmum til NA. Rými a er suðaustast um 2,4x2 m að innanmáli. Rými b er um 2,4x2 m að innanmáli. Rými c og d gætu verið eitt rými en eru hér skráð sem tvö en hugsanlega eru sameiginlegar dyr út til NA á rýmunum tveimur. Rými c er að innanmáli 1,6x1,2 m og rými d 1,6x0,8 m. Stöku steinar sjást í rústinni en annars er hún algerlega yfirgróin grasi og mosa. Mesta hæð á rústinni af flatlendinu er um 1,3 m en rústin er, að því er virðist, byggð upp á og/eða inn í lítinn hól að SV-verðu.

Teikning/ljósmynd




Ljósmynd



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

**Athugasemdir**

*Aðalnr.* **3**

*Sýsla*: Snæfellsnessýsla | *Sveitarfélag*: Helgafellssveit | *Tákntala*:

*Landareign*: Horn | *Nr*: | *Heiti*: Seljadalssel | *Undirnr.* **2**

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 06.07.2011 | E312672 N496650 | Isn 93 | 213 | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6,5 | Talsvert | 6,5 | |

*Lega og staðhættir*

Vestust rústanna í þyrpingunni við vatnið. Utan um u.þ.b. hálfa rústina SA-verða er mjög vatnsrofið svæði, SA við er Hraunsfjarðarvatn. NV við er brekka

*Heimildir og munnmæli*

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2010). Deiliskárning á Seljabrekkum/Seljadal við Hraunsfjarðarvatn. Fornleifastofnun Íslands ses.
Guðbrandur Sigurðsson (1961). „Gengið á Seljadal“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1961*.

*Lýsing*

**Rúst.**

Suðaustasta rýmið er það sem mögulega gæti verið tvö rými, frá suðaustri væri því hægt að kalla rýmin a1, a2, b og c. Á rýmum a1, b og c virðist vera dyraop mót SV.
Rústin er í heild sinni þó svo ógreinileg og sokkin að í raun gæti verið um slóða eftir kindur að ræða en ekki dyraop þó ólíklegt sé. Rústin er yfirgróin mosa og sinu. Ekkert grjót er greinanlegt í rústinni og er því hægt að draga þá ályktun að hún sé líklegast úr torfi eingöngu.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

Í brekkunni við rústina, mót SV, væri tilvalinn staður fyrir matjurtargað eða e-s konar garð.

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | **6** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | **2** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 21.06.2011 | E314678 N498601 | Isn 93 | 93 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Uppi á sama hól og rúst 6:1, brekka hallar niður frá rústinni til V. Umhverfið er gróið grasi, sinu og mosa. Um 20 m N frá rúst 6:1.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**

19x6 (N-S). Aflöng rúst, skiptist í þrjú rými frá norðri til suðurs í a, b og c. Rými a er um 2,8x1,8 m að stærð að innanmáli. Rými b er um 6x4 m að stærð að innanmáli. Rými c er um 4,4x2,4 m að stærð að innanmáli. Dyraop er á öllum rýmum til V. Rústin er öll sigin og ógreinileg og því erfitt að sjá nákvæmlega smáatriði í henni. Rústin er algerlega yfirgróin mosa, sinu og grasi og sést hvergi í grjót í henni. Því má áætla að mannvirkið hafi verið úr torfi. Veggir eru mest um 1,6 m á breidd og um 0,7 m á hæð þar sem hæðin er mest en víða eru þeir vart greinanlegir. Í SA-horni rýmis b er smávægis upphækkun, rúml, 1x1 m að stærð. Óljóst er hvaða tilgangi hún hefur gegnt.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | 3 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag | 21.06.2011 | E314675 N498584 | Isn 93 | 93 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Sæmilegt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 5 | Talsvert | 5 | |

*Lega og staðhættir*

Ógreinilegur lítill bolli sem líklegast tilheyrir rústaþyrpingu 6:1-2. 8 m SV við rúst 6:1 í grasi gróinni brekku.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**

2x2 m (NA-SV). Dyr hafa sennilega verið á SV-hlið. Hugsanlega mætti betur lýsa mannvirki þessu sem niðurgreftri fremur en rúst. Bollinn er 0,5-0,8 m neðar en umhverfið í kring. Veggjarbreidd ca. 0,6 m. Veggir vel sokknir og grasi grónir. Rústin sker sig lítið úr umhverfinu hvað gróður snertir.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

**Aðalnr.** 6

**Sýsla:** Snæfellsnessýsla
**Sveitarfélag:** Helgafellssveit
**Tákntala:**

**Landareign:** Selvellir
**Nr:**
**Heiti:** Hornssel á Selvöllum
**Undirnr.** 4

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir | 21.06.2011 | E314641 N498547 | Isn 93 | 92 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Lítil | Sæmilegt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

**Lega og staðhættir**

Rústin stendur fast við brattan lækjarbakka, stutt NNV af bæjarhól Selvalla.

**Heimildir og munnmæli**

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

**Lýsing**

**Rúst.**
7x4 (NV-SA). Rústin er nokkuð aflöng og 4x2,5 m að innanmáli. Mesta veggjabreidd er um 1,5 m og mesta hæð veggja er rétt rúmlega 1 m að utanverðu að NV-verðu. Veggir rústarinnar eru nokkuð greinilegir nema að NA-verðu en þar virðist ekki móta fyrir veggjum. Þó er ólíklegt annað en að þar hafi verið veggur á rústinni. Hvergi sést glitta í grjót í rústinni og er hún því líklega hlaðin úr torfi. Rústin er þó svo yfirgróin mosa og grasi og sigin að nákvæmar útlínur hennar eru ógreinilegar. Veggir eru mikið mosavaxnir en innan í rústinni er grófara gras og því smáþýft.

Teikning/ljósmynd




Ljósmynd



**Ljósmyndari:** Ásta Hermannsdóttir
**Filma nr./teg. myndar:** Fuji Finepix S9600

**Athugasemdir**

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | 5 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag | 21.06.2011 | E314625 N498567 | Isn 93 | 89 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Sæmilegt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 5 | Talsvert | 5 | |

*Lega og staðhættir*

Í grasi gróinni brekku niður af bæjarstæði Selvalla um 50 m NV við bæjarstæðið og um 40 m NV við rúst 6:1.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**

5x4 m (NA-SV). Úr torfi eingöngu, ekkert dyraop sýnilegt. Algerlega fallin og samangróin en hæð veggja á að giska 0,2-0,5 m. Vel vaxin mosa og grasi, lítið af sinu á rústinni sjálfri en eitthvað fyrir utan hana.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



*Ljósmyndari*: Sindri Ellertsson Csillag

*Filma nr./teg. myndar*: Fuji Finepix S9600

*Athugasemdir*

**Aðalnr.** 6

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala |
|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | 6 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag | 21.06.2011 | E314621 N498556 | Isn 93 | 87 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 5 | Talsvert | 5 | |

*Lega og staðhættir*

Á bröttum árbakka í túni Selvalla. 10 m SSV rústar 6:5 og 25 m NV við 6:4. Í einhverri hættu vegna rofs í bakkanum sem þó er nokkuð vel gróinn.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**

6x4 m (VNV-ASA). Skiptist í tvö rými, a og b sem hvert um sig er um 2x1 m að stærð. VNV-hluti rústarinnar er þó allur mun greinilegri. Dyraop er á þeim báðum til NNV. Breidd veggja er víðast hvar um 1 m og hæð þeirra er á bilinu 0,1-0,6 m. Veggir eru vel sokknir og vaxnir mosa og sinu að innanverðu og að utan. Rústin tilheyrir líklega seinni kynslóð selstöðunnar.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | 7 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Ásta Hermannsdóttir | 21.06.2011 | E314608 N498558 | Isn 93 | 86 | 3 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Lítil | Sæmilegt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Um 9 m VNV af rúst 6:6 og fast við brattan lækjarbakka.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**
5x3,5 (NA-SV). Rústin er nokkuð ógreinileg og sigin en virðist vera að innanmáli 2x2 m. Það mál er þó án efa mjög ónákvæmt fyrir upprunalega mannvirkið enda er rústin mjög jafnhá að innan og erfitt að greina skil veggja og rýmis. Rústin er mjög gróin mosa og grasi/sinu og fellur inn í umhverfið sem hefur eins gróður. Op virðist geta verið á NV-langvegg norðarlega en það er þó mjög óljóst. Í rústinni er ekki hægt að greina neitt grjót og líklega hefur rústin verið úr torfi. Hæð veggja er mest um 0,5 m en yfirleitt mun lægri.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Ásta Hermannsdóttir |
| *Filma nr./teg. myndar* | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | 8 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag | 21.06.2011 | E314598 N498569 | Isn 93 | - | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Lítil | Sæmilegt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |

*Lega og staðhættir*

Rústin liggur á grasi gróinni brekku fyrir ofan bæjarlæk Selvalla 10 m NA við lækinn, um 25 m NV við rúst 6:7 en stendur ekki eins nærri brún brekkunnar og rústir 6:5-7.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**
5x3 (NV-SA). Mjög ógreinileg en þó myndar hún sporöskjulaga form. Ekkert op eða vottur að rýmisskipan sést þó. Veggir eru afar sokknir, hæðin er á bilinu 0,1-0,2 m og breiddin á bilinu 0,6-1 m. Rústin er mjög vel vaxin mosa og grasi og sinu, innan sem utan.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



*Ljósmyndari* Sindri Ellertsson Csillag

*Filma nr./teg. myndar* Fuji Finepix S9600

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | 9 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag | 21.06.2011 | E314578 N498591 | Isn 93 | 92 | 6 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst? | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Lélegt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 5 | Talsvert | 5 | |

*Lega og staðhættir*

Í túni Selvalla um 50 m VNV við rúst 6:7 og 100 m V við rústir 6:1. 30 m NA við árbakka í aflíðandi grasi og mosavaxinni brekku.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst?**

5x4 (NV-SA). Skiptist líklega í tvö rými, a og b. Dyr eru hugsanlega á N-horni en annars ógreinilegar. Rými a er töluvert niðurgrafið og 1 m fyrir neðan veggi. Veggjahæð á bilinu 0,2-0,4 m og breidd þeirra er á bilinu 0,3-0,5m en annars er erfitt að segja til um breidd þeirra. Rústin er vaxin grasi og sinu; veggir mjög sokknir og ógreinilegir.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | 10 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 21.06.2011 | E314561 N498639 | Isn 93 | 74 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Aðhald | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 5 | Talsvert | 5 | |

*Lega og staðhættir*

Um 140 m NNV af bæjarstæði Selvalla, vestan við hólinn sem rústir 6:11 og 6:12 standa á.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**
7,6x6 m (NNA-SSV). Rústin er gerð úr torfi og grjóti og eru veggir hennar um 1-1,4 m á breidd og um 1,3 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Veggir eru nokkuð stæðilegir nema að SA-verðu þar sem veggurinn virðist hafa hrunið inn á við á kafla. Ekkert grjót er sýnilegt í veggjum rústarinnar þó líkur megi að því leiða að grjót hafi verið í veggjum. Veggirnir eru vaxnir mosa og sinu/grasi auk þess sem ljónslappi og blóðberg sjást á henni á stangli. Innan í rústinni er grófara gras en fyrir utan hana og smá mosi. Líklega hefur verið op til NV í V-horni rústarinnar. Líklega er um einhverskonar aðhald að ræða en hugsanlega hefur þessi rúst einnig tilheyrt eldri selstöðunni.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

Rof virðist hafa myndast hér og hvar í rústinni í gegnum tíðina en hefur gróið upp að nýju.

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 6 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | 11 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 21.06.2011 | E314590 N498661 | Isn 93 | 89 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íverhús | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Um 140 m NNV af bæjarhól Selvalla og um 40 m SSV af rúst 6:12. Á hólbrún, en neðan við hana er aðhald 6:10. Rústin er V-við leiðina heim að bæjarstæðinu, um 20 m frá henni.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja". *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**

16x5,5 (N-S). Rústin er aflöng og skiptist í tvö rými, a og b. Rými a er mun stærra eða um 12x2,4 m að innanmáli. Á því hafa að öllum líkindum verið dyr til austurs á A-langveggnum. Þar er langveggurinn allur þó mjög ógreinilegur og er mögulegt að tekið hafi verið grjót úr honum þegar Selvallabærinn var byggður eður eitthvert útihúsa hans. Rými b er um 3,8x2 m að innanmáli og snýr í NNA-SSV og er því lítið eitt á skjön við rými a. Dyr hafa verið á rýminu til N. Það er eilítið dýpra heldur en rými a og hefur líklega verið niðurgrafið að einhverju eða miklu leyti. Rými a er þá svo stórt að ólíklegt verður að teljast annað en að það hafi haft einhverskonar skilrúm en þess ber þó engin merki nú. Grjót er í veggjum rústarinnar og hefur byggingarefni hennar líklegast verið torf og grjót. Veggjahæð er mest um 1 m í rými b að innanverðu en annars staðar er hæðin yfirleitt lægri og stundum vart greinanleg.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Sindri Ellertsson Csillag |
| *Filma nr./teg. myndar* | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

**Aðalnr.** 6

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala |
|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Selvellir | | Hornssel á Selvöllum | 12 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 21.06.2011 | E314581 N498709 | Isn 93 | 80 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 5 | Talsvert | 5 | |

*Lega og staðhættir*

Um 3 m frá hólbrún á sama hól og rúst 11, um 40 m N af henni um 200 m N af bæjarhól Selvalla.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja". *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**

8x7 m (N-S). Dyraop er á rústinni norðarlega á V-langvegg til NV. Rústin er nokkuð há, um 0,5-1m allan hringinn en ógreinilegri að innanverðu. Hún er vaxin mosa að mestu leyti en líka grasi/sinu, sérstaklega að innanverðu. Eitt lítið hólf virðist vera greinanlegt í rústinni en líklegast er að hún sé eins óskýr að innan og raun ber vitni vegna þess að þakið hefur hrunið inn í hana. Lítið er greinilegt af grjóti í rústinni en hún er þó að öllum líkindum reist úr torfi og grjóti.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 7 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Saurar | | Oddnýjarsel | 1-2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 22.06.2011 | E324387 N505303 | Isn 93 | 33 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | | Drápuhlíð | Nei | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8 | Hátt | 8 | viður til kolagjörðar |

*Lega og staðhættir*

Selstaðan liggur í brekku vestan í suðurenda Þorleifsholts. Aðalrústin er á litlum grasbala. Neðan (NV) við hana er smá mói í brekkunni og síðan tekur við mýri en ofan (SA) við hana er lyngi og kjarri gróin brekka upp að klettasnös. Enginn lækur rennur í nágrenninu en nokkur spotta NA af er Sauravatn. NNV af því er holt í mýrinni.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Selstaða.**

Einungis fannst ein rúst, 7:1, auk meintrar kolagrafar en skógur er sagður hafa verið N í brekkum Seljafells sem blasir við spölkorn SV frá Selinu. Beitilönd selsins gætu hafa náð út í mýrina framan við og jafnvel upp í Vatnsdal við Drápuhlíðarfjall.

Töluverð leit var gerð að fleiri rústum en ekkert fannst og eru aðrar rústir á svæðinu, ef einhverjar eru/voru, að öllum líkindum horfnar í kjarr eða í mýrina. Skammt frá selstöðunni hefur byggst upp sumarbústaðabyggð. Selstöðunni stafar ekki ógn af umræddri byggð nema að hún taki að stækka og breiða úr sér.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 7 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Saurar | | Oddnýjarsel | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 22.06.2011 | E324387 N505303 | Isn 93 | 33 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íverhús/geymslur | Seljabúskapur | 2 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingar | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7 | Hátt | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Utan í Þorleifsstaðaholti vestanverðu á grasbletti. Umhverfið er gróið lyngi og lágu kjarri. Um 50 m N af malarvegi.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**

19x7 m (NA-SV). Úr torfi og grjóti og skiptist í þrjú aðalrými, a-c, sem liggja í einni samfelldri lengju en auk þeirra gengur eitt lítið rými út úr miðjurýminu og er það rými d. Rými a er norðaustast og um 4x2 m að innanmáli. Dyr eru á því til N og aðrar á S-horni þess sem liggja inn í rými b og d. Rými b er í miðjunni um 5,4x2,4 m að stærð að innanmáli og eru tvær dyr á því rými. Aðrar á NV-langveggnum en hinar í V-horninu sem liggja inn í rými a og d. Rými c er suðvestast í lengjunni og er það um 4,4x2,4 m að innanmáli. Dyr eru á rýminu á NV-horninu inn í rými b. Rými d stendur fyrir aftan rými b og er mun minna að stærð en hin rýmin eða aðeins um 1x1 m. Dyr eru á rýminu í N-horni inn í rými b og a. Rústin er vel gróin mosa og sinu en þó sést í nokkra steina, sérstaklega í NV-vegg rýmis c. Veggir rústarinnar eru mest um 1,4 m á breidd og um 0,7 m háir, oft þó mun lægri.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | **7** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Saurar | | Oddnýjarsel | **2** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 22.06.2011 | E324422 N505273 | Isn 93 | 37 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Niðurgröftur | Kolagröf? | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | |

*Lega og staðhættir*

Um 45 m SA við seljarústir 7:1 undir klettasnös. 50 m N af vegi.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Kolagröf?**

2x1,5 m (VNV-ASA). Niðurgröftur 1 m á dýpt. Holan er vel vaxin sinu, grasi og mosa í botni en mosa og lyngi á brúnum. Engar hleðslur eru sýnilegar.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 8 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Drápuhlíð | | Drápuhlíðarsel | 1-n |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 22.06.2011 | E323753 N504694 | Isn 93 | 41 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 0 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Lélegt | 1550-1900 | | Drápuhlíð | Nei | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Ekkert | 0 | |

*Lega og staðhættir*

Hvammur, sléttur grasbakki við Selá þar sem hún kemur niður úr þrengingunum, um 40 m S við malarveg. Umhverfið er gróið lyngi og mikil trjárækt, birki og barrtré, er á svæðinu.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Selstaða.**

Flötin er slétt og grasi gróin en engin rúst er greinileg en stöku steinar stingast upp úr grassverðinum hér og þar. Seláin er vatnsmikil en eitthvað efni í vatninu litar steinana hvíta. Vitað er að rústir selstöðunnar röskuðust mjög mikið við vegaframkvæmdir á 6. áratug 20. aldar og sáust vart eftir það. Staðurinn sem lýsingin hér á við um er sá staður sem passar best við lýsingu Guðbrandar frá Svelgsá og sá staður sem einna helst mætti ætla að hafi verið hentugur fyrir sel. Aðrar rústir, s.s. kvíar, aðhald o.þ.h. gætu annaðhvort hafa skemmst við sömu framkvæmdir eða við trjájækt sem er umtalsverð á svæðinu.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



*Ljósmyndari*: Sindri Ellertsson Csillag

*Filma nr./teg. myndar*: Fuji Finepix S9600

*Athugasemdir*

Staðsetningin er ágiskun út frá lýsingum Guðbrands frá Svelgsá, en miðað við hana kemur vart annar staður til greina.

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 9 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Arnarstaðir | | Selskarðssel | 1-2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 22.06.2011 | E323052 N507731 | Isn 93 | 28 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 2 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Jarðlagnir | Lítil | Sæmilegt | -1550 | | Arnarstaðir / | Nei | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8 | Hátt | 8 | Engin sérstök fyrir utan beitilandið |

*Lega og staðhættir*

Í Selskarði á milli tveggja ása um 150 m SSV af spennustöð. Selstaðan er í smá halla utan í eystri ásnum. Umhverfið er þýft og mólent í skarðinu en lyngivaxið þegar dregur upp á ásana. N-við selstöðuna er mýri með smá tjörnum í.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Selstaða.**

Selstaðan er allgróin grasi og mosa og sker sig ekkert úr umhverfinu. Landið er þýft og því er á stöðum vart greinanlegt hvað eru þúfur og hvað eru veggir. Fleiri rústir eru þær sem skráðar voru gætu verið á svæðinu, faldar í þúfum og lyngi, og er ekki ólíklegt að svo sé. Rafmagn var leitt í jarðstreng rétt við N-hluta svæðisins og gæti það hafa raskað minjunum. Selið er í nokkru skjóli og hafa því vindstrengir ekki náð að rjúfa jarðveginn í því eða við það. Enginn lækur rennur við selið. Rúst 10:1 sem telst vera beitarhús gæti verið dæmi um hvernig það land sem selstöðunni tilheyrir var nýtt á seinni tímum.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | **9** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Arnarstaðir | | Selskarðssel | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 22.06.2011 | E323052 N507731 | Isn 93 | 28 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íveruhús? | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Jarðlagnir | Lítil | Sæmilegt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Í brekku mót NV á milli tveggja ása, umhverfið er mólent, gróið sinu, mosa og lyngi. Brekkan er aflíðandi.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**
12,8x6,8 m (A-V). Rústin skiptist að öllum líkindum í fjögur rými, a-d og eru dyr á vestur gafli rústarinnar. Innangengt er á milli þriggja þeirra, a-c, og eru þau öll um 2x1 m að stærð. Austasta rýmið, d, er um 1,8x0,8 m að innanmáli en ekki eru sýnilegar dyr á því rými þó svo þær gætu hafa verið til norðurs en einnig er ekki loku fyrir það skotið að innangengt hafi verið á milli rýma b og d.
Rústin er öll hin ógreinilegasta og veldur þýfi í kringum hana því að erfitt getur reynst að skera úr á milli þúfna og veggja. Rústin er alveg yfirgróin grasi og mosa og er sami gróður á veggjum og innan í rústinni. Ekkert grjót er greinanlegt í veggjum en ekki er þó hægt að útiloka að það leynist undir sverði. Veggir eru mest um 2 m breiðir og 1,2 m háir í rými b, að innanverðu.
Dyrnar vestast í rými a gætu verið til komnar af raski þegar rafmagn var leitt í jarðstreng rétt NV við rústina. Þó verður það að teljast ólíklegra að svo sé.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 9 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Arnarstaðir | | Selskarðssel | 2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 22.06.2011 | E323060 N507718 | Isn 93 | 27 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Sæmilegt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Rústin liggur á nokkuð sléttum fleti en N af henni hallar landið eilítið en þar við, um 2 m frá, er rúst 1.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.

*Lýsing*

**Rúst.**

11,5x6 m (N-S). Rústin er tvískipt og skiptist í tvö rými, a og b. Syðra rýmið, a, er um 5x3,2 m að innanmáli en það nyrðra, b, er um 3x1 m að innanmáli. Svo virðist sem innangengt hafi verið á milli rýmanna tveggja. Að austanverðu er rústin byggð fast utan í náttúrulega brekku en veggir eru mest um 1,2 m breiðir og um 1 m á hæð sé miðað við hæð veggja að innanverðu. Rústin er öll mjög gróin grasi og mosa og fellur inn í umhverfið. Þýfi gerir það að verkum að erfitt er að greina veggi frá þúfum. Op virðist vera á milli rýmanna út til NV. Eina grjótið sem er greinilegt í rústinni er stór jarðfastur hnullungur, því er ekki ljóst hvort byggingarefni hafi verið torf eingöngu eða blanda af torfi og grjóti.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 10 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Arnarstaðir | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 22.06.2011 | E322793 N507279 | Isn 93 | 13 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Beitarhús | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | Arnarstöðum | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 5 | Talsvert | 5 | |

*Lega og staðhættir*

Staðsett undir hamrabergi ca 100 m NV frá spennustöð.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
11x9 m (NV-SA). Rústin skiptist í þrjú rými, a-c þó ekki séu bein skil á milli rými b og c. Dyr eru í kverkinni á rými b sem liggja út en innangengt er á milli rýma a og b annars vegar og á milli rýma b og c hins vegar. Rými a er stærst rýmanna og er 5,5x4 m að innanmáli. Rými b og c eru langir gangar sem hvor um sig eru um 6x1 m að stærð. Veggir rústarinnar eru á bilinu 0,7 - 1,0 m á breidd og um 0,3-0,5 m á hæð. Veggirnir eru flestir vel greinilegir að innan sem utan ef frá er talin SV-útveggurinn sem er ógreinilegur. Veggirnir eru vel sokknir og líklega úr torfi og grjóti og grónir mosa og grasi. Rústin er sennilega ekki hluti af selstöðu 9:1 en rústin gæti verið dæmi um hvernig landið þar sem selstaðan stóð áður var nýtt í seinni tíð.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Ásta Hermannsdóttir |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | **11** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Seljar | | Bjarnarhafnarsel hið fyrsta | **1-3** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 24.06.2011 | E310130 N502538 | Isn 93 | 45 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 3 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skriðuföll | Lítil | Ágætt | -1550 | -1360 | Bjarnarhöfn | Já | Seljar |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8,5 | Hátt | 8,5 | Slægjur, Fiskur, Fjallagrös |

*Lega og staðhættir*

Selið kúrir í grasvhilft á milli tveggja holta. Hvilftin er breiðust fremst en minnkar inn á við, til NV. Selið er framarlega í hvilftinni og er gróið sama gróðri og hvilftin. A-við eystri hólinn er lækur sem þornar einungis í mestum þurrkum. Vestan og norðan við selstöðuna má bersýnilega sjá að aurskriður hafa fallið á svæðinu.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.
*Örnefnaskrá Selja*. Reykjavík: Örnefnastofnun.
*Íslenzkt fornbréfasafn* II (bls. 82).

*Lýsing*

**Selstaða.**
Rústir 1 og 2 liggja þvert á hvilftina í dálítilli brekku en rúst 3 liggur ofar í brekkunni, þ.e. innar í hvilftinni. Rústirnar eru mjög fornlegar og form rústanna sker sig úr öðrum rústum sem skráð hafa verið.
Ekki er loku fyrir það skotið að fleiri rústir og jafnvel fleiri hugsanlegar kynslóðir selja séu á svæðinu en líklega liggja þær þá undir mun yngri minjum eða hafa verið sléttaðar niður í tún en heimildir eru um býli á Seljum frá árinu 1360 en það lagðist ekki af fyrr en um miðja 20. öldina.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | **11** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Seljar | | Bjarnarhafnarsel hið fyrsta | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 24.06.2011 | E310130 N502538 | Isn 93 | 45 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Íveru/vinnslu hús | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skriðuföll | Lítil | Ágætt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | |

*Lega og staðhættir*

Í lítilli grasi gróinni hvilft á milli tveggja hóla N af NA-horni túns Selja. A-við eystri hólinn er lækur í smá halla.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.
*Örnefnaskrá Selja*. Reykjavík: Örnefnastofnun.
*Íslenzkt fornbréfasafn* II (bls. 82).

*Lýsing*

**Rúst.**
12,4x8 (A-V). Rústin er aflöng og snýr í A-V nema hvað A-endi hennar snýr á skjön við V-endann og snýr í N-S. Við fyrstu sýn virðist rústin ekki vera ein heild heldur tvær rústir, en þegar betur er að gáð er líklegra að hún hafi verið samhangandi lengja með fjórum rýmum.
Austasta rýmið, það sem skakkt er á, er rými a og er það um 7x1,2 m að innanmáli. Næsta rými vestan við það er rými b, er það nokkuð minna eða um 2,4x1 m að innanmáli en virðast þessi tvö rými geta hafa verið kvíar. Næsta rými V við b er rými c, um 3x2 m að innanmáli en það virðist ekki hafa vegg að sunnanverðu og gæti það hafa verið þess eðlis að tjaldað hafi verið yfir það. Mögulega hefur það verið eitthvað grafið inn í brekkuna. Vestasta rýmið er um 2x1 m að innanmáli og virðist hafa op til S. Þetta rými stendur hæst allra rýmanna. Rústin er mjög vel gróin grasi, mosa og ljónslappa og fellur algerlega inn í landslagið. Ekkert grjót er sjáanlegt í eða fast við rústina. Veggjabreidd er mest um 1,4 m og veggjahæð mest um 1 m, en yfirleitt lægri.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 11 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Seljar | | Bjarnarhafnarsel hið fyrsta | 2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 24.06.2011 | E310123 N502542 | Isn 93 | 45 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Gerði | Aðhald | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skriðuföll | Lítil | Ágætt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

*Lega og staðhættir*

Beint V við rúst 11:1 á sléttum grasbala.

*Heimildir og munnmæli*

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.
*Örnefnaskrá Selja*. Reykjavík: Örnefnastofnun.
*Íslenzkt fornbréfasafn* II (bls. 82).

*Lýsing*

**Gerði.**

8x6 (N-S). Meint gerði vestan við rými d í rúst 1. Gerðið byrjar um 2 m frá rústinni og afmarkar svæði sem er um 4x4 m að innanmáli. N-hluti hins meinta gerðis afmarkast af lítilli þúst, um 2x2 m að utanmáli, sem gæti tilheyrt hinu meinta garðlagi eða geymt rúst. Veggir gerðisins eru um 1 m á breidd og en hæð veggja er um 0,2 - 0,3 m á hæð. Samskonar gróður er á veggjum og á rústum 11:1 og 11:3, gras, ljónslappi og smá mosi.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

**Aðalnr.** 11

**Sýsla:** Snæfellsnessýsla
**Sveitarfélag:** Helgafellssveit
**Tákntala:**

**Landareign:** Seljar
**Nr:**
**Heiti:** Bjarnarhafnarsel hið fyrsta
**Undirnr.** 3

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 24.06.2011 | E310135 N502549 | Isn 93 | 48 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Gerði | Aðhald? | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skriðuföll | Lítil | Ágætt | -1550 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | |

**Lega og staðhættir**

Í grasi gróinni hvilft um 6 m N af rúst 11:1, ofar í brekkunni.

**Heimildir og munnmæli**

Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja“. *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.
*Örnefnaskrá Selja*. Reykjavík: Örnefnastofnun.
*Íslenzkt fornbréfasafn* II (bls. 82).

**Lýsing**

**Gerði.**
7,6x6 (A-V). Rústin er nánast skeifulaga og opin til S. Skeifan afmarkar svæði sem er um 3x3 m að stærð. Veggir gerðisins eru um 1,5 m á breidd og um 1 m háir innst inni í rústinni þar sem þeir eru hæstir en eru þó yfirleitt lægri. Gerðið er gróið grasi, mosa og ljónslappa líkt og aðrar rústir á svæðinu. Hún stendur í nokkurri brekku og er bæði ofan og neðan hennar. Ekkert grjót sést í eða við rústina. A-veggur rústarinnar nær lengra til S en sá vestari.

Teikning/ljósmynd




Ljósmynd



**Ljósmyndari:** Sindri Ellertsson Csillag
**Filma nr./teg. myndar:** Fuji Finepix S9600

**Athugasemdir**

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
|---|---|---|---|
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 12 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Borgarland | | Helgusel | 1-4 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 24.06.2011 | E324457 N511386 | Isn 93 | 34 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Selstaða | | Seljabúskapur | 4 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | Einhverri eyju? | Já | Dældarkot, seinna Borgarland |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7,5 | Hátt | 7,5 | Ber, Æðavarp? |

*Lega og staðhættir*

Skammt V landamerkja Þingvalla og Borgarlands. Um 100 m N slóða og spölkorn S gamals vegar/leiðar að Þingvöllum. Í skarði á milli tveggja ása. Skarðið sjálft er grasi gróið en þegar nær ásunum og upp á þá dregur er landið lyngi vaxið. Skarðið er þýft en ásarnir eru nokkuð grýttir, þó ágætlega grónir.

*Heimildir og munnmæli*


Guðbrandur Sigurðsson (1957). „Séð upp til selja". *Breiðfirðingur*. Tímarit Breiðfirðingafélagsins. 15 árg. Reykjavík: Breiðfirðingafélagið.
*JÁP* V (1931-1933). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.


*Lýsing*

**Selstaða.**

Rústirnar eru allar vel grónar en rúst 4 sker sig úr hvað varðar gróður enda nær eingöngu lyngi vaxin. Enginn lækur er í næsta nágrenni en smá sprænuómynd rennur spöl neðar við gamla veginn/leiðina. Litlir beitihagar virðast vera í nánd við selið, nema þá helst til S. Stutt er til sjávar (í Mjóafirði) og því gæti tilgátan að eyjabændur hafi átt hér sel átt rétt á sér. Það sem einkum mælir þar í mót er þó að ekki er auðvelt að lenda bátum við selstöðuna nema á hæstu flóðum. Landið sem selið stendur á tilheyrir nú Borgarlandi sem ber nafnið Dældarkot í jarðabókinni. Dældarkot var þá hjáleiga frá Helgafelli. Ólíklegt má telja að selið hafi tilheyrt Dældarkoti. Líklegra er að selið hafi tilheyrt Þingvöllum sem einnig var hjáleiga frá Helgafelli. Þriðji möguleikinn er að Helgafell sjálft hafi haft hér í seli en örnefnið Helgusel gæti mögulega verið vísbending þar um. Eyja er skammt út af landi rétt neðan við selið.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Sindri Ellertsson Csillag |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Fuji Finepix S9600 |

*Athugasemdir*

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Aðalnr. |
| --- | --- | --- | --- |
| Snæfellsnessýsla | Helgafellssveit | | 12 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
| --- | --- | --- | --- |
| Borgarland | | Helgusel | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Sindri Ellertsson Csillag / Ásta Hermannsdóttir | 24.06.2011 | E324457 N511386 | Isn 93 | 34 | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
| --- | --- | --- | --- |
| Rúst | | Seljabúskapur | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Frá hvaða bæ? | Yngra bæjarstæði? | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Aðföng |
